

# TÖLVUPÓSTUM HRÓLFS EYTT

■ Mikilvæg rannsóknargögn í Braggamálinu



# MORÐ Í HÆÐARGARÐI

■ Blóði drifin íbúðin leigð út

TÍMAVÉLIN

23. NÓVEMBER 2018 / 45. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV



# RÍKU KRAKKARNIR Í SKUGGAHVERFINU



*Viðtal*

# Eyþór Ingi

# SVEIK SJÁLFAN SIG MEÐ EUROVISION

■ Átti ímyndaðan vin og lék sér mest við stelpur ■ Vill gera öllum til geðs



# JÓLAMÁLTÍÐ Í UPPNÁMI

■ Ógleymanlegar uppákomur við hátíðarkvöldverðinn



## Sonur Hörpu Hildiberg er sprautufíkill

■ Þráir að ná sér á strik
■ Er smám saman að hverfa
■ Handrukkarar mættu með öxi



## Hátíðar-harmsögur

■ Logi laug að mömmu
■ Örn Árnason í gifsi











## Síðustu orðin

*„Kveikið ljósin, ég vil ekki fara heim í myrkri.“*

– Rithöfundurinn O. Henry (William Sidney Porter) (1862–1910).

## Á þessum degi, 23. nóvember



**1499 –** Sýndarmennið Perkin Warbeck er hengt fyrir tilraun til flótta úr Tower of London. Warbeck hafði ráðist inn í England 1497 og gert kröfu til krúnunnar undir þeim formerkjum að hann væri týndur sonur Játvarðs IV. Englandskonungs.



**1867 –** Manchester-píslarvottarnir eru hengdir í Manchester á Englandi. Þeir höfðu orðið lögreglumanni að bana þegar þeir frelsuðu tvo írska þjóðernissinna úr varðhaldi.




**1992 –** Fyrsti snjallsíminn, IBM Simon, er kynntur til sögunnar á tölvusýningunni COMDEX í Las Vegas í Nevada í Bandaríkjunum.



**1993 –** Rachel Whiteread vinnur til tvennra verðlauna. Annars vegar var um að ræða Turner-verðlaunin sem besti nútímalistamaðurinn (20.000 sterlingspund) og hins vegar K Fundation--listaverðlaunin sem versti listamaður ársins (40.000 sterlingspund).



**2005 –** Ellen Johnson Sirleaf er kjörin forseti Afríku-ríkisins Líberíu og verður fyrst kvenna leiðtogi ríkis í þeirri heimsálfu.

# Hvað er jólaöl?

## ■ Biðröðin varð jólahefð ■ Gerðu þitt eigið jólaöl

**Ari Brynjólfsson**
**Kristinn Haukur Guðnason**
ari@dv.is / kristinn@dv.is



Jólin ganga tæpast í garð nema jólaöl af ýmsum toga renni niður kverkar landans. Sígilt er að blanda því saman við appelsín og sitt sýnist hverjum um hlutföllin. En hvað er jólaöl og hver er munurinn á þeim týpum sem í boði eru? Hvað er svo hvítöl? DV spurðist fyrir um ölið hjá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni.

„Varðandi Hvítölið þá er það sérbruggaður maltextrakt-drykkur sem svipar til Egils Malts, en er minna sætur. Jólaöl og Malt og Appelsín eru blöndur með Appelsíni, en Jólaöl er með Hvítöli,“ segir Jóhannes Páll Sigurðarsson vörumerkjastjóri í samtali við DV.

„Hvítöl var ekki selt í 2,5 og 5 lítra brúsum sem Jólaöl. Hins vegar var Egils Hvítöl áður selt eftir vog í Ölgerðarportinu við Þverholt, þar sem fólk sótti það í sín eigin ílát, yfirleitt stóra brúsa. Hvítöl var ein af fyrstu vörum Ölgerðarinnar og var framleitt frá árinu 1913. Framleiðslan hefur hins vegar ekki verið óslitin. Framleiðslu var hætt ári eftir að fyrirtækið var flutt upp í Grjótháls en hófst aftur árið 2006. Það er erfitt að segja að um sé að ræða nákvæmlega sömu vöru og 1913, en í grunninn er hún sú sama.“

Jóhannes vildi ekki fullyrða um hvernig ætti að blanda Malti og Appelsíni. Ölgerðin hefði ekki gefið út nákvæm hlutföll í þeim efnum. „Það er um helmingur,“ segir Jóhannes. Hann bendir einnig á að Hvítölið eigin sinn dygga aðdáendahóp þó að hin sígilda blanda sé á borðum fleiri Íslendinga yfir hátíðarnar. „Það eru þó margir sem kjósa Hvítöl í sína jólablöndu.“

### Saga jólaöls

Jólaöl hefur verið bruggað á Íslandi allt frá árinu 1790 og jafnvel fyrr. Þetta ár bruggaði bakari nokkur í Vestmannaeyjum hvítöl og er það elsta heimildin sem fundist hefur. Jólaölið var þá bruggað af bökurum til að viðhalda geri fyrir brauðgerð. Það voru hins vegar ekki aðeins bakararnir sem brugguðu. Fjölmargir Íslendingar brugguðu jólaöl í heimahúsum.

Ölgerðin hóf að brugga hvítöl laust eftir árið 1913. Varð þetta feykivinsælt og fólk kom með sín eigin ílát í Ölgerðina til að fá bruggið. Löng biðröð og umferðarteppa myndaðist á hverju ári á horni Frakkastígs og Njálsgötu. Það var á þessum tíma sem fólk fór að nota orðið jólaöl yfir hvítöl.

Í kringum 1960 setti Ölgerðin jólaölið á flöskur en það ekki vinsælt. Fólk vildi mæta á staðinn til að fá ölið úr krana. Það var orðin jólahefð og breyttist ekki eftir að starfsemin var færð yfir í Þverholt árið 1967. Þessi hefð dó hins vegar árið 1986 þegar bann var sett á og var jólaölið upp frá því aðeins selt í verslunum. ■




**Jólaöl** Langar biðraðir fólks með brúsa.

> **„Sérbruggaður maltextrakt-drykkur sem svipar til Egils Malts, en er minna sætur.**

## Gerðu þitt eigið jólaöl

DV hefur áður bent lesendum sínum á að hægt sé að brugga eigið jólaöl. Það geti verið bragðgott og henti vel í blöndu með Appelsíni. Jólaöl var áður oft gert í sparnaðarskyni því að það drýgði notkun á gosi.

Samkvæmt uppskrift frá Lillý á Framnesi skal gerð jólaöls hefjast um það bil viku fyrir jólin. Í ölið þarf:

- Tíu lítrar vatn
- Hálft kíló púðursykur
- Hálft kíló strásykur
- Ein sítróna í sneiðum
- Þrjár matskeiðar perluger
- Ein flaska af pilsner
- Rúsínur, ótilgreint magn

Vatn, sykur og sítróna er sett í stóran pott og soðið í 10 til 15 mínútur. Vökvinn er síaður yfir í annað ílát, gott ef fólk á 10 lítra plastfötu eða annan pott. Þegar vökvinn er orðinn mátulega volgur þá er perlugerið sett út í. Best er að taka 2 desílítra af vökvanum og hræra perlugerið fyrst út í það og síðan blanda því saman við allan vökvann.

Þá er hellt saman við innihaldi úr einni flösku af pilsner. Þegar vökvinn hefur jafnað sig vel saman er hægt að hella ölinu á flöskur eða önnur ílát sem fólk á. Í hvert ílát eru settar 10 til 15 rúsínur ef um 1 til 2 lítra ílát er að ræða. Rúsínurnar gefa viðbótargerjun. Ekki er gott að loka ílátunum alveg. Gott er að setja plastfilmu yfir eða tylla töppunum á. Það myndast svo mikið loft við gerjunina.

Ölið verður að fá að standa í 5 til 7 daga á köldum stað. Eftir það geymist ölið þokkalega í 10 til 14 daga og enn betur á vel köldum stað því það hægir á gerjuninni.




# 5 starfsstéttir sem Birgitta Haukdal gæti móðgað

Söngdívunni og barnabókahöfundinum Birgittu Haukal tókst að móðga hjúkrunarfræðinga landsins allhressilega í vikunni með því að draga upp úrelta mynd af starfstéttinni í barnabókinni Lára fer til læknis. Var kvenkyns hjúkrunarfræðingur kallaður hjúkrunarkona, var hún sýnd sinna hlutverkum sjúkraþjálfara og var klædd í fatnað sem var lagður af á síðustu öld. DV tók saman fimm aðrar starfsstéttir sem Birgitta gæti móðgað í barnabókum.



### Pípulagningamenn

Lára fær til sín pípara. Pípulagningarmaðurinn er sýndur sem karlmaður í yfirþyngd með rassskoruna út í loftið. Hann kemur seint, bankar í lagnirnar með rörtöng og rukkar hana um svívirðilega upphæð fyrir eitthvað sem hún hefði alveg getað gert sjálf.





### Starfsfólk fjármálafyrirtækja

Lára fer í bankann. Þar taka á móti henni vafasamir menn í rándýrum jakkafötum. Bankamennirnir taka peningana úr bauknum hennar Láru og setja þá á læstan reikning með neikvæðum vöxtum. Svo sannfæra þeir Láru litlu um að fá sér debetkort, yfirdráttarheimild og skilja hana eftir fyrir utan Toys R' Us.

### Leikskólakennarar

Lára fer á leikskóla. Á leikskólanum vinna fóstrur, ekki leikskólakennarar, sem eru allar konur og kunna ekki neitt nema hugsa um börn. Þær eru allar klæddar í pils og segja „fussum svei“ þegar Lára kvartar undan því að börn séu lögð í einelti. Fóstrurnar láta Láru læra að prjóna á meðan strákarnir eru úti að leika sér.





### Flugþjónar

Lára fer í flugvél. Flugmennirnir eru karlar. Konurnar sem vinna um borð eru flugfreyjur og láta farþegana fá mat og drykk ásamt því að selja þeim ilmvötn og eitthvert drasl. Í vélinni er lasinn maður sem flugfreyjurnar þurfa hjálp við að binda niður.

### Upplýsingafræðingar

Lára fer á bókasafnið. Þar vinna bara bókasafnsfræðingar, ekki upplýsingafræðingar, sem horfa illilega á hana þegar hún kemur inn. Allir bókasafnsfræðingarnir eru eldri konur í gamaldags fötum og með gleraugu. Lára hóstar og er samstundis hent út fyrir að vera með læti.



# Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims



Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is




normann COPENHAGEN · ferm LIVING · by Lassen Copenhagen · MENU · Joseph Joseph · LAKRIDS BY JOHAN BÜLOW · ROSENDAHL

## Hver er hann

- Hann er fæddur 26. júní árið 1966.
- Hann lauk stúdentsprófi í Kvennaskólanum í Reykjavík árið 1986.
- Hann hefur tekið alls sex sinnum þátt í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva fyrir hönd Íslands.
- Hann er kenndur við landsþekkta hljómsveit en hefur einnig gefið út fimm sólóplötur.
- Hann var útnefndur bæjarlistamaður Kópavogs á þessu ári.

SVAR: STEFÁN HILMARSSON



## Lítt þekkt ættartengsl

### Sjaldan fer leiklistarbakterían langt

Hjalti Rúnar Jónsson leikur Clifford Bradshaw í söngleiknum Kabarett, sem sýndur er hjá Menningarfélagi Akureyrar.

Hjalti Rúnar lék aðalhlutverkið í Ikíngut og var tilnefndur til Eddunnar fyrir það hlutverk. Hann hefur þó aðallega starfað í leikhúsunum. Hjalti Rúnar á ekki langt að sækja áhugann á leiklistinni og leikhúsunum, en móðir hans er María Sigurðardóttir, leikkona, leikstjóri og fyrrverandi leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar. ■



# TÖLVUPÓSTUM HRÓLFS EYTT AF REYKJAVÍKURBORG

## ■ Tölvupóstarnir ekki aðgengilegir í rannsókn innri endurskoðunar borgarinnar ■ Hrólfur gegnir enn mikilvægum trúnaðarstörfum

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is





Tölvupóstum Hrólfs Jónssonar, fyrrverandi skrifstofustjóri skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar, hefur verið eytt samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar. Aðeins hefur verið haldið upp á þau tölvupóstsgögn sem Hrólfur ákvað sjálfur að vista hjá skjalasafni borgarinnar. Óvíst er hversu marga, ef nokkra, tölvupósta hann vistaði. Hrólfur var einn lykilþátttakandi í svokölluðu Braggamáli og í samtali við fjölmiðla hefur hann viðurkennt að bera ábyrgð á málinu. Rannsókn innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á áðurnefndri framkvæmd stendur nú yfir. Ætla má að tölvupóstsamskipti Hrólfs séu afar mikilvæg gögn í þeirri vinnu. Í svari sem DV fékk frá Reykjavíkurborg kemur fram að reglan sé sú að ef ekki hafist borist beiðni til upplýsingatæknideildar um að geyma tölvupóst starfsmanns frá yfirmanni hans þá sé tölvupóstinum sjálfkrafa eytt þremur mánuðum eftir starfslok. Samkvæmt skipuriti Reykjavíkurborgar er yfirmaður Hrólfs Stefán Eiríksson borgarritari. Í stuttu samtali við DV segist hann ekki hafa beðið um að tölvupóstarnir yrðu vistaðir.

Málið er alvarlegt í ljósi þess að borgarlögmaður hóf skoðun á braggamálinu í ágúst 2017 eftir að innkauparáð Reykjavíkurborgar hafði óskað eftir álitsgerð um framkvæmdina. Ljóst er því að öll gögn sem tengjast málinu eru mikilvæg, sérstaklega tölvupóstar Hrólfs.

### Stingur víða niður fæti

Hrólfur, sem lét af störfum hjá Reykjavíkurborg í apríl á þessu ári, hefur komið við sögu í mörgum umdeildum málum undanfarnar vikur. DV greindi frá í vikunni að Hrólfur hafi nýlega haldið tónleika í Eldborgarsal Hörpu með hljómsveit sinni, 13 tunglum, þar sem gestir borguðu 8. 000 krónur fyrir að hlusta á meðal annars 15 frumsamin lög Hrólfs. Tvö hundruð miðar sem seldir voru á tónleika hans voru hins vegar keyptir af bílaumboðinu Heklu. Hrólfur stýrði samningaviðræðum Reykjavíkurborgar við Heklu vegna fyrirhugaðrar lóðaúthlutunar borgarinnar til fyrirtækisins í Mjódd og uppbyggingar á svokölluðum Heklureit þar sem er áætlað að byggja yfir 400 íbúðir. Þá verður hluti svæðisins nýttur fyrir áætlaða borgarlínu.

Þá greindi Fréttablaðið frá því í vikunni að Hrólfur hefði leigt út hluta af Alliance-húsinu til dóttur sinnar. Skömmu áður hafði Reykjavíkurborg fest kaup á húsinu og leiddi Hrólfur þau kaup. Enginn skriflegur leigusamningur var gerður á milli Reykjavíkurborgar og dóttur Hrólfs heldur var eingöngu gerður munnlegur leigusamningur um leigukjör sem voru langt undir markaðsverði.

Hrólfur Jónsson sagði í samtali við Morgunblaðið að hann tæki fulla ábyrgð á Braggamálinu svokallaða og hefur innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hafið rannsókn á þeirri framkvæmd, sem fór langt fram úr upprunalegri kostnaðaráætlun. DV spurði Reykjavíkurborg hvort einhver tölvupóstssamskipti hafi átt sér stað á milli skrifstofu borgarstjóra og Hrólfs Jónssonar vegna framkvæmda við Nauthólsveg 100, þar sem bragginn er.

Talsverð umræða hefur verið um hvort að Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hafi verið upplýstur um stöðu mála varðandi braggaframkvæmdirnar. Hefur Hrólfur sjálfur sagt að engin samskipti hafi verið milli hans og borgarstjóra varðandi málið. Í svari til DV staðfestir Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar, að engin tölvupóstssamskipti hefðu verið á milli skrifstofu borgarstjóra og Hrólfs vegna braggans. Varðandi mögulega eyðingu mikilvægra sönnunargagna segir Bjarni að leyfilegt sé að eyða öllum tölvupóstum starfsfólks sem lætur af störfum hjá borginni þremur mánuðum eftir að það hættir.

### Gegnir mikilvægum trúnaðarstörfum

Hrólfur Jónsson situr í dag í stjórn Stæði slhf. sem er félag í eigu Bílastæðasjóðs og tónlistarhússins Hörpu, þrátt fyrir að vera hættur sem starfsmaður hjá Reykjavíkurborg. Þar bendir ýmislegt til þess að Hrólfur sitji beggja vegna borðsins því ráðgjafarfyrirtæki Hrólfs, 13 tungl ehf., sinnir ráðgjafarstörfum fyrir eignarhaldsfélag sem er í viðræðum við Stæði slhf., félagið sem hann sjálfur situr í stjórn í. Í samtali við DV sagði Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu og stjórnarmaður í Stæðis slhf., að hún hafi talið það hentugast að Hrólfur sæti ekki áfram í stjórn félagsins. Hún viðurkennir þó að hafa aðeins komið þeim áhyggjum á framfæri við Hrólf sjálfan, það hafi hún gert í byrjun sumars. Hún hafi ekki komið áhyggjum sínum á framfæri við Reykjavíkurborg. ■





*Njóttu þess að hlakka til*

vita

# Þrjú flug í viku með VITA til Tenerife veturinn 2019

## Flogið með Icelandair

### Safnaðu Vildarpunktum og nýttu þá

Allir sem ferðast með VITA safna Vildarpunktum sem má síðan nýta í valdar ferðir hjá VITA næst þegar þig langar í ferðalag.



### Frábær flugtími

Við bjóðum frábæra flugtíma með Icelandair til Tenerife.



### Þitt sæti – þitt ferðalag

Þú getur valið sæti um borð í vélum Icelandair gegn vægri greiðslu þegar þú ferðast með VITA. Við getum líka boðið þér Saga Class-sæti.



### Afþreyingarefni og þjónusta

Styttu þér stundir á leiðinni með bíómyndum, tónlist eða þættinum sem þig langaði alltaf að sjá. Gæði og úrval fyrir alla aldurshópa.

**Bókanlegt hjá VITA**

ÍSLENSKA SIA.IS/ VIT 8978 12/18

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

**Bókaðu draumaferðina þína á VITA.is**

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | ferd@vita.is

Jólabækurnar frá Sæmundi

Alls konar bækur fyrir alls konar fólk



Theódór Gunnlaugsson
NÚ BROSIR NÓTTIN
Rómuð ævisaga refaskyttunnar Guðmundar Einarssonar sem var goðsögn í lifanda lífi. Hér er lýst samskiptum náttúrubarns 19. aldar við landið og lífríki þess.



Karl Jeppesen
FORNAR HAFNIR
Ljósmyndir og frásagnir af 160 verstöðvum á Íslandi. Áningarstaðirnir eiga það sameiginlegt að þaðan reru forfeður okkar til fiskjar. Heillandi ferðalag um tímann og söguna – allt í kringum landið.



Lilja Magnúsdóttir
SVIKARINN
Það er sjaldnast heppilegt að þrír séu í hjónabandi og þegar það eru orðnir fjórir hlýtur eitthvað að springa. Ung kona verður viðskila við ástmann sinn og hefur enga hugmynd um afdrif hans.



Guðjón Ragnar Jónasson
HIN HLIÐIN
Örsögur úr menningarheimi sem mögrum er hulinn. Ljóslifandi, grátbroslegar svipmyndir úr leikhúsi næturlífsins í bland við minningarbrot sem opna lesandanum sýn á réttindabaráttu hinsegin fólks.



Bjarni Harðarson
Í GULLHREPPUM
Hér segir af þjóðsagnapersónunni séra Þórði í Reykjadal og hinu mikla veldi Skálholtsstaðar á 18. öld. Listilega skrifuð bók þar sem saga þjóðarinnar birtist okkur með kröm sinni og skemmtan.



Guðmundur Brynjólfsson
EITRAÐA BARNIÐ
Skelfilegur glæpur skekur Eyrarbakka sumarið 1899 og við tekur æsileg atburðarás. Inn í söguna dragast m.a. Einar Benediktsson og Eggert í Vogsósum en það er sýslumannsfrúin Anna sem stendur upp úr.



Finnbogi Hermannsson
UNDIR HRAUNI
Spennandi frásögn sem byggir á raunverulegum atburðum þegar tveir þýskir skipbrotsmenn flúðu undan breska hernum upp í Hekluhraun og unnu þar í púlsvinnu fyrir Selsundsbónda. Meistaralega fléttað saman af landsþekktum sagnaþul.



Edvard Radzinskij
STALÍN
Ítarlegust og merkust af þeim fjölda ævisagna sem komið hafa út um hinn goðumlíka harðstjóra. Hér koma fram ýmis áður óþekkt atriði og að lokum frásagnir af dularfullum dauða Stalíns. Haukur Jóhannsson þýddi úr rússnesku.

SÆMUNDUR


# Barátta um sölu íbúða hjá Samtökum aldraðra



Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is

Á dögunum féllu þrír dómar í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem fram kom að Samtökum aldraðra væri óheimilt að taka eitt prósent af söluvirði íbúða og skylda eigendur til að selja þær á öðru verði en markaðsverði nema að fyrir lægi skýrt samþykki eigenda. Lögmaður þeirra sem höfðuðu málið segir að þrátt fyrir niðurstöðu dómsins hafi Magnús B. Brynjólfsson, formaður Samtaka aldraðra, ekki látið segjast og reyni að koma í veg fyrir að eignirnar séu seldar á markaðsverði. Magnús segist vera í fullum rétti til þess og að málstaður félagsins sé göfugur.

## Ógagnsætt kerfi sem virkar ekki sem skyldi

Samtök aldraðra hafa undanfarna áratugi staðið fyrir byggingu yfir þrjú hundruð íbúða víða á höfuðborgarsvæðinu. Íbúðirnar eru í einkaeigu en samtökin hafa haldið þannig utan um sölu þeirra að aðeins félagsmenn fá að kaupa íbúðirnar auk þess sem samtökin hafa krafist þess að þær séu í öllum tilvikum seldar á verði sem á að endurspegla uppreiknaðan byggingarkostnað eignanna. Þannig hafa samtökin hafnað því að eigendur fái að selja eignirnar á markaðsverði. Þetta hafa samtökin gert þrátt fyrir að árið 2003 hafi gengið dómur í Hæstarétti þar sem viðurkennt var að tiltekið dánarbú mætti selja slíka fasteign á markaðsverði og að matsverð samtakanna væri ekki skuldbindandi fyrir dánarbúið.

„Þetta fyrirkomulag hjá Samtökum aldraðra væri auðvitað í góðu lagi ef eigendur hefðu samþykkt skýrlega þessar kvaðir um matsverðið sem og um 1% þóknun samtakanna af endursölu eignanna. Raunin er hins vegar sú að eigendur hafa í mörgum tilvikum ekki samþykkt þessar kvaðir og dómstólar hafa ítrekað staðfest að samtökin geta ekki þvingað þær einhliða upp á eigendur. Hér er oft um að ræða fólk sem hefur keypt eignirnar á fullu verði á frjálsum markaði og án nokkurra slíkra kvaða. Auk þessa þá er ferlið hjá samtökunum mjög ógagnsætt þannig að félagsmenn hafa litla hugmynd um hvar þeir standa í röðinni til þess að fá að kaupa eignir," segir Jóhannes S. Ólafsson, lögmaður þeirra sem höfðuðu málin nú. Þá segir hann að forsvarsmenn samtakanna hafi gengið afar langt í að verja þetta fyrirkomulag og freistað þess að brjóta á eignarrétti fólks og það í andstöðu við fyrirliggjandi dómafordæmi.

Þannig hafi samtökin ítrekað hafnað inngöngubeiðnum fólks í samtökin sem hafi viljað kaupa eignir á markaðsverði og fælt þannig væntanlega kaupendur frá. „Þrátt fyrir hina nýföllnu dóma þá hefur formaður Samtaka aldraða, Magnús B. Brynjólfsson, ekki látið sér segjast og heldur áfram að herja á fasteignasala og væntanlega kaupendur með hinar ólögmætu kvaðir. Það gerir hann þrátt fyrir að vera full kunnugt um að eigendur umræddra eigna hafi ekki samþykkt þessar kvaðir og þrátt fyrir það, að nú liggi fyrir dómar sem mæla beinlínis fyrir um að eignirnar séu ekki bundnar þessum kvöðum," segir Jóhannes. Þá segir hann að samtökin hafi hafnað inngöngubeiðnum fólks í samtökin sem hafi viljað festa kaup á eignunum nema þá að kaupandinn undirriti sérstakt skjal þar sem viðkomandi sé gert að undirgangast kvaðirnar til framtíðar.



Magnús B. Brynjólfsson, formaður Samtaka aldraða.

> „Við erum að berjast gegn Mammon

## Telur dómstólinn hafa komist að rangri niðurstöðu

Í samtali við DV segir Magnús ástæða þess að hann geri athugasemdir við fyrirhugaðar sölur umræddra eigna sé sú að málinu hafi verið vísað til Landsréttar og því ekki útséð með hver endanleg niðurstaða verði. „Við hjá Samtökum aldraðra erum mjög ósátt við þennan dóm og teljum hann rangan. Fyrir mitt leyti vil ég segja að ég mun verja þetta kerfi fram í rauðan dauðann. Það hefur gefið góða raun og gert félagsmönnum okkar kleift að kaupa eignir á sanngjörnu verði. Þegar eigendur falla síðan frá þá vill græðgin því miður láta á sér kræla og erfingjar fasteignanna vilja þá selja þær á markaðsvirði. Þá er alfarið litið framhjá því að eignirnar voru keyptar á mjög sanngjörnu verði innan kerfisins. Við erum að berjast gegn Mammon," segir Magnús.

Hann segir að starfsemi samtakanna sé göfug og að mestu unnin í sjálfboðastarfi. „Við rekum skrifstofu og erum með einn launaðan starfsmann. Önnur störf eru unnin af sjálfboðaliðum, fyrir utan þóknanir vegna stjórnarfunda," segir Magnús. Að hans sögn fær hann sem formaður 15.000 þúsund krónur greiddar fyrir hvern fund og oftast er einn stjórnarfundur í mánuði. ■

*Nánar verður fjallað um málið á vef blaðsins, DV.is.*



Jóhannes S. Ólafsson lögfræðingur.

# FAGLEG ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF!

## ÖLL ÞJÓNUSTA Á SAMA STAÐ

### HÚSAVIÐGERÐIR

ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI

- SMÍÐAVINNA
- MÚRVINNA
- MÁLNINGARVINNA

### HELLULAGNIR

LÓÐAFRAMKVÆMDIR

- JARÐVINNA
- DRENLAGNIR
- HELLULAGNIR
- ÞÖKULAGNIR

Eind ehf

788 8870 | eind@eind.is

# LÖGREGLAN LEIGIR BÍLALEIGUBÍLA OG LEIGUBÍLA Í AUKNUM MÆLI

## ■ Allt að 200 þúsund krónum ódýrara ■ Ríkislögreglustjóri vill losna við rekstur Bílamiðstöðvar

**Kristinn Haukur Guðnason**
kristinn@dv.is



Lögreglumenn sem DV hefur rætt við segja að bílamálin séu í miklum ólestri. Fyrirkomulagið er þannig að lögregluembættin leigja bíla af Ríkislögreglustjóra. Þar er innheimt bæði fast gjald og kílómetragjald. Þetta sé hins vegar svo óhagstætt að embættin séu í auknum mæli farin að leigja af bílaleigum í einkaeigu. Getur munurinn á leigu á ómerktum lögreglubíl verið allt að 200 þúsund krónur á mánuði. Ríkislögreglustjóri vill losna við reksturinn og stefnir á útboð.

> „Fyrirkomulagið er í sífeldri endurskoðun og tekur mið að síbreytilegum ytri aðstæðum




**Ríkislögreglustjóri** Vill losna við rekstur lögreglubíla.




### Lögreglumenn undrandi á bílamálum

Ríkislögreglustjóri hefur rekið bílamiðstöð frá árinu 2000. Hún er eigandi allra ökutækja lögreglunnar og ber ábyrgð á rekstri, viðhaldi og endurnýjun þeirra. Miðstöðin er stoðdeild og yfirlýst markmið hennar er hagræðing í rekstri, samnýting ökutækja og búnaðar og almenn þjónusta við lögreglustjórana.

Lögreglumenn sem DV hefur rætt við segja hins vegar að í dag séu nær allir ómerktir lögreglubílar á höfuðborgarsvæðinu teknir á leigu hjá Bílaleigu Akureyrar. Það sé miklu hagstæðara fyrir embættið en að leigja af systurstofnun embættisins. Hafa þeir spurt sig hvort ekki sé eitthvað bogið við þetta fyrirkomulag. Auk þess hafi meint okur Ríkislögreglustjóra bein áhrif á störf þeirra þar sem búið sé að setja þak á hversu mikið megi aka á hverjum sólarhring.

### Leigja bílaleigubíla og leigubíla

DV hafði samband við yfirmenn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og fékk staðfest að þetta væri raunin. Halldór Halldórsson, framkvæmdastjóri fjármáladeildar hjá embættinu, segir að þónokkrir ómerktir bílaleigubílar væru teknir á leigu á hverju ári. Fjöldi þeirra réðist af verkefnastöðu embættisins hverju sinni. Einnig sagði hann að lögreglan keypti auk þess þjónustu hjá leigubifreiðastöðvum. Hann segir:

„Fjöldi slíkra ökutækja, sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur til afnota, er mismunandi hverju sinni. Bílaleigubílar og leigubílar nýtast til að mæta sveiflum í álagi innan dagsins, vikunnar, milli mánaða og árstíða. Það er hagkvæmara en að eiga stærri bílaflota. Þá geta veðuraðstæður kallað á að leigðir séu bílar sem ráða betur við til dæmis ófærð. Í sumum tilvikum getur verið gott að skipta ört út bílum.“

Þessi kostnaður nam tæpum 35 milljónum samkvæmt síðasta ársreikningi. Að auki bætist við eldsneytiskostnaður upp á tæpar sex milljónir og ein til tvær milljónir í annan kostnað. Ómerktir bílar eru aðeins hluti af kostnaðinum. Heildarkostnaður embættisins vegna rekstrar ökutækja var rúmlega 260 milljónir á síðasta ári.

Halldór staðfestir að munurinn á verði ómerktra bíla sé umtalsverður.

„Munurinn í þeim tilvikum sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur skoðað hefur verið um 50 til 200 þúsund krónur á ómerktan bíl á mánuði eftir akstri og bílaleigu. En í gjaldi Bílamiðstöðvarinnar er falin ýmis þjónusta hennar við embættið sem ekki er um að ræða í tilfelli bílaleigubíla en þá þarf embættið sjálft að sinna bílunum. Að auki geta farið saman andstæðir álagstímar hjá bílaleigum og lögreglu sem geri þennan kost hagkvæman fyrir báða aðila fremur en að lögreglan eignist bíl.“

Nefnir hann að tækin sem embættið leigi af Bílamiðstöðinni séu mjög mismunandi, allt frá hjólum upp í sendibíla.

### Lægri kostnaður bílaleigufyrirtækja

Bílamiðstöðin rukkar fast árgjald af hverju ökutæki. Það er 18 prósent af stofnverði nýrra ökutækja og 10 til 12 prósent af sex ára og eldri. Þá er kílómetragjaldið frá 100 til 381 krónu og fer eftir gerð ökutækis. Inni í því er allur rekstrarkostnaður, svo sem eldsneyti, viðhald, tryggingar og fleira.

Jónas Ingi Pétursson, framkvæmdastjóri rekstrar hjá Ríkislögreglustjóra, bendir á að bílaleigur séu undanþegnar vörugjöldum. Þess vegna sé stofnverð bílaleigubíla lægra en þeirra sem lögreglan og allur almenningur kaupir. Þá sé tryggingakostnaður bílaleigufyrirtækja lægri en þau kjör sem lögreglunni bauðst í útboði Ríkiskaupa.

*Af hverju eru þið ekki með ódýrari valkosti fyrir embættin sem klárlega er þörf á?*

„Af þeim sökum hefur Ríkislögreglustjóri ekki boðið ómerktar lögreglubifreiðar til afnota frá Bílamiðstöð um nokkurt skeið. Áhersla hefur verið lögð á sérbúnar, merktar lögreglubifreiðar þar sem slíkar bifreiðar eru ekki í boði á almennum markaði.“

*Var ekki takmark Bílamiðstöðvarinnar að stuðla að hagræðingu í rekstri fyrir lögregluna?*

„Bílamiðstöð hefur stuðlað að hagræðingu og hagkvæmum rekstri í ökutækjamálum lögreglunnar. Fyrirkomulagið er í sífelldri endurskoðun og tekur mið af síbreytilegum ytri aðstæðum. Af hálfu Ríkislögreglustjóra hefur lengi legið fyrir ósk embættisins um að samrekstur lögreglunnar á ökutækjum verði aðskilinn frá rekstri Ríkislögreglustjóra.“

### Hallarekstur í mörg ár

Bílamiðstöðin er stærsta einstaka verkefni Ríkislögreglustjóra og útgjöldin vegna þess hafa jafnan verið á bilinu 25 til 35 prósent af heildarútgjöldum. Rekstur Bílamiðstöðvarinnar hefur verið fremur ótryggur allt frá stofnun og hefur þurft að mæta taprekstrinum með öðru rekstrarfé. Ríkisendurskoðun hefur bent á að rekstur Bílamiðstöðvarinnar sé eitt af þeim atriðum sem betur mætti fara í rekstri lögreglunnar. Einnig hafa lengi verið skiptar skoðanir um fjárhagslega hagkvæmni þessa fyrirkomulags fyrir lögregluembættin sjálf. Sérstaklega fyrir minni embætti á landsbyggðinni.

Árið 2004 var aðstoðaryfirlögregluþjóni vikið frá störfum vegna spillingar tengdri stofnuninni. Hann átti langan feril að baki innan lögreglunnar og hafði tekið við yfirumsjón Bílamiðstöðvarinnar þegar hún var sett á laggirnar árið 2000. Grunur lék á að hann hefði ráðstafað tveimur lögreglujeppum í eigin þágu og hafi um mitt ár 2001 skráð annan þeirra á eiginkonu sína.

Til að mæta hallarekstrinum hefur Bílamiðstöðin reglulega endurskoðað gjaldskrár sínar og hækkað leiguverðið til embættanna. Athygli vakti að verðið var hækkað um allt að 18 prósent snemma árs 2012. Þá hafði hallareksturinn verið um 40 milljónir seinni hluta ársins 2011.

### Vilja losna við reksturinn

Árið 2008 vildi ríkið losna við reksturinn og var hann boðinn út. Útboðið var auglýst vorið 2009 og í því fólst meðal annars yfirtaka á öllum lögreglubifreiðunum. Alls bárust sex tilboð í reksturinn, öll frá innlendum aðilum. Það lægsta var um 80 milljónum króna hærra á ári en rekstrarkostnaðurinn var þá þegar.

Dómsmálaráðuneytið hafnaði öllum tilboðunum og Ríkislögreglustjóri sá áfram um reksturinn. Jónas segir:

„Af hálfu ríkislögreglustjóra er unnið að endurskoðun á starfsemi Bílamiðstöðvar þar sem meðal annars er horft til þess að bjóða út rekstur ökutækja lögreglu á ný.“ ■




REYKJAVIK
RAINCOATS
REYKJAVIK RAINCOATS
HVERFISGATA 82, VITASTÍGSMEGINN
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM
AÐRIR ÚTSÖLUSTAÐIR
EPAL - LAUGAVEGI 70
EPAL - HARPA
AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖÐ



## Súrdeigsbrauð

- með spíruðum rúg
- með kúmen
- hefðbundið

BAK
ARÍ
IÐ




Toppaðu brauðið með Ítalía 3ja lita pestói.

**439** kr/stk

Tilboð gilda út 25. nóvember

Steinbakað súrdeigsbrauð er bakað eftir aldargamalli franskri hefð, deigið er látið hefast í 24 tíma fyrir bakstur. Súrdeigsbrauðin okkar eru gæðavara og innihalda ekkert ger.

**899** kr/stk



Snowdonia cheddar margverðlaunaðir ostar frá Wales.

verð frá **729** kr/stk




Cedars hummus er gómsætur og bráðhollur.

verð frá **399** kr/stk



Olifa eru hágæða ólífuolíur frá Ítalíu.

verð frá **1.899** kr/stk




Ghirardelli súkkulaði loksins á Íslandi frábært í smákökubaksturinn.

**899** kr/stk




Jólakaffi frá Te & kaffi ilmur af jólum.

**1.069** kr/pk



Nýbakaðar jólasmákökur í bakaríinu.

**649** kr/pk



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

# Meira sælkera






Súrkál fyrir sælkera er spennandi meðlæti

**1.499** kr/stk




Saltverk er hágæða sjávarflögusalt.

**319** kr/pk

## Maltgrísabógur

**599** kr/kg




**20%** afsláttur

Ribeye

**3.999** kr/kg

Verð áður 4.999 kr/kg




**25%** afsláttur

Kryddlegnar lærisneiðar

**2.699** kr/kg

Verð áður 3.599




**20%** afsláttur

Úrbeinuð kjúklingalæri

**1.919** kr/kg

Verð áður 2.399 kr/kg

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# Sonur Hörpu er langt leiddur sprautufíkill

■ Fær engin tækifæri og mætir fyrirlitningu ■ Handrukkarar bönkuðu upp á


Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is

Fyrir skemmstu opnaði Harpa Böðvarsdóttir umræðu á samfélagsmiðlum um fíknisjúkdóm elsta sonar síns. Hefur hún fengið sterk viðbrögð og aðrir aðstandendur fíkla leitað til hennar í kjölfarið. Fólk sem hún þekkir ekki neitt. Sonur hennar hefur verið lengi í neyslu sem hefur stigmagnast með árunum. Í dag er hann sprautufíkill með ótal meðferðir og einhverjar fangelsisnætur að baki. Maður sem er að hverfa fyrir augum fjölskyldu sinnar. Harpa sagði DV frá þessari reynslu og hvernig þetta hefur tekið á fjölskylduna alla.

### Hélt að hún væri sloppin

Harpa Hildiberg Böðvarsdóttir er gift, fjögurra barna móðir. Elsti sonur hennar er 35 ára gamall og mjög langt leiddur í neyslu. Harpa segir:

„Þetta byrjaði í kringum 2000 þegar hann var um sautján ára gamall. Hann djammaði mjög mikið með vinum sínum eins og gerist á þeim aldri. Þeir reyktu saman og höfðu gaman. Hann var oftast sá síðasti sem skilaði sér heim því hann gat ekki hætt. Á þessum tíma voru e-pillurnar mikið í tísku. Hann byrjaði á að taka eina og eina pillu um helgar en svo fjölgaði þeim ört. Svo þróaðist þetta hratt út í sterkari efni.“

Harpa segir að þegar þetta gerðist hafi það í raun komið flatt upp á hana. Eftir á sér hún hluti sem gætu skýrt þetta að einhverju leyti.

„Þegar við fluttum suður var hann sjö ára gamall, hann var strax lagður í einelti. Einn strákurinn í bekknum tók hann algjörlega fyrir og bannaði öllum að leika við hann þannig að hann var oft einn í frímínútum. Það var þó einn drengur sem lék við hann af of til. Ég talaði við kennarann en það var augljóst að hann þoldi son minn ekki enda sagði hún við okkur í einu viðtali að hann væri þroskaheftur. Ég hef aldrei skilið hvers vegna, en líklegast var það vegna þess að hann var með kæki og hún náði aldrei til hans. Sérkennarinn náði hins vegar strax til hans og hann varð fluglæs á svipstundu. Þegar hann varð átta ára gamall, mætti aðeins einn strákur úr bekknum í afmælið hans en sem betur fer átti hann vini úr hverfinu sem komu og auðvitað systir hans og vinkonur. Veturinn á eftir fór hann í annan bekk. Þar voru strákar í sama árgangi að hrella hann líka, tóku töskuna, úlpuna og bara allt af honum, þeir pikkuðu endalaust í hann, þetta voru fótboltastrákar með mikið sjálfsálit sem greinilega leið illa inni í sér en létu það bitna á honum.“

Harpa segir að sonur sinn hafi verið mjög lítill og barnalegur alveg til fimmtán ára aldurs.

„Hann gat til dæmis ekki tekið inn töflur heldur þurfti ég að mylja þær ofan í hann með vökva. Þá hélt ég að hann myndi aldrei getað prófað fíkniefni. En hann var mjög hvatvís og algjör spennufíkill, með ofvirkni og gekk illa í skóla eftir tíu ára aldurinn. Fyrir þann tíma hafði honum gengið mjög vel. Hann gat lært en hætti að hafa athygli og kennararnir sögðu mér að hann væri latur, þetta aktíva barn! Ég þekkti ekki þessi merki á sínum tíma. Hann byrjaði í raun seint í neyslu miðað við marga og ég hélt að hann væri sloppinn.“

Þegar sonur Hörpu sótti um framhaldsskóla fékk hann hvergi inngöngu en Fjölbrautaskólinn við Ármúla sendi honum þó bréf þar sem honum var boðið að koma á nýja braut.

„Þar var verið að bjóða honum nám í ræstitækni, ég á þetta bréf enn þá til og sýndi honum það fyrir örfáum árum. Ég er ekkert að setja út á ræstitækna, en að bjóða 16 ára unglingi þetta var svo fáránlegt að ég hef sjaldan orðið eins reið og svekkt á ævinni. Að komast ekki í skóla með félögunum þegar maður er 16 ára hjálpar ekki til við að auka sjálfsálitið og því oft auðveld lausn að leita í eiturlyf því á þeim verður þú stór og getur allt, að minnsta kosti í byrjun. En leiðin niður á við er hröð og skelfileg.“



Harpa Hildiberg Böðvarsdóttir

Sonur Hörpu á yngri systur og munar aðeins tveimur árum á þeim í aldri. Harpa segir systkinin ávallt hafa verið mjög náin og að hún hafi alla tíð passað vel upp á bróður sinn.

„Þegar hann byrjaði í neyslu var hún oft með honum í partíi en hún tók aldrei nein eiturlyf. Hún fór síðan til Brasilíu í eitt ár sem skiptinemi og kúplaðist þannig út úr þeim félagsskap. Þegar hún kom aftur heim var hún eitthvað að slæpast með þeim en eftir að neysla hans jókst hætti hún því. Hún hefur þó alltaf verið til staðar fyrir hann en síðustu ár hefur hún reynt að kúpla sig út úr meðvirkninni sem hefur gjörsamlega heltekið okkur og stjórnað lífi okkar. Það er ekki gott að lenda í þeim pakka og það fer illa með sálina í manni. Það hefur verið mjög erfitt fyrir hana að horfa upp á bróður sinn hverfa inn í þennan heim.“

Þegar sonur Hörpu var átján ára gamall var hann handtekinn fyrir þjófnað á tölvubúnaði, til að fjármagna fíkniefnakaupin. Þá lenti hann á sakaskrá og fór í fyrsta skiptið í meðferð við vanda sínum. Fyrst inn á Vog og síðan í eftirmeðferð á Staðarfelli.

„Það gekk ágætlega að koma honum í meðferð þá því að hann var tekinn strax inn. En eftir þetta var það alltaf erfitt sérstaklega á sumrin því þá voru deildirnar lokaðar, bæði 33A og göngudeildin á Vogi. Fyrir fjórum árum vildi hann komast í meðferð í október en komst ekki inn fyrr en í desember. Ég hef þurft að sitja yfir honum og vakta hann heima. Í eitt skiptið hafði hann tekið svo mikið af töflum að hann datt út. Biðtíminn er alveg skelfilegur. Móðir á aldrei að þurfa að sitja yfir barninu sínu í fráhvörfum. Ég er búin að gera það nokkrum sinnum og systir hans líka sem hefur verið stoð okkar og stytta í gegnum þetta allt,“ segir Harpa.

### Fyrirlitning og engin tækifæri

Harpa segir að sonur hennar hafi notað mikið af lyfseðilsskyldum lyfjum, svokölluðu læknadópi. Þau efni hafi reynst vera þau verstu af öllum. Til að fjármagna neysluna hafi hann leiðst út í þjófnað. Því hafi hann verið handtekinn nokkrum sinnum og látinn dúsa í fangaklefa yfir nótt. Hún segir:

„Það er stórhættulegt að setja fíkil í fangaklefa. Rétt eins og ef einhver með sykursýki er settur inn án aðstoðar. Fráhvörfin eru alvarleg og ef þau eru ekki meðhöndluð rétt getur fíkillinn hreinlega dáið. Lögreglan veit þetta en það eru engin úrræði til staðar.“ ▶



# KOMDU Á SKÍÐI



**25%**

**AFSLÁTTUR**

**AF VETRARKORTUM FYRIR FJÖLSKYLDUNA**

25% afsláttur af vetrarkortum fyrir fjölskylduna til 30. nóvember.
Til að fá fjölskylduafsláttinn þarft þú að kaupa að lágmarki vetrarkort fyrir 1 fullorðinn auk vetrarkorts fyrir 1 unglings eða barn.

Nánar á skidasvaedi.is / Sími 530 3000

/skidasvaedin

#bláfjöll

SKÍÐASVÆÐIN

*Hefur hann alltaf verið viljugur að fara í meðferð?*

„Já, alltaf," segir Harpa ákveðin. „Hann vill alltaf fara í meðferð og hann vill hætta. En þegar hann hefur komið af Staðarfelli þá tekur ekkert við. Það er lítil sem engin eftirfylgni með þessu. Jú, honum er bent á að fara á AA-fundi en það er ekki það sama. Ef það væri hægt að grípa börnin meðan þau eru ung þá væri hægt að bjarga svo mörgum. Allt þetta fólk er hæfileikaríkt á einhverju sviði og það þarf að virkja þessa hæfileika. Þrjár eða fimm vikur á Staðarfelli eru ekki nóg, það vantar alvöru eftirfylgni. Fólk sem er á aldrinum 18 og upp í 25 ára aldur hefur ekkert. Eins og sonur minn, hann fékk enga vinnu því það er alltaf beðið um sakaskrá. Eitt sinn fékk hann vinnu í fataverslun og var alltaf langsöluhæstur en svo kom sakaskráin og þá var hann látinn fara þrátt fyrir að hafa staðið sig gríðarlega vel. Smám saman ertu kýldur niður af þjóðfélaginu. Fólk á sakaskrá fær fá eða engin tækifæri og það er erfitt þegar maður er ungur og með brotna sjálfsmynd."

Harpa segir að ekki bætir úr skák að fíklar mæti mikli fyrirlitningu í þjóðfélaginu.

„Ég er þá ekki að meina fólk úti í búð. Heldur frá fólki í þjónustustörfum sem hann þarf að leita til. Til dæmis hjá einni af Þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar, þaðan sem hann fékk peninga og félagslega aðstoð. Þar mætti honum ekkert nema hroki og skilningsleysi á veikindum hans en þegar hann flutti lögheimilið og leitaði á aðra þjónustumiðstöð var allt annað viðhorf og þannig viðhorf þarf að vera á svona stöðvum, þar sem að veikt fólk leitar aðstoðar, þar þarf að sýna kærleik og manngæsku."

## Ótækt að hafa fíkil á heimilinu

Fyrstu árin í neyslu reykti sonur Hörpu kannabis, tók inn töflur og kókaín í nös. Þegar hann var 27 ára gamall byrjaði hann að sprauta sig. Þá var leiðin hröð niður á botninn og leiðin til baka orðin torfær og löng. Hún segir:

„Þetta er búið að vera mjög erfitt fyrir alla fjölskylduna. Við höfum þurft að láta lögregluna fjarlægja hann af heimilinu nokkrum sinnum og við höfum þurft að skilja hann eftir á götunni. Hann var farinn að ógna yngsta bróður sínum sem var þá á unglingsaldri og á ADHD-lyfjum. Hann lét bróður sinn leita að pillum fyrir sig og hann hefur stolið lyfjum af okkur. Hann hefur líka stolið peningum og öðru frá bæði okkur foreldrunum og systkinum sínum. Við höfum boðið honum að vera heima ef hann væri ekki í neyslu en hann hefur svikið það. Við höfum fundið sprautunálar og fleira undir dýnunni hans og hann hefur dregið alls konar lið heim til okkar. Það er ekki hægt að bjóða fjölskyldunni upp á þetta, en við höfum gert það allt of oft."

Harpa segir að fólk hafi ekki endilega skilning á þessu. Þetta séu veikindi líkt og krabbamein og fólk myndi ekki vísa krabbameinssjúklingi af heimilinu.

„En í raun er ekki hægt að líkja þessu saman. Krabbameinssjúklingar eru ekki að stela og ógna. Það er ekki hægt að hafa fíkil á heimilinu. Ég elska son minn en ég elska ekki fíkilinn. Hann breytist í allt aðra persónu sem ég þekki ekkert. Það er erfitt að horfa upp á barnið sitt breytast svona, bæði í hegðun og útliti."

## Menn með öxi

Harpa segir að neysla sonar síns hafi haft önnur bein áhrif á fjölskylduna. Óprúttnir einstaklingar hafi bankað upp á á heimilinu.

„Eitt sinn komu handrukkarar heim og kipptu honum út. Það var svo ofboðslega mikil angist í röddinni þegar hann hrópaði á pabba sinn. Pabbi hans var á efri hæðinni en náði að komast út og bjarga honum frá þeim."

Harpa minnist einnig fleiri erfiðra atvika.

„Hann var að vinna hjá pabba sínum við að keyra. Allt í einu stökk maður út úr bíl og að honum. Maðurinn greip svo fast í höndina á honum að hann fékk marblett. Hann sagði að sonur minn þyrfti að borga og þessar skuldir hækkuðu sífellt. Í eitt skiptið komu tveir menn heim til okkar en þá bjó sonur minn ekki hjá okkur. Þegar ég sagði þeim að hann byggi ekki á staðnum þá fóru þeir. Ég og systir hans vorum heima ásamt bræðrum hans en við fengum áfall þegar við sáum að þeir voru með öxi. Við hringdum á lögregluna og brunuðum á staðinn þar sem hann bjó. Lögreglan náði að stöðva okkur en við vorum svo hrædd, ég náði varla andanum og þau sendu okkur strax til baka í bílinn. Þá nótt var lítið sofið."

Þegar tengdafaðir Hörpu lést kom sonur hennar heim en var í neyslu og skaðaði sjálfan sig. „Við hringdum á sjúkrabíl því hann lá í blóði sínu á gólfinu, hann var sendur á bráðadeild, þar sem gert var að sárum hans, og í kjölfarið á 33 A fíknideildina en þar átti að hleypa honum út eftir einn dag." Þau þurftu að berjast fyrir að fá að halda honum inni á deildinni í nokkra daga í viðbót á meðan þau jörðuðu tengdaföður Hörpu.

„Við vorum í stressi korter í kistulagningu því við vorum við bæði í símanum að reyna að fá læknana til að halda honum inni fram yfir helgina en hann átti pláss á Vogi á þriðjudeginum á eftir, það tókst á endanum og fjölskyldan gat andað léttar í það skiptið en þetta tók gríðarlega mikið á alla fjölskylduna."

Hún segir að í önnur skipti sem að sonur hennar hafi komist inn á geðdeildina hafi honum verið vísað þar út um leið og hann var orðinn götufær og búinn að fá að borða.

„Það er ekkert þarna. Ekkert!" segir hún með áherslu. „Ég hef hugsað: Til hvers er verið að senda fólk á þennan stað, því það er ekkert raunverulega gert? Þetta er engin lausn til lengri tíma. Fíkn er sjúkdómur og það þarf miklu miklu meiri aðstoð. Systir hans fór oft með hann niður eftir til að reyna að koma honum þar inn þegar hann var í svo slæmu ástandi að hann vildi ekki lifa lengur, en nei, það var ómögulegt og hún þurfti því að koma með hann heim aftur og við þurftum að vakta hann, það voru mörg tár sem féllu og geðshræringin mikil."





**Sonur Hörpu** Byrjaði í raun seint í neyslu miðað við marga

## Hverfandi maður

*Hefur hann náð einhverjum tíma edrú?*

„Hann náði einu sinni um tveimur árum. Þá hafði hann brotið af sér og átti að fara í fangelsi. Í þessi tvö ár sem hann beið var hann alveg ofboðslega fínn. Síðan var hann kallaður inn og þar var allt fljótandi í efnum."

Harpa segir að fyrir utan þessi tvö ár hafi sonur hennar yfirleitt náð fimm eða sex mánuðum edrú.

„Eftir að hann byrjaði að sprauta sig styttist sá tími niður í tvo mánuði eftir hverja meðferð. Núna síðast voru þetta ekki nema tíu dagar eftir að hann kom úr meðferð. Eins og klukka. Þetta styttist sífellt og ég hugsa: Hversu langt nær hann næst? Kannski nær hann aldrei tökum á þessu en ég verð að halda í vonina."

*Þegar hann er edrú, er hann þá sama persóna og hann var áður en hann byrjaði í neyslu?*

„Mér finnst það hafa farið minnkandi og hann ekki hafa komið nógu vel til baka. Hann er mjög sjálfhverfur og er að hugsa um hluti sem hann á ekki að vera að hugsa um. Hann hefur alltaf verið hugmyndaríkur, skemmtilegur og fjölhæfur einstaklingur en með alveg brotna sjálfsmynd. Hann nýtur þess ekki lengur að vera innan um fólk, sérstaklega ættingjana."

## Hefur hatað starfsfólk Vogs og geðdeildar

Umræðan um alvarleika fíknisjúkdóma hefur verið mikil undanfarin misseri og krafan um aukið fjármagn til málaflokksins hávær. Harpa hefur ekki farið varhluta af þessu.

„Ég verð svo reið þegar ég sé forgangsröðunina inni á Alþingi. Að það sé verið að ausa fjármunum í aðstoðarmenn á meðan þessi vandi eykst. Eftir hrun var skorið niður um þrjátíu prósent og þetta hefur aldrei náð sér á strik eftir það. Jafn vel þó að það eigi að vera góðæri í þjóðfélaginu. Hvar er forgangsröðunin? Er fólk ekki meira virði en einhverjir aðstoðarmenn á Alþingi?" spyr hún.

Fyrir tveimur dögum fór Harpa með son sinn í meðferð en þá vildu ráðamenn á Vogi ekki taka við honum. Var það af því að fyrrverandi kærasta hans var í meðferð og vildu þeir ekki að þau hittust. Harpa þurfti því að skilja hann eftir á götunni í algjörri óvissu með framtíðina. Sama dag og blaðakona tók viðtalið við Hörpu fékk sonur hennar innlögn á Vog og segist Harpa enn halda í vonina.

„Ég hef oft staðið í stappi við Vog og skammað þá fyrir að vilja ekki taka strákinn minn inn. Ég hef hatað fólkið á Vogi og ég hef hatað fólkið á geðdeildinni. En þegar skynsemin kemur til baka þá átta ég mig á því að þau geta ekki gert betur og þau verða að forgangsraða. Yfirleitt fær hann að koma inn fyrr því hann er svo langt leiddur. Þeir sem eru ekki svo langt leiddir þurfa að bíða í allt að sjö mánuði eftir að komast inn. Hver getur beðið í sjö mánuði? Eða tvo? Eða bara viku? Einu sinni þurfti sonur minn að bíða í tvo mánuði. Á þeim tíma fór hann og keypti sér kókaín og lenti uppi á spítala í öndunarstoppi. Annar maður sem keypti sama efni dó, þetta var svo sterkt."

## Þörfin fyrir eigin hjálp

Sonur Hörpu á sjálfur ellefu ára gamlan son. Barnsmóðir hans hefur leyft honum að hitta föður sinn þegar hann er í lagi, en það hefur verið minna af því undanfarin ár. Hann heimsækir þó ömmu sína og afa reglulega og föðursystir hans hefur tekið hann til sín einu sinni í mánuði. Harpa segir:

„Hann hefur ekki fengið mikið af pabba sínum síðustu fimm árin eða svo. Um tíma var hann mjög reiður út í allt og skildi þetta ekki. En nú er hann kominn á þann aldur að það er hægt að tala um þetta við hann."

*Hafið þið aðstandendurnir fengið næga hjálp fyrir ykkur?*

„Við höfum alls ekki verið nógu dugleg að leita eftir hjálp og verið of lokuð með þetta. Ég fór á Al-Anon fundi hjá SÁÁ fyrir mörgum árum. Hingað til hefur mér fundist ég ekki hafa þurft á þessu að halda. En það hefur breyst núna. Kvíðinn er farinn að stjórna mér og mér finnst að ég þurfi aðstoð. Maðurinn minn leysir þetta með því að bæta á sig vinnu. Fjölskyldan þarf öll að leita sér aðstoðar, sérstaklega þó ég og systir hans sem hefur tekið þetta alltof mikið að sér með mér."

Eftir að Harpa fór að tala um þetta opinberlega hefur hún fengið viðbrögð frá öðrum aðstandendum í sömu eða svipaðri stöðu. Hún segir mikilvægt að finna að þau séu ekki ein í þessari baráttu.

„Konur sem ég þekki ekki neitt hafa hringt í mig, þakkað mér fyrir og deilt sinni reynslu með mér. Mér finnst gott að geta hjálpað og þetta hjálpar mér. Fíknisjúkdómar finnast í öllum fjölskyldum. Ef ekki einhver í nánustu fjölskyldunni þá frændi eða frænka. Þetta er miklu algengara en fólk gerir sér grein fyrir."

Harpa segist vera afskaplega þakklát fyrir alla þá hjálp sem sonur hennar hefur fengið. Bæði á Vogi sem og annars staðar og að án þess væri hann ekki á lífi.

„Leiðin þangað var þó oft oft brött og erfið og enginn ætti að þurfa að ganga í gegnum það að bíða í marga mánuði eftir innlögn, það er ekki bara erfitt fyrir sjúklinginn heldur alla fjölskylduna og þessi bið veldur bæði sjúklingunum og fjölskyldum þeirra mikilli vanlíðan og kvíða. Að halda stofnun eins og Vogi í gíslingu vegna fjárskorts er ekki ásættanlegt í landi þar sem að auðvaldið mokar til sín fjármunum. Á meðan deyr unga fólkið okkar vegna sinnuleysis í garð meðferðarstofnana. Forgangsröðunin er svo hroðalega röng! Í guðanna bænum gerið eitthvað ekki seinna en STRAX, peningarnir eru til og við þurfum þá NÚNA!"

Harpa biður þá sem geta að styrkja SÁÁ og önnur meðferðarúrræði þar sem neyðin er mikil. Einnig biður hún stjórnvöld um að hlusta á fólkið í landinu og segir hún þetta verkefni eiga að vera í forgangi.

Að lokum hvetur hún alla til þess að skrifa undir undirskriftalista Vogs á síðunni: www.akall.is ■


VISTVÆN
FRAMLEIÐSLA
Gjafir sem gleðja
ÍSLENSK HÖNNUN
SENDUM FRÍTT
Á NÆSTA PÓSTHÚS
Lín DESIGN
SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

# ORÐABÓK DV FYRIR PÓLITÍSKT RÉTTHUGSANDI FÓLK

Veröldin er ekki jafn einföld og hún var og eitt vanhugsað orð getur sprengt internetið. Tungumálið er kvikt og í sífelldri þróun. Orð sem fyrir örfáum árum þóttu sárasaklaus og voru í almennri notkun þykja nú meiðandi og særandi. Þetta hefur valdið því að eldra fólk hefur lent í stökustu vandræðum með að fóta sig í netheimum. DV tók saman þau orð sem fólk ætti ekki að nota og ásættanlega staðgengla. Ætla má hins vegar að þessi listi verði orðinn úreltur eftir um það bil fimm ár.


**Eldri borgarar** Eiga oft erfitt með að feta sig í netheimum.

**Ráðherra** – Ráðseti, Ráð

**Hjúkrunarkona** – Hjúkrunarfræðingur

**Ruslakall** – Úrgangstæknir

**Skúrningakona** – Ræstitæknir

**Fóstra** – Leikskólakennari

**Mexíkani** – Mexíkói

**Eskimói** – Inúíti

**Indjáni** – Viðeigandi ættbálkaheiti, þau eru um 600 í Bandaríkjunum og mun fleiri annars staðar í Ameríku

**Negri, blökkumaður, blámaður** – Hörundsdökkur

**Negrakoss** – Sælgætisbolla með botni og súkkulaðihjúp

**Nýbúi** – Af erlendum uppruna

**Kynvillingur, faggi** – Samkynhneigður, hommi, lesbía

**Gay Pride** – Hinsegin dagar

**Kynskiptingur** – Transmanneskja

**Tossi, skussi** – Með ADHD, athyglisbrest eða aðra greiningu

**Gamlingi** – Eldri borgari

**Dvergur** – Með dverg-heilkenni

**Vangefinn, þroskaheftur** – Með þroskahömlun

**Mongólíti** – Með Down's-heilkenni

**Geðveikur, klikkaður** – Með andlegar áskoranir

**Dópisti** – Fíkniefnaneytandi, fíkill

**Fyllibytta** – Alkóhólisti

**Róni** – Ógæfumaður

**Helgarpabbi** – Umgengnisforeldri

**Fitubolla** – Stórgerð(ur), í yfirþyngd

**Fóstureyðing** – Þungunarrof








Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is




# HÁGÆÐA DANSKAR INNRÉTTINGAR Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS

TRUSTPILOT
Nettoline fær 5 stjörnur frá dönskum gagnrýnendum


ELDHÚSINNRÉTTINGAR


BAÐHERBERGISINNRÉTTINGAR


ÞVOTTAHÚSINNRÉTTINGAR


FATASKÁPAR & RENNIHURÐIR


Króm
Svört/grá

## BLÖNDUNARTÆKI
Við erum með úrval blöndunartækja fyrir þvottahúsið og eldhúsið.



## VASKAR
Eigum til margar tegundir af vöskum, bæði stál, hvíta og svarta.



## SPEGLAR MEÐ LED LÝSINGU
Eigum til mikið úrval af speglum með led ljósum fyrir baðherbergið.

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

## OPIÐ:
Mán. - fim. kl. 09 til 18
Föstudaga kl. 09 til 17
Laugardagar kl. 11 til 15


**Papúa Nýja-Gínea** Mikil fátækt og spilling.

# Mikill áhugi Kínverja á Papúa Nýju-Gíneu

## Hvað vilja þeir?

**Kristján Kristjánsson**
ritstjorn@dv.is



Þegar forsætisráðherra Papúa Nýju-Gíneu fór nýlega í heimsókn til Peking ræddi hann við kínverskan starfsbróður sinn og sagði honum meðal annars að hann vildi gjarnan leggja stóran og breiðan veg þvert í gegnum Port Moresby, sem er höfuðborg Papúa Nýju-Gíneu. Það er ekkert vandamál svaraði kínverski forsætisráðherrann. „Segðu mér eitt, á hann að vera nægilega breiður til að skriðdrekar komist eftir honum?“

> **„Segðu mér eitt, á hann að vera nægilega breiður til að skriðdrekar komist eftir honum?**


**Xi Jinping** Ráðstefna í Papúa Nýju-Gíneu.

### Miklir peningar

Það eru margar gamansögur eins og þessar sem sagðar eru í Port Moresby þessa dagana en á bak við þær er hins ákveðin alvara og sannleikur því áhrif Kínverja fara sívaxandi í landinu. Kínverjar hafa lagt til fjármagn við fjölda framkvæmda í höfuðborginni, vegir, leikvangar og jafnvel strætisvagnabiðstöðvar hafa verið byggðar fyrir kínverska peninga. Þessi fátæka þjóð hefur tekið þessu fjármagni fagnandi. En áhugi Kínverja á Papúa Nýju-Gíneu er ekki nýr af nálinni og það er áhugi þeirra á Kyrrahafi og ríkjunum þar ekki heldur.

Árið 2016 námu fjárfestingar Kínverja á Papúa Nýju-Gíneu um 21 milljón dollara. Á síðasta ári var upphæðin komin yfir 60 milljónir dollara. Þetta eru auðvitað miklir peningar en ef fjárfestingar og eyðsla Ástrala í landinu er skoðuð sést að hún er mun meiri, en Ástralir standa undir 70% af þeirri fjárhagsaðstoð sem landið fær enda var Papúa Nýja-Gínea áður nýlenda Ástrala. Fátækt er mikil í landinu og um 40% þjóðarinnar hafa minna en einn Bandaríkjadal til framfærslu á dag samkvæmt tölum frá Sameinuðu þjóðunum. Í gegnum tíðina hafa Ástralir sett fjármagn í menntakerfið og þjálfun opinberra starfsmanna til að bæta stjórnsýsluna í landinu. Kínverjar setja á hinn bóginn peninga í það sem íbúar landsins segjast hafa mesta þörf fyrir, innviði.

### Herstöð á næstu áratugum

Allt er þetta hluti af áætlun Kínverja um að tengja Kína við önnur ríki heimsins með fjárfestingum og viðskiptum. Þessi áætlun er hugarfóstur Xi Jinping forseta sem hefur ekki farið leynt með þennan áhuga sinn. Í síðustu viku tilkynntu áströlsk stjórnvöld að þau ætli að fjárfesta fyrir einn milljarð dala á Kyrrahafssvæðinu og verður fjárfestingunum beint að innviðum. Þetta er gert til að mæta vaxandi áhrifum Kínverja á svæðinu.

Á Papúa Nýju-Gíneu hefur verið gagnrýnt að það sé oft vandi við kínversku peningana að ekkert gagnsæi sé um hvernig þeir eru notaðir eða hverjir fá þá. Hluti af þessu vandamáli er léleg stjórnsýsla á Papúa Nýju-Gíneu og mikil spilling. Annar hluti þess er að Kínverjar láta oft fé af hendi og spyrja síðan hvað var gert við það. Þetta veldur því að oft er ráðist í óþörf verkefni sem mikið fé fer í á meðan þarfari verkefni sitja á hakanum, má þar nefna heilbrigðismál.

Það sem dregur Kínverja meðal annars að Papúa Nýju-Gíneu er að þar eru miklar náttúruauðlindir á borð við sjaldgæfar steintegundir. Ekki má heldur gleyma að þar býr þriðjungur allra stuðningsmanna Taívan í heiminum en það er eitthvað sem Kínverjar vilja gjarnan breyta enda er Taívan þeim þyrnir í augum.

En ekki er ósennilegt að Kínverjar séu að horfa langt fram í tímann með þessum fjárfestingum sínum. Ástralir og Bandaríkjamenn óttast að lokatakmark Kínverja sé að koma sér upp herstöð einhvers staðar í Kyrrahafi á næstu tuttugu til þrjátíu árum. Af þessum sökum hafa bæði Ástralir og Bandaríkjamenn undanfarið brugðist við auknum áhrifum Kínverja á svæðinu.

Papúa Nýja-Gínea er í nokkurra þúsunda kílómetra fjarlægð frá Guam sem er bandarískt yfirráðasvæði með stórri herstöð. Í nýrri skýrslu frá bandaríska varnarmálaráðuneytinu kemur fram að líklegt megi teljast að kínverskir herinn hafi hug á að stækka aðgerða- og áhrifasvæði sitt lengra út frá Kína til að sýna fram á getu sína til að ráðast á heri Bandaríkjanna og bandamanna þeirra á vesturhluta Kyrrahafssvæðisins, þar á meðal Guam. ■






GÖNGUGREINING.IS
ALLT Á 30% AFSLÆTTI FRAM Á ÞRIÐJUDAG
EINS OG FÆTUR TOGA
www.gongugreining.is
Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 Reykjavík og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100



# Mörg hundruð njósnarar á vegum Pútíns í Lundúnum

**Vladimír Pútín** Opinber heimsókn til London árið 2012.

## Komst í kastljósið eftir morðtilraun á Sergej Skripal

**Kristján Kristjánsson**
ritstjorn@dv.is



Í nýrri skýrslu frá hugveitunni The Henry Jackson Society er reynt að meta fjölda rússneskra njósnara í Lundúnum og skýra frá starfsaðferðum þeirra. Fram kemur að mörg hundruð njósnarar og upplýsingagjafar á snærum Rússa starfi í borginni. Rússar eru sagðir leggja mikla áherslu á að fá fyrrverandi starfsmenn breskra ráðuneyta til liðs við sig.

Umfang njósnastarfsemi Rússa í Bretlandi komst í kastljósið í kjölfar hinnar misheppnuðu morðtilraunar á Sergej Skripal í Salisbury í mars. Þá var eitrað fyrir honum með hinu bráðdrepandi rússneska taugaeitri Novichok. Bresku lögreglunni tókst að rekja slóð hinna meintu tilræðismanna í Lundúnum og í Salisbury og komast að því hverjir þeir eru. Þar reyndust vera tveir rússneskir leyniþjónustumenn á ferð en rússnesk stjórnvöld þvertóku fyrir það. Þeir mættu í sjónvarpsviðtal hjá rússnesku sjónvarpsstöðinni RT, sem er fjármögnuð af stjórnvöldum í Kreml, og staðhæfðu að þeir væru sárasaklausir menn sem hefðu einfaldlega verið í skoðunarferð í Salisbury og hefðu ekki komið nálægt morðtilrauninni. Þessu trúðu fáir ef nokkur utan Rússlands og meira að segja í Rússlandi hefur fólk miklar efasemdir um þessa frásögn tvímenninganna.

Í kjölfar sjónvarpsviðtalsins skýrði rannsóknarfjölmiðillinn Bellingcat frá réttum nöfnum tvímenninganna og staðfesti þar með það sem breska lögreglan hafði haldið fram, að mennirnir væru rússneskir leyniþjónustumenn á vegum leyniþjónustu hersins GRU. Þeir heita Alexander Mishkin og Anatoliy Chepiga en notuðu dulnefnin Alexander Petrov og Ruslan Boshirov þegar þeir ferðuðust til Bretlands.

Það er auðvitað ákveðinn áfangasigur fyrir Breta að hafa komist að hinu sanna um nöfn og störf tvímenninganna. En enn eru mörg hundruð rússneskir njósnarar, leyniþjónustumenn og upplýsingagjafar við störf í Bretlandi án þess að bresk stjórnvöld viti hverja er um að ræða.

„Pútín sér og heyrir allt: Hvernig rússnesk leyniþjónusta ógnar Stóra-Bretlandi“

Þetta er titill skýrslu The Henry Jackson Society en hún var skrifuð af dr. Andrew Foxall. Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslunni eru allt að 200 rússneskir leyniþjónustumenn í Bretlandi og stýra þeir 500 njósnurum og upplýsingagjöfum. Starfsemi Rússanna beinist að sögn aðallega að Lundúnum og nærliggjandi svæðum. Þeir reyna stöðugt að afla sér upplýsinga um flest það sem viðkemur Bretlandi og breskum hagsmunum og taka virkan þátt í þeirri aðgerðaáætlun Rússa að ala á sundrung og óeiningu á Vesturlöndum.

> **Segðu aldrei neitt opinberlega sem þú vilt ekki að Kreml heyri**



**Rússneskir borgarar** Grunaðir um morðtilraunina á Skripal-feðginunum.

### Margir í útlegð

Í Lundúnum búa tugir þúsunda Rússa sem eru margir hverjir í útlegð, annaðhvort sjálfskipaðri eða tilneyddir, frá Rússlandi. Sumir þeirra starfa á vegum Pútíns og stjórnar hans en aðrir eru harðir andstæðingar forsetans. Rússnesku útsendararnir hafa því gott auga með þeim og stöku sinni eru þeir myrtir að því er segir í skýrslunni.

Á undanförnum árum, allt að áratug, hafa margir andstæðingar Pútíns látist á dularfullan hátt í Lundúnum. Til dæmis er einn Rússi sagður hafa framið sjálfsvíg með því að stinga sig með tveimur hnífum. Auk þessa hafa leyniþjónusta Bandaríkjanna og Bretlands gefið til kynna að rússnesk stjórnvöld starfi með skipulögðum glæpasamtökum á borð við rússnesku mafíuna.

Í skýrslunni er talað um 200 rússneska leyniþjónustumenn í Lundúnum en sumir telja að þeir séu enn fleiri. Erfitt er að leggja mat á fjölda njósnara og upplýsingagjafa Rússa í borginni enda eru Rússar í borginni varir um sig og í rússneska samfélaginu í borginni ríkir nánast ofsóknarbrjálæði. Sumir telja að allt að annar hver Rússi í borginni sé upplýsingagjafi á vegum rússneskra stjórnvalda. Ef það er rétt eru upplýsingagjafarnir allt að 70.000 en um 150.000 Rússar búa í Lundúnum. Markmið rússnesku útsendaranna með því að skapa einhvers konar ofsóknarbrjálæði meðal Rússa í borginni er að koma í veg fyrir að fólk tali af sér.

„Segðu aldrei neitt um einkamálefni sem þú myndir ekki segja opinberlega. Segðu aldrei neitt opinberlega sem þú vilt ekki að Kreml heyri,“ segir í skýrslunni um hugarfar margra Rússa í borginni.

Skýrsluhöfundurinn, Foxall, telur að allt að 1.000 upplýsingagjafar geti verið á vegum Rússa í Lundúnum. Sumir rússnesku njósnaranna starfa í rússneska sendiráðinu og aðrir hjá rússneska viðskiptaráðinu. Enn aðrir nota dulnefni og eru ekki með diplómatavegabréf. Þeir reyna að fá stjórnmála- og embættismenn til liðs við sig. Þeir eru duglegir að mæta í samkvæmi og móttökur til að komast í tæri við stjórnmála- og embættismenn. Aðrir villa á sér heimildir og segjast tilheyra rússnesku stjórnarandstöðunni og enn aðrir segjast starfa við eitthvað allt annað en þeir gera í raun og veru. ■



# SPORT 24

Íþróttavöruverslun




# Black Friday

## 20-50% afsláttur

**Dagana 20. – 24. nóvember**

**Opnunartími**
Virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

**Sundaborg 1** Sími 553 0700

**NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN**

Fylgdu okkur á facebook

DV
Suðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

**Útgáfufélag:** Frjáls fjölmiðlun ehf. **Stjórnarformaður:** Sigurður G. Guðjónsson
**Framkvæmdastjóri:** Karl Garðarsson **Aðalritstjóri og ábyrgðarmaður:** Kristjón Kormákur Guðjónsson
**Aðstoðarritstjóri:** Einar Þór Sigurðsson **Prentun:** Landsprent **Dreifing:** Árvakur

*DV áskilur sér rétt til að birta aðsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.*

**Aðalnúmer:** 512 7000
**Auglýsingar:** 512 7050
**Ritstjórn:** 512 7010

## Sandkorn



### Tobba á fljótandi fæði

**Tobba Marinós** vakti mikla lukku á matarvef Moggans þegar hún upplýsti hvaða tryllitæki í eldhúsinu hún gæti ekki lifað án. Gott og vel.



Hvergi er að sjá að um sé að ræða vörukynningu dulbúna sem frétt en það er þó margt sem bendir til þess að svo geti verið. Til dæmis er alltaf tekið fram hvaða tegund er um að ræða, ekki að það þurfi að eiga tæki með einhvers konar eiginleika. Svo virðist sem Tobba gæti ekki lifað án þess að eiga fjóra Vitamix-blandara … efst á síðunni má svo finna auglýsingu frá Vitamix. Fyrir utan blandarana fjóra myndi hún deyja ef hún ætti ekki töfrasprota með utanáliggjandi hakkavél frá Braun, sem og matarhakkavél frá Magimix. Ef Tobba er ekki að setja nafn sitt á dulbúna auglýsingu, sem er bannað, þá er hún greinilega öll í fljótandi fæðu.

### Allt skotið niður



Tvær fréttatilkynningar bárust DV með stuttu millibili í vikunni. Önnur þeirra var frá Sjálfstæðismönnum í Reykjavík sem sögðu að meirihlutinn í borginni hefði skotið niður allar þeirra hugmyndir á fundi borgarstjórnar. Hugmyndir þeirra væru til þess fallnar að laga allt sem þyrfti að laga. Stuttu síðar kom annar tölvupóstur. Nú frá Samfylkingunni á Alþingi sem kvartaði hástöfum undan því að stjórnarflokkarnir hefðu skotið niður allar þeirra hugmyndir, hugmyndir sem væru til þess fallnar að laga allt sem þyrfti að laga. Svona er stjórnmálaumræðan í dag, allt er víst skotið niður og sá eini sem græðir er almannatengillinn.

# Inga dreifir athyglinni

## Leiðari



**Kristinn Haukur Guðnason**
kristinn@dv.is



Í vikunni greindi DV.is frá því að Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, hefði keypt sér einbýlishús á Ólafsfirði. Það væri varla frásögur færandi nema af því að hún býr í leiguhúsnæði á vegum Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalagsins. Vegleg 148 fermetra íbúð með bílskúr. Þetta þótti blaðamönnum athyglisvert í ljósi þess að eitt af umsóknarskilyrðum Brynju er að umsækjandi eigi ekki fasteign. Þá má umsækjandi ekki hafa yfir 5,1 milljón í laun á ári. Inga hefur á þessu ári fengið 15 milljónir króna. En það gerðist jú, eftir að hún fékk íbúðina í sínar hendur. Á sama tíma og Inga Sæland er forréttinda manneskja í íslensku samfélagi með himinhá laun, er búið að loka fyrir umsóknir hjá Brynju.

Í kjölfarið af þessum fréttaflutningi birti Inga færslu þar sem hún kvartar yfir „rætnum og illgjörnu óvinum“ sem „svífast einskis“ til að „rægja hana og rakka.“ Jafnframt segir Inga að hún hafi haft hátt undanfarið, sé að taka á lífeyrissjóðunum og að flokkurinn sé rísandi í skoðanakönnunum. Má skilja þetta á þann veg að hún haldi því fram að frétt DV sé einhvers konar viðbrögð við því. Að blaðamenn DV hafi verið að ganga erinda lífeyrissjóðanna þegar þeir birtu fréttina.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Inga bregst svona við. Hún hefur áður lýst umfjöllun DV um húsnæðismál hennar sem „skít“, „viðbjóði“ og „illgirni“. Hún er ekki heldur sú eina sem hefur gerst sek um að bregðast við á þennan hátt. Þetta er algengt stef hjá stjórnmálamönnum, þó að fæstir noti jafn sterk orð og Inga.

Eitt dæmið er Braggamálið sem upp kom fyrir skemmstu og DV fjallaði ítarlega um. Til er það fólk sem heldur í alvöru að DV sé í ófrægingarherferð gegn Degi B. Eggertssyni og borgarstjórnarmeirihlutanum. Er þar ekki aðeins um að ræða einhver tröll úr netheimum heldur málsmetandi fólk.

Aldrei er litið inn á við, aldrei er tekið á málunum sjálfum. Þegar upplýst er um mál sem kemur stjórnmálamönnum illa er ráðist á þann sem greindi frá. Það hljóti að vera annarlegar kenndir á bak við skrifin en ekki heiðarleg blaðamennska. Reynt er að stilla fjölmiðlinum og blaðamanninum upp í einhverja blokk, merkja hann og gera orð hans ómarktæk. Í stað þess að líta á sig sem fórnarlamb eða koma af stað samsæriskenningum mættu þeir stjórnmálamenn sem rata á síður blaðanna þegar þeim verður á, miklu frekar líta í eigin barm og læra af mistökunum. Þeir yrðu þá menn að meiri, hvort tveggja sem manneskjur og stjórnmálamenn.

Meirihluti fólks sér í gegnum svona leikrit en þessi hegðun stjórnmálamanna lýsir grundvallarmisskilningi og afskræmingu á því sem fram fer á ritstjórnarskrifstofunni. Hér eru ekki hyrndir púkar í leit að næsta fórnarlambi til að leiða til slátrunar. Hingað koma hvorki forsvarsmenn lífeyrissjóðanna né aðrir peningamenn til þess að skipa fólki fyrir verkum. Fréttir eru ekki fluttar nema fótur sé fyrir þeim og DV tekur heimildavinnu sína mjög alvarlega. DV gengur ekki erinda neinna nema lesendanna sjálfra og almennings.

Við höfum líka trú á því að langflestir átti sig á þessari aðferð stjórnmálamanna og annarra valdhafa til að dreifa athyglinni frá eigin klúðri og spillingu. Traust er lykilorðið í þessu sambandi. Við treystum því að lesendur sjái í gegnum þetta og þeir geta treyst því að við höldum áfram að stinga á kýlum valdsins. ■



Hjúkrunarkonan fer svo með Matthildi gömlu inn á klósett og lætur hana fá bjöllu til að hringja.
Matthildi finnst það flókið en um leið spennandi.

## Spurning vikunnar

### Á að leyfa kirkjuheimsóknir í skólum?













FARÐU ÚT!
MEÐ GAMAN FERÐUM
Borgarferðir
Hreyfi- og lífstílsferðir
Tenerife
Tónleikar
Siglingar
Salou
Fótbolti
Sérferðir
Hópaferðir
Lloret de Mar
Benidorm
Æfinga- og keppnisferðir
Skoðaðu úrvalið á gaman.is!
Gaman
Ferðir
www.gaman.is / 560 2000 / Bæjarhraun 14, 220 Hafnarfirði / gaman@gaman.is

MYNDIR: HANNA




EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR



- Skráningartöflur
- Eignaskiptayfirlýsingar
- Eftirfylgni

ÞARABAKKA 3
S. 578 6800

3 SKREF
BÓKHALDSÞJÓNUSTA
LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR



**Kristinn Haukur Guðnason**
kristinn@dv.is




Eyþór Ingi Gunnlaugsson hefur ekki náð þrítugsaldri enn þá en er þó fyrir löngu orðinn stórt nafn í skemmtanabransanum. Hann á að baki fjölbreyttan feril bæði í tónlist og leiklist og hefur unnið hverja keppnina á fætur annarri, jafnvel þótt hann hafi ímugust á þeim. DV ræddi við Eyþór um ímyndunarveika krakkann á Dalvík, átján ára sjónvarpsstjörnuna, Eurovision-farann og eftirhermuna.

## Átti ímyndaðan vin

Við hittum Eyþór fyrir á kaffihúsinu í núverandi heimabæ hans, Hafnarfirði. Allar hans rætur eru þó fyrir norðan. Eyþór er fæddur árið 1989 og uppalinn á Dalvík í Eyjafirði, elstur þriggja systkina. Móðir hans er leiðbeinandi í skóla og faðir hans er sjómaður sem hefur bæði siglt á togara og trillu. Eyþór var gjarnan dreginn með á sjóinn sem unglingur en hann sá það ekki fyrir sér sem framtíðarstarf.

„Sjómennskan átti ekki við mig. Ég hef alltaf verið upptekinn af leiklist og söng, strax á leikskólaaldri. Þegar ég hitti leikskólakennarana sem ég var hjá rifja þeir þetta gjarnan upp. Varla talandi var ég búinn að ákveða hvað ég vildi gera. Það hefur aldrei neitt annað komið til greina.“

Eyþór fékk góðan stuðning frá foreldrum sínum í að feta þessa braut, en móðir hans var hrifnari af að hann yrði söngvari.

„Henni fannst leikarar eitthvað svo skrýtið fólk,“ segir hann og hlær.

*Hvernig krakki varst þú?*

„Ég var tiltölulega rólegur og mjög utan við mig. Alveg ofboðslega ímyndunarveikur. Hafði svo mikið ímyndunarafl að sem pjakkur átti ég ósýnilegan vin sem hét Ganga. Það mátti ekki loka dyrunum á Ganga. Það þurfti að leggja á borð fyrir hann eins og aðra í fjölskyldunni. Þetta var áður en ég man eftir mér en foreldrar mínir hafa sagt mér vel frá þessu. Eina minningin sem ég á sjálfur var þegar ég fór að skæla í eitt skiptið þegar mamma neitaði að opna dyrnar og Ganga komst ekki inn.“

Þó að Eyþór hætti að sjá og tala við Ganga dvínaði ímyndunaraflið ekki.

„Ég var alltaf að setja upp leikrit, „mæma“ við tónlist og fleira í þeim dúr. Ég var með vínylplötuspilara heima. Þar rúlluðu til skiptis plötur með Ladda og Elvis Presley og ég var með sýningar fyrir gesti og gangandi. Ég var alls ekki ofvirkur en mér leiddist ekki athygli.“

Skólabókin átti ekkert sérstaklega vel við Eyþór en félagslega stóð hann vel og var vinmargur.

„Langt fram eftir lék ég mér



# Sveik sjálfan sig með Eurovision

**■ Ímyndaði vinurinn Ganga ■ Þrefaldur sigurvegari en enginn keppnismaður ■ Fjölbreytnin mikilvæg**

mikið við stelpur. Þegar strákarnir fóru að hafa áhuga á fótbolta leiddist mér. Stelpurnar voru frekar til í að setjast niður með mér og skrifa bók, setja upp leikrit eða bíómyndir."

*Heldur þú að það hafi hentað þér vel að alast upp í litlu sjávarplássi?*

„Já, og ég er ákaflega þakklátur fyrir að hafa alist upp í litlu þorpi. Ég tel að það hafi hentað einstaklingi eins og mér ofboðslega vel. Ég er ekki viss um að ég hefði þrifist jafn vel í allri umferðinni og hraðanum í Reykjavík. Úti á landi hefur maður meiri tíma, það er svo stutt í allt. Ég var svo frjáls."

### Bubbi mætti í plássið

Trúin á leiklistar- og söngferilinn dó aldrei hjá Eyþóri. Eftir grunnskólann fór hann í Verkmenntaskólann á Akureyri. Þar var hann aðeins í eitt og hálft ár en náði þar að leika Jesú Krist og vinna Söngvakeppni framhaldsskólanna. Hann segir:

„Mér gekk illa í skólanáminu og hafði engan áhuga á læra frekar á bókina. Ég vildi læra tónlist og leiklist. Eina ástæðan fyrir því að ég skráði mig í VMA var að einhver hvíslaði því að mér að það myndi hjálpa til við að komast inn í Leiklistarskólann. Ég hef alltaf verið frekar áhyggjulaus og hugsa ekkert of mikið út í hlutina. Læt bara vaða. Það hefur sína kosti og galla, æðruleysi og kæruleysi."

Sigurinn í söngvakeppninni reyndist vera stökkpallur fyrir Eyþór því ári síðar var hann kominn í aðra keppni, Bandið hans Bubba, sem sýnd var á Stöð 2 árið 2008. Eyþór segist þó ekki hafa sótt um það sjálfur.

„Það var búið að biðja mig um að taka þátt en ég hafði engan áhuga á svona raunveruleikasjónvarpi. Þá kom Bubbi sjálfur og náði í mig heim á Dalvík."

*Hvernig var það fyrir átján ára strák?*

„Ég skalf bara á hnjánum og gat ekki sagt nei við hann. Þorði það ekki. Ég gat sagt nei við alla aðra."

Eyþór segist eiga Bubba mikið að þakka því hann vann að lokum keppnina og varð þekkt andlit á skjáum landsmanna. Hann segir að þetta hafi flýtt mjög fyrir ferlinu og gefið honum gott start. Hann fékk snemma svo mikla vinnu við tónlist að hann gat einbeitt sér algjörlega að henni.

„Ég var ekki kominn með fjölskyldu og þurfti ekki að hafa mikið milli handanna til að lifa af. Þess vegna nýtti ég tækifærið og hellti mér á fullt út í þetta."

Eyþór ferðaðist um landið með kassagítarinn, spilaði á tónleikum, árshátíðum og böllum. Eldri tónlistarmenn buðu honum einnig að spila með sér og tóku hann undir sinn verndarvæng. Nefnir Eyþór sérstaklega Magna úr Á móti sól, Hreim úr Landi og sonum og Matta úr Pöpunum, sem einnig er frá Dalvík.

„Þetta var skemmtilegur tími og mikið fjör. Ég held að það hafi hjálpað mér mikið hvað ég er jarðbundinn. Þegar ég hugsa til baka sé ég hversu auðvelt það hefði verið að villast af leið. Átján ára strákur frá Dalvík sem allt í einu verður þekkt andlit úti á götu í Reykjavík. Það er getur verið svolítið stórt stökk fyrir sveitalubba eins og mig."

Árið 2009 var Eyþór gripinn inn í Stuðmenn, þá aðeins tvítugur. Var hann fenginn til að leysa Egil Ólafsson af sem reyndist nokkur áskorun.

„Þetta voru stórir skór að fara í," segir Eyþór og brosir. „Ég ætla ekki að segja að það hafi verið auðvelt, en þetta var mikill skóli og Jakob Frímann kenndi mér mikið. Ég hafði gaman af þessu en það var samt erfitt að standa á sviði með hljómsveitinni, strákpjakkur sem var í einhverjum sjónvarpsþætti. Fólkið úti í sal vildi fá Egil."

### Sveik sjálfan sig

*Nú hefur þú tekið þátt í þremur tónlistarkeppnum og unnið þær allar. Er mikill keppnismaður í þér?*

„Nei. Það er enginn íþróttamaður í mér og enginn keppnismaður. Ég er ekkert hrifinn af keppnum og að það sé yfir höfuð verið að keppa í tónlist. Þetta er nokkuð skondið þegar litið er til baka. Kannski hefur þetta æxlast svona út af kæruleysinu í mér," segir Eyþór og hlær.

Sú stærsta sem hann sigraði í var vitanlega Söngvakeppni Sjónvarpsins árið 2013 með laginu Ég á líf eftir Pétur Örn „Jesú" Guðmundsson og Örlyg Smára. Í kjölfarið flugu þeir út til Malmö til að taka þátt í Eurovision, komust upp úr undanriðlinum og höfnuðu í sautjánda sæti lokakeppninnar.

„Eurovision var aldrei á stefnuskránni hjá mér, jafnvel þó að ég hafi alla ævi verið mjög upptekinn af söng. Kannski datt mér þetta í hug þegar ég var sex eða sjö ára. En allt frá unglingsárum fannst mér þetta það hallærislegasta sem til var."

Eyþór segir að Eurovision hafi í raun verið svik af hans hálfu. Bæði gagnvart sjálfum sér og Bubba Morthens. ▶





**„Ég mátti ekki klúðra þessu fyrir Íslendingum, þeir verða svo sárir.**




**„Langt fram eftir lék ég mér mikið við stelpur, þegar strákarnir fóru að hafa áhuga á fótbolta leiddist mér.**

„Bubbi tók loforð af mér um að fara aldrei í Eurovision þegar ég vann keppnina hans. Ég lofaði því og sveik það síðan. Hann reyndar gerði það á undan mér og samdi texta fyrir lag sem Jógvan söng. Ég fel mig alltaf á bak við það,“ segir Eyþór og skellihlær. „Ég sveik samt aðallega sjálfan mig því að mig langaði ekkert og langar enn ekkert að taka þátt í þessari keppni. Eftir Bandið hans Bubba fékk ég fyrirspurnir á hverju einasta ári. Fékk sendan fjöldann allan af flottum lögum sem ég hefði alveg getað hugsað mér að flytja en ég vildi ekki fara í keppnina. Horfði ekki einu sinni á hana.“

*Hvað var það sem breyttist?*

„Pétur er góður vinur minn og áður en ég kynntist honum var hann átrúnaðargoð mitt því ég hlustaði mikið á Dúndurfréttir. Hann bað mig um að syngja lagið sem var þá komið inn í keppnina. Ég var hikandi til að byrja með, en af því að þetta var Pétur tók ég mér tíma í að hugsa þetta. Af því að ég var svo lengi að ákveða mig var ég eiginlega orðinn of seinn að segja nei,“ segir Eyþór og skellir upp úr. „Sem er mjög lýsandi fyrir mig.“

### Eurovision gervilegur hliðarveruleiki

Ég á líf sker sig úr íslenskum framlögum að því leyti að það var sungið á íslensku í lokakeppninni. Eina lagið síðan tungumálið varð valfrjálst árið 1997.

„Okkur fannst mikilvægt, fyrst við vorum komnir inn í þetta umhverfi, að við gerðum eitthvað sérstakt. Við fengum marga enska texta, bæði frá innlendum og erlendum textahöfundum. En af því að lagið er í raun svo einfalt fannst okkur hæfa því betur að syngja á einhverju álfatungumáli eins og íslensku.“

*Heldur þú að það hafi hjálpað til eða hamlað?*

„Ég held að það hafi frekar hjálpað til,“ segir Eyþór hugsi. „Það voru margir af Eurovision-nördar sem voru þakklátir fyrir að við skyldum hafa valið okkar tungumál.“

*Hvert var takmarkið hjá ykkur?*

„Bara að hafa gaman af þessu. Fyrir mér var þetta allt svo súrt og eins konar bóla. Í viðtölum fengum við alls konar spurningar um takmörk og árangur lagsins og þá leið mér eins og íþróttamanni. Ég reyndi því að snúa mig út úr þeim viðtölum. Ég gekk inn í þetta umhverfi og tók þátt í þessu leikriti. Þarna var rauður dregill og paparassar úti um allt að mynda mig. Svo kom ég aftur heim til Íslands og fór í Bónus eins og venjulega. Þetta var algjör hliðarveruleiki. Það getur verið að aðrir upplifi þetta á annan hátt, en mér fannst þetta allt mjög gervilegt.“

*Varstu smeykur við að standa á þessu sviði?*

„Nei, ég var orðinn vanur því að flytja lög fyrir fjölda fólks. Bæði í ýmsum sýningum í Hörpu og svo á Fiskideginum á Dalvík.“

*Hugsaðir þú ekkert um milljónirnar sem voru að horfa í sjónvarpi?*

„Nei, ég hugsaði lítið um áhorfendur úti í heimi. En þegar myndavélin var fyrir framan mig og það var verið að telja niður í útsendingu hugsaði ég til Íslands. Ég veit hvað Íslendingum þykir upp til hópa vænt um keppnina, alveg sama hvað þeir þykjast ekki gera það. Þegar íslenska lagið byrjar hækka allir í sjónvarpinu. Þá allt í einu áttaði ég mig á því að ég væri ekki að taka þetta nógu alvarlega og þá varð ég stressaður. Ég mátti ekki klúðra þessu fyrir Íslendingum, þeir verða svo sárir,“ segir Eyþór og hlær.

### Eiginkonan skilningsrík

Eyþór hefur fengist við sýningar og tónleika af ýmsum toga í gegnum tíðina. Það sem tekur mestan tíma þessa dagana eru „einkagigg“, þar sem fyrirtæki og einstaklingar ráða hann til að koma fram. Stundum eru þetta fjögur eða fimm gigg á kvöldi. Hann hefur verið meðlimur í hljómsveitinni Todmobile og kemur einnig fram í brúðkaupum, jarðarförum, setur upp tónleika víðs vegar um land og les inn á teiknimyndir svo að dæmi séu tekin.

*Er þessi bransi hark eða koma verkefnin á færibandi?*

„Þetta er vissulega hark, en ég er búinn að vera mjög heppinn undanfarin ár. Í rauninni þyrfti ég ekki að semja neitt sjálfur en ég geri það til að halda mér skapandi. Þegar ég er að skemmta fólki er ég í vinnunni en inni á milli er ég að búa til eitthvað sjálfur. Að skapa er það besta við þetta starf.“

*Hvað er það versta?*

„Hvað þetta getur verið óáreiðanlegt. Stundum er mikil eftirspurn og stundum þarf ég að sækjast eftir verkefnum. Ég er svo lánsamur að hafa getað dottið inn í leikhúsið líka og fengið þar mánaðarlaun eins og venjulegur maður. Fjölbreytnin er lykillinn hjá mér.“

Í dag er Eyþór kvæntur þriggja barna faðir. Eðlilega fylgir skemmtanabransanum mikil fjarvera um kvöld og helgar. Hann segir að eiginkona hans, Soffía Ósk, hafi skilning á þessari fjarveru.

„Hún kynntist mér þegar ég var kominn á fullt í skemmtanabransann. Það hefur reyndar verið meira að gera en venjulega undanfarin þrjú eða fjögur ár og hún hefur sem betur fer verið skilningsrík. Það óhentugasta er að þegar flestir eru í fríi þá er ég í vinnunni. Ég missi til dæmis alveg af desember af því að ég er að spila allan tímann.“

### Vill að öllum líki við sig

Rokkið er aldrei fjarlægt, sérstaklega ekki rokk áttunda áratugarins. Um þessar mundir syngur Eyþór með sveitinni Rock Paper Sisters, sem innblásin er frá þessum tíma.

*Ertu gömul sál?*

„Já. Frá því ég var unglingur hef ég alltaf verið talinn eldri en ég er. Kannski af því að ég lít þannig út eða tala á þann hátt. Að minnsta kosti hef ég eignast vini sem eru umtalsvert eldri en ég.“

*Stefnir þú að því að reyna að „meikaða“?*

„Ég hugsa þetta ekki þannig. Takmark mitt er frekar að reyna að semja meiri tónlist og koma fram á fleiri stöðum. Bæði undir mínu eigin nafni og til dæmis með þessari nýju hljómsveit. Vitaskuld væri gaman að halda utan og spila kannski einhvern túr þar en það er ekki takmark í sjálfu sér.“

*Tekur þú gagnrýni nærri þér?*

„Ég er orðinn tiltölulega þjálfaður í því að tala við fólk, til dæmis eftir böll, sem lætur ýmislegt ▶

# LITLA bílasalan

**Vantar allar gerðir af bílum á skrá**

www.litla.is 587 7777

Eirhöfði 11, Reykjavík



TOYOTA Land cruiser 150 series gx. Árgerð 2018, ekinn 32 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 7.990.000. Rnr.242678.



VW Polo. Árgerð 2017, ekinn 64 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.580.000. Rnr.112034.



VW Touareg. Árgerð 2016, ekinn 49 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 7.490.000. Rnr.141731.



VOLVO Xc90 inscription. Árgerð 2015, ekinn 42 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 7.990.000. Rnr.242667.



TOYOTA Yaris active 1.3 Árgerð 2014, ekinn 89 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 1.280.000. Rnr.242351.



TOYOTA Hilux invincible. Árgerð 2017, ekinn 40 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 5.690.000. Rnr.112145.



PORSCHE Cayenne s e-hybrid. Árgerð 2017, ekinn 18 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 11.490.000. Rnr.111877.



MMC Outlander. Árgerð 2017, ekinn 57 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Rnr.111810. eigum til fleiri bíla!



MERCEDES-BENZ Ml 250 bluetec 4matic. Árgerð 2013, ekinn 88 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 5.490.000. Rnr.242147. einnig til 2014 á staðnum!



LAND ROVER Discovery 3 se. Árgerð 2007, ekinn 228 Þ.KM, (minna á vél) dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.290.000. Rnr.141204.



KIA Sorento luxury. Árgerð 2017, ekinn 75 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 5.290.000. Rnr.111836.



JEEP Grand cherokee limited 4x4 dísel 32”. Árgerð 2012, ekinn 105 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.950.000. Rnr.112266.

LITLA bílasalan

Vantar allar gerðir af bílum á skrá

www.litla.is 587 7777

Eirhöfði 11, Reykjavík

# „Það myndi brjóta í mér hjartað að vita af einhverjum sem væri sár við mig út af eftirhermu



flakka. Oft mjög drukkið fólk. Oftast næ ég að leiða svona hluti hjá mér. Ég get orðið þakklátur ef ég fæ góða gagnrýni. Líka mjög sár ef ég fæ vonda. Einn af mínum göllum er að ég vil að öllum líki vel við mig, sem er ekki hægt. Það er mitt eilífðarverkefni að reyna að láta mér standa á sama um hvað fólki finnst.“

**Eftirhermurnar náttúrulegar**

Í desember ferðast Eyþór um landið með gítarinn og kemur fram á jólatónleikum. Eru þetta nokkuð innilegir tónleikar þar sem hann segir einnig sögur og gantast við áhorfendur. Kórar úr heimabyggð taka einnig undir með honum. Eyþór er orðinn landsþekktur fyrir eftirhermur sínar, til dæmis af Ladda, Kristjáni Jóhannssyni, Jakobi Frímanni og fleirum.

„Ég hef alltaf gert þetta, alveg síðan ég var krakki. Laddi var fyrstur af því að hann var átrúnaðargoðið mitt og ég hlustaði sífellt á hann. Það var hins vegar ekki fyrr en fyrir nokkrum árum að ég byrjaði að gera þetta opinberlega. Það er mikið grínast baksviðs og þegar ég var að rifja upp sögur var mér bent á að ég næði fólkinu sem ég var að tala um vel. Það var samt ekki meðvitað, ég hef aldrei sest niður og unnið í eftirhermunum. Þær eru líka misgóðar.“

Eyþór segist í dag eiga ágætis safn sem hann getur gripið í, þar af margar persónur sem Laddi skapaði.

*Hvernig taka fyrirmyndirnar þessu?*

„Ég veit það ekki,“ segir Eyþór hugsi. „Ég held og vona innilega að flestir taki þessu létt. Ástæðan fyrir því að ég hermi eftir fólki er að ég hef fylgst mikið með því og lít upp til þess. Það myndi brjóta í mér hjartað að vita af einhverjum sem væri sár við mig út af eftirhermu.“

*Myndir þú þá hætta með þá persónu?*

„Já. Mig langar svo til að fólki líki vel við mig,“ segir Eyþór og hlær dátt.

Auk þess að túra um landið kemur Eyþór fram á stórum jólatónleikum með Jóhönnu Guðrúnu um helgina í Háskólabíói. Þeir eru af allt öðrum toga, íburðarmeiri, hátíðlegri og fjörugri.

„Þetta verður mikið stuð, gospel og læti. Þarna verður mikil pissukeppni á milli okkar um hvort nær hærri nótum.“ ■

*Hægt er að nálgast miða á alla jólatónleika Eyþórs Inga á midi.is*





Vinnum fyrir öll tryggingafélög
3 ára ábyrgð á framrúðu ísetningum
BÍLRÚÐU MEISTARINN
Sérhæft bílrúðuverkstæði með bílasmíðameistara
Dalvegi 18, Kópavogi / Sími: 571 1133 / brm@brm.is




Sími 445-9555
Glamúr
HairDoo
Dalvegur 18

# ÁRIÐ SEM ENGINN ÍSLENDINGUR MUN GLEYMA

## Erfiðasta ári landsliðsins lokið þegar kemur að úrslitum

Hörður Snævar Jónsson
hoddi@433.is



Einu erfiðasta ári í sögu íslenska karlalandsliðsins í fótbolta er lokið og vann liðið ekki leik á alþjóðlegum leikdegi árið 2018. Liðið vann tvo B-landsleiki gegn Indónesíu í upphafi árs, þar mátti ekki velja bestu leikmenn liðsins. Þegar talað er um eitt versta ár í sögu landsliðsins verður hins vegar að taka með í reikninginn að liðið tók þátt í heimsmeistaramótinu í fótbolta í fyrsta sinn. Ísland er minnsta þjóð sem hefur tekið þátt í þessum stærsta íþróttaviðburði sem fram fer í heiminum. Þótt árið hafi verið erfitt er það hins vegar einnig það merkilegasta í sögu fótboltans á Íslandi. Jafnteflið gegn Argentínu í Moskvu verður rifjað upp þangað til hlýnun jarðar klárar allt.

### Varnarleikurinn í molum og sóknin virkar illa

Tölfræði landsliðsins á árinu er ekki góð, liðið fékk á sig 33 mörk í 13 leikjum. Undir stjórn Lars Lagerbäck og Heimis Hallgrímssonar var þetta langsterkasta vígi liðsins og liðið hélt oftar en ekki hreinu og fékk alltaf færi sem voru nýtt. Vörnin hefur ekki virkað vel í ár, þar er ekki aðeins hægt að skella skuldinni á varnarlínuna eða markvörðinn. Liðið hefur ekki varist vel með heild. Sóknarleikurinn hefur heldur ekki virkað eins og hann á að gera; 12 mörk skoruð í 13 leikjum er ekki gott. Minna en mark í leik sem segir alla söguna. Ljóst er að Erik Hamren þarf bæði að ná að stoppa í götin og fá sóknarleikinn til að virka. Mikil vinna er fyrir höndum.



| Draumariðill Íslands að mati DV | |
|---|---|
| Pólland | Kýpur |
| Ísland | Færeyjar |
| Finnland | |

| Leikir landsliðsins á árinu | |
|---|---|
| 23. mars | Mexíkó 3-0 Ísland |
| 27. mars | Perú 3-1 Ísland |
| 2. júní | Ísland 2-3 Noregur |
| 7. júní | Ísland 2-2 Gana |
| 16. júní | Ísland 1-1 Argentína |
| 22. júní | Ísland 0-2 Nígería |
| 26. júní | Ísland 1-2 Króatía |
| 8. september | Sviss 6-0 Ísland |
| 11. september | Ísland 0-3 Belgía |
| 11. október | Frakkland 2-2 Ísland |
| 15. október | Ísland 1-2 Sviss |
| 15. nóvember | Belgía 2-0 Ísland |
| 19. nóvember | Katar 2-2 Ísland |

### Er óheppni til í fótbolta?

Íslenska liðið gekk á guðs vegum, ef þannig má að orði komast undir stjórn Lagerbäck og Heimis. Lykilmenn voru alltaf heilir heilsu þegar mikilvægir leikir voru fram undan. Sem dæmi að á Evrópumótinu í Frakklandi var sama byrjunarlið í öllum fimm leikjunum. Fyrir Heimsmeistaramótið fór að halla undan fæti, Gylfi Þór Sigurðsson meiddist illa og skömmu síðar meiddist fyrirliðinn, Aron Einar Gunnarsson. Gylfi hafði náð fínni heilsu fyrir HM en Aron lék nánast meiddur, fórnaði sér fyrir land og þjóð og þurfti að borga fyrir það. Hann var á sjúkrabekknum næstu mánuði hjá félagsliði sínu. Í síðasta verkefni liðsins, gegn Belgíu og Katar, vantaði nánast allt byrjunarliðið. Aðeins Hannes Þór Halldórsson, Kári Árnason, Aron Einar Gunnarsson og Hörður Björgvin Magnússon tóku þátt í verkefninu af þeim leikmönnum sem leikið hafa stórt hlutverk síðustu ár. Hamren hefur því verið óhemju óheppinn.

### Kemst liðið á sitt þriðja stórmót?

Þrátt fyrir að allt sem á undan er gengið og það sem talið er upp hér í töflu er hægt að horfa björtum augum til framtíðar. Fram undan er undankeppni fyrir Evrópumótið árið 2020 sem hefst í mars og lýkur seint á næsta ári. Þar er Ísland í öðrum styrkleikaflokki þegar dregið verður í riðla í byrjun desember. Tvö lið munu fara beint áfram á stórmótið sem haldið verður um alla álfuna. Ef íslenska liðinu mistekst að tryggja sig inn á mótið í gegnum undankeppni EM eru allar líkur á að liðið fái annan möguleika í gegnum umspil. Þar sem magnaður árangur Íslands hafði komið liðinu í A-deild Þjóðadeildarinnar, sem var að ljúka, gæti það gefið liðinu möguleika á sæti á EM. Líklegast er að öll lið úr A-deild Þjóðadeildarinnar fari beint inn á EM, ef það gerist ekki er einnig afar ólíklegt að færri en átta lið fari beint inn. A-deild Þjóðadeildarinnar, líkt og aðrar deildir í þeirri keppni, gefur eitt sæti á EM í gegnum umspil sem fram fer í mars árið 2020. Ef átta lið eða fleiri tryggja sig inn í gegnum undankeppni EM, þá fer Ísland í umspil um laust sæti þar, að því gefnu að liðinu mistakist að fara inn á mótið í gegnum hina hefðbundnu leið. Það eru því ansi góðir möguleikar á að strákarnir okkar komist á þriðja stórmótið í röð, leikmenn eru á besta aldri og ef meiðslum fækkar og leikur liðsins smellur saman, eru allir vegir færir. ■

| Styrkleikaflokkar fyrir undankeppni EM: | |
|---|---|
| Fyrsti styrkleikaflokkur: | Belgía, Spánn, Frakkland, Ítalía, Króatía, Pólland, Sviss, Portúgal, Holland, England. |
| Annar styrkleikaflokkur: | Þýskaland, Ísland, Bosnía, Úkraína, Danmörk, Svíþjóð, Rússland, Austurríki, Wales, Tékkland. |
| Þriðji styrkleikaflokkur: | Slóvakía, Tyrkland, Írland, Norður-Írland, Skotland, Noregur, Serbía, Finnland, Búlgaría, Ísrael. |
| Fjórði styrkleikaflokkur: | Ungverjaland, Rúmenía, Grikkland, Albanía, Svartfjallaland, Kýpur, Eistland, Slóvenía, Litháen, Georgía. |
| Fimmti styrkleikaflokkur: | Makedónía, Kósóvó, Hvíta-Rússland, Lúxemborg, Armenía, Aserbaídsjan, Kasakstan, Moldóva, Gíbraltar, Færeyjar. |
| Sjötti styrkleikaflokkur: | Lettland, Liechtenstein, Andorra, Malta, San Marínó. |






CARGOFLUTNINGAR
Sími: 845 0900




Suðurnes
Reykjavík
Suðurnes

Tvisvar á dag!

Sími 845-0900 • cargoflutningar@gmail.com • Finndu okkur á facebook

# 210 met og er bara rétt að byrja




MYNDIR: HANNA
Júlían heldur sig við kraftlyftingar frekar en aflraunir.

**■ Koma svo HÚH! ■ Innbyrðir 4–5 þúsund kaloríur á dag ■ Hlynntur lyfjaprófi í íþróttum**



Erla Dóra
erladora@dv.is

Júlían J. K. Jóhannsson má með réttu kalla mann með mönnum. Hann er 25 ára Reykvíkingur sem á dögunum sló heimsmet í réttstöðulyftu á heimsmeistaramóti í kraftlyftingum í Halmstad í Svíþjóð og það í tvígang. Blaðamaður settist niður með Júlían og ræddi við hann um heimsmetið, kraftlyftingar og lífið.

Júlían er fæddur árið 1993. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hann stundað kraftlyftingar í tæpan áratug og hefur á þeim tíma hlotið, meðal annars, þrjá Íslandsmeistaratitla í kraftlyftingum og fjóra í réttstöðulyftu, tvo heimsmeistaratitla í unglingaflokki, titilinn Íþróttamaður ársins 2015 og svo hefur hann slegið 210 met og á í dag á þriðja tug af þeim metum.

Árið 2018 má með sanni kalla hans besta ár til þessa, en á árinu hefur hann slegið öll sín persónulegu met sem og heimsmet, ekki einu sinni heldur tvisvar.

Júlían tók á móti blaðamanni á hlýlegu heimili sínu þar sem hann bauð upp á rjúkandi heitt kaffi úr mokkakönnu með vænni slettu af próteindrykk á meðan hvolpurinn Stormur fylgdist, af takmörkuðum áhuga, með frá gólfinu.

## Fann köllunina

Júlían hefur verið stór og sterkur frá því að hann man eftir sér. Áður en hann lagði stund á kraftlyftingar þá æfði hann körfubolta. „Ég eignast þar mjög góða vini sem ég á enn í dag og fæ þar nasasjón af íþróttaiðkun,“ segir Júlían. Þrátt fyrir að hafa ákaflega gaman af körfubolta og að hafa notið þess góða anda sem ríkti í keppnisferðum og í búningsklefanum þá fór hugur Júlíans um 15 ára aldurinn að reika frá körfuboltanum. Hann fann á sér að hann hefði ekki þann áhuga sem þarf til að láta að sér kveða í körfunni og leitaði þá inn á líkamsræktarstöðvarnar þar sem hann fór að lyfta og fann um leið að lyftingar væru hans köllun og varð þá ekki aftur snúið. „Ég held það hafi alltaf blundað í mér löngunin til að verða mjög stór og sterkur,“ segir hann. Kraftlyftingar heilluðu hann upp úr skónum og körfuboltinn varð að víkja.

Þótt kraftlyftingar teljist til einstaklingsíþrótta þá er enginn maður eyland. Það þarf teymi til að ná árangri og margir sem styðja við bakið á Júlían bæði á æfingum og í keppnum. „Maður gerir þetta með æfingarfélögunum sínum, fjölskyldu og vinum.“

Þegar Júlían byrjaði í kraftlyftingum leit hann einkum upp til Auðuns Jónssonar úr Breiðabliki. Auðunn Jónsson var einn fremsti kraftlyftingamaður Íslands um áratuga skeið og þekkir Júlían til fárra sem hafa keppt í íþróttinni jafn lengi.

## Trúir á lyfjapróf

Aflraunakeppnir á borð Vestfjarðavíkinginn og Sterkasta mann Íslands þekkja landsmenn flestir vel og hefur Júlían íhugað að taka þátt í þeim, en hikar þó við því þar er engin krafa sett fram um að keppendur fari í lyfjapróf. „Ég er þeirrar

> **Það felst ekki fórn í að stunda eitthvað sem maður elskar**

skoðunar að íþróttamenn eigi að vera lyfjaprófaðir og tók ákvörðun snemma á mínum ferli um að ég vildi keppa í íþróttum þar sem slíkt tíðkast,“ segir Júlían en Kraftlyftingasamband Íslands er innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands sem fer eftir skilyrðum Alþjóða lyfjaeftirlitsstofnunarinnar, WADA, um lyfjaeftirlit og -próf.

## Allt er hægt

Ekki er hlaupið að því að gerast atvinnumaður í kraftlyftingum þó svo Júlían vilji gjarnan verða slíkur. Í dag þarf hann að sinna vinnu samhliða lyftingunum til að hafa í sig og sína. „Ég er samt rosalega þakklátur að geta stundað það sem mér þykir svona skemmtilegt og að fá tækifæri til að keppa á þessum stóru mótum.“ Hann hefur verið lánsamur og hlotið styrki frá Íþróttasambandinu, Kraftlyftingafélaginu Ármanni og Mjólkursamsölunni svo dæmi séu tekin og fyrir það er Júlían innilega þakklátur.

## Hlaðborðin best

Til að ná árangri í kraftlyftingum þarf að gæta vel að mataræðinu til að hafa orku og úthald í lyftingarnar sem og að gæta þess að viðhalda vöðvamassa. Júlían reynir að borða á bilinu fjögur til fimm þúsund kaloríur á degi hverjum og reiknast honum til að hann neyti að meðaltali lítra af ▶



KYNNINGARBLAÐ

# Jólablað

**Ábyrgðarmaður:** Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is **Umsjón:** Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is








GJÖFIN HENNAR









● Sími: 553-7355 ● www.selena.is ● Næg bílastæði

Selena undirfataverslun

Selena

Bláu húsin við Faxafen

1000 ÁRA SVEITAÞORP:

# Kartöflusúpa systranna klikkar ekki




Hann Ársæll Markússon, hjá 1000 Sveitaþorp, teflir hér fram uppskrift að afar ljúffengri og nærandi kartöflusúpu. Umhverfisvæn kartöfluræktun er hugsjón hjá Ársæli en kartöflurnar frá honum eru í umhverfisvænum umbúðum:

„Ég er búinn að vera í kartöflum frá því ég var pínulítill patti og í gegnum tíðina hef ég séð hvað plastnotkun hefur aukist gríðarlega. Ég spurði sjálfan mig hvernig gæti ég breytt nærumhverfi mínu til að sporna við þessu og svarið var sérvaldar og handpakkaðar kartöflur í fallegum, umhverfisvænum umbúðum,“ segir Ársæll.

Kalla má 1000 ára sveitaþorp fjölskyldufyrirtæki en Ársæll, sem er alinn upp við kartöfluræktun í Þykkvabænum, starfar einn í fyrirtækinu en nýtur aðstoðar foreldra sinna sem eru gamalgrónir kartöfluræktendur. Ársæll er 32 ára gamall, menntaður matreiðslumaður og hefur starfað í Bandaríkjunum, Frakklandi og Danmörku. „Síðan kom ég heim og þá var gott að leita aftur til upprunans, komast með hendurnar aftur í jörðina, í gróðurmoldina,“ segir Ársæll.■

**Kartöflusúpa systranna**

„Kartöflusúpa systranna er tekin úr Ívars-Gunnu, en það er dagbók Kvenfélagsins Sigurvonar úr Þykkvabæ. Hún er frá árinu 2000. Þetta er klassasúpa sem klikkar ekki,“ segir Ársæll sem hér lætur ljós sitt skína sem matreiðslumaður. Kartöflusúpa systranna er svo sannarlega ekki fyrsta súpan sem hann hefur eldað:

„Fyrsta súpan sem ég eldaði var hundasúrusúpa, þegar ég var 10 ára. Þannig að kokkurinn hefur blundað í mér í þó nokkurn tíma, ég er búinn að læra góð undirstöðuatriði í eldamennskunni sem hafa nýst mér vel.“

Ein frægasta súpa í söguvitund þjóðarinnar er naglasúpan en Ársæll hafði alveg sérstök kynni af þeirri sögu í æsku: „Ég man eftir þjóðþekktu sögunni um umrenninginn og naglasúpuna. Ég lék nefnilega umrenninginn í barnaskóla þegar leikritið var sett upp. Ég er dálítill súpugerðarmaður í mér eins og umrenningurinn. Ef ég á beikon og papriku í ísskápnum þá er ekki vitlaus hugmynd að bæta því út í.“

**Uppskriftin að Kartöflusúpu systranna er eftirfarandi:**

8–10 meðalstórar kartöflur
Grænmetisteningur
1 dós rjómaostur
Púrrulaukur
Paprika
Gulrætur
Sveppir
Hvítlauksrif

Kartöflurnar skornar í teninga og soðnar þannig að vatnið fljóti vel yfir.

Grænmetisteningurinn settur út í. Grænmetið steikt á pönnu og síðan sett

úti soðið hjá kartöflunum þegar þær eru soðnar. Soðið saman í smá tíma

ásamt rjómaostinum. Borið fram með nýbökuðu brauði.

„Galdurinn á bak við þetta er að vera óhræddur þó að vanti nákvæmar mælieiningar.

Súpur eiga að vera sirka og slump, segir hún mútta mín.“

Sjá einnig vefsíðuna https://1000arasveitathorp.is/#


TILBOÐSTVENNA
Sælutvennan
- betri svefn og
meiri orka
ICEHERBS
NATURA ISLANDICA
D-vítamín
Orkublanda
d-vítamín 2000 AE
& íslensk
burnirót
ICEHERBS
NATURA ISLANDICA
sofðu rótt
Hrein MAGNOLIA
með fjallagrösum
NÁTTÚRULEG OG
GÓÐ SLÖKUN
www.iceherbs.is
ICEHERBS
NATURA ISLANDICA



# „Eina platan á heimilinu“

## Hallgrímur Helgason segir frá eftirminnilegustu jólagjöfinni

Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is

Hallgrímur Helgason er einn besti og þekktasti rithöfundur þjóðarinnar en eftirminnilegasta jólagjöfin hans er þó ekki úr heimi bókanna heldur tónlistarinnar:

„Eina jólagjöfin sem ég man eftir úr æsku er lítil 45 snúninga hljómplata sem Else, dönsk vinkona mömmu í Köben, sendi fjölskyldunni jólin 1970 af því hún vissi að von var á plötuspilara inn á heimilið. Þetta var smáskífan „Oye Como Va“ með Santana. Í nokkra mánuði var þetta eina platan á heimilinu og við systkinin spiluðum hana í drep. Sándið var hreint ótrúlegt, lagið frábært, og ég bara komst ekki yfir þetta fyrirbæri sem tónlist í stofu var og stóð heilu eftirmiðdagana yfir plötuspilaranum og „horfði á“ lagið. „Oye Como Va“, sem var upphaflega samið af Tito Puente, hefur allar götur síðan átt heitan sess í hjarta mínu. Í áttunni (níunda áratugnum) í Ameríku hitti ég svo eitt sinn stelpu sem hafði deitað Carlos Santana og er það það næsta sem ég hef komist guði.“

### Besta bók Hallgríms?

Nýjasta skáldsaga Hallgríms heitir Sextíu kíló af sólskini en í henni er fjallað um mikla umbrotatíma í íslenskri sögu. Hér er sagt frá því þegar nútíminn sigldi til hafnar á Norðurlandi og Norðmenn námu landið öðru sinni. Drengur sem bjargast fyrir kraftaverk hlýtur að eiga framtíð en það er eins og forlögin geti ekki gert upp við sig hver sú framtíð eigi að vera. Á hann að vera eftirlæti kaupmannsins á Fagureyri, þræll á framandi duggu eða niðursetningur hjá kotungum í Segulfirði? Í stöðnuðu samfélagi torfaldar eru ekki fleiri möguleikar, en svo kemur síldin! Öreigar landsins sjá peninga í fyrsta sinn og allt breytir um svip.

Bókin hefur fengið frábærar viðtökur og Egill Helgason sagði nýlega í bókmenntaþættinum Kiljunni á RÚV að hann teldi þetta vera bestu bók Hallgríms til þessa. ■






## SUÐUR SÚKKULAÐI:

# Handgert konfektsúkkulaði

Þetta súkkulaði er ekki eitthvað sem þú kaupir þegar þig langar í nammi úti í sjoppu, heldur meira þegar þú vilt gera virkilega vel við þig eða færa einhverjum sælkeragjöf," segir Finnur Bjarki Tryggvason en hann rekur súkkulaðigerðina Suður Súkkulaði ásamt eiginkonu sinni, Magneu Þóreyju Hilmarsdóttur. Þau framleiða sex tegundir úr hágæða hráefni frá belgísk/frönskum framleiðanda og einnig er konfektframleiðsla í pípunum.

„Við kaupum hráefni sem er unnið úr kakóbaunum. Þetta er því hrein og góð afurð. Það er ákveðið hollustugildi í svona konfektsúkkulaði, unnu úr kakómassa og kakósmjöri. Það er töluverð upplifun og mettun í hverjum mola, er mér óhætt að segja."

Fjórar af sex tegundum sem Suður Súkkulaði framleiðir eru hreint súkkulaði, misjafnlega dökkt, en í tvær er blandað döðlum og heslihnetum annars vegar og hins vegar pekanhnetum og kirsuberjakrispi.

„Ein af tegundunum okkar er lífrænt, dökkt súkkulaði og í því eru þrjú innihaldsefni, lífrænn hrásykur, lífrænn kakómassi og lífrænt kakósmjör. Ég held að við höfum veðjað á rétt með því að fara út í þetta lífræna því þeir sem eru fyrir dökkt súkkulaði vilja gjarnan fara alla leið."

Nýjasta góðgætið í vörulínunni hjá Suður Súkkulaði er Ruby. „Ruby er kallað fjórða súkkulaðið, unnið úr Ruby--kakóbauninni og er án litar og aukabragðefna. Alveg frábært súkkulaði, rúbínrautt á litinn með ávaxta/berjatónum," segir Finnur. Ruby er 47,3% súkkulaði frá Callebaut í Belgíu.

Suður Súkkulaði er með lögheimili á Hvolsvelli en starfsstöð að Goðalandi í Fljótshlíð. „Við höfum verið mest á Suðurlandinu en erum að teygja okkur víðar um landið, til Reykjavíkur, í Borgarfjörð, á Suðurnes og austur á við og það var nokkuð stórt skref að fara í flugstöðina," segir Finnur en Suður Súkkulaði kom fyrst með vöru á markað í júní 2017.

Fyrirtækið stækkar hægt og rólega en bæði Íslendingar og erlendir ferðamenn kunna vel að meta þetta handgerða gæðasúkkulaði þar sem sú hollusta sem gott súkkulaði býr yfir fær að njóta sín ásamt ljúffengu bragði. ■
















## FPD DESIGN SYMBOLS OF LIFE:

# Einstakir gripir með mikla þýðingu

Silfurskartgripirnir hennar Fríðu Pálmadóttur hafa fengið lof hvar sem þeir hafa sést enda eru gripirnir fallegir og margir hverjir algerlega einstakir.

**Innblástur frá náttúrunni**

„Ég fæ mikinn innblástur frá náttúrunni og hef til dæmis hannað línur með stuðlaberg og regndropa í huga. Einnig hannaði ég línu með fjöruna í forgrunni. Svo hef ég verið að prófa mig áfram með mánaðarsteina og hefur fólk tekið ótrúlega vel í það,“ segir Fríða.

Nýjasta lína Fríðu heitir Máni og hannaði hún þá línu í samstarfi við unga systurdóttur sína. Máninn er smíðaður í nokkrum útgáfum. Tvær stærðir eru af hálsmenum og nokkrar útfærslur eru á eyrnalokkunum. Eyrnalokkar eru með og án steina. Boðið er upp á val á steinum í 12 litum, einn fyrir hvern mánuð og svo er hægt að fá svartan stein. Máninn er handsmíðaður eins og allir skartgripirnir og enginn Máni er nákvæmlega eins. Einnig eru til hringir og armbönd sem passa vel með skartgripalínunni Mána.

**Lífstáknin og merkingin**

„Þegar ég hanna nýjan skartgrip er ég nánast alltaf með lífstáknin fjögur í huga. Nafnið Symbols of Life á hönnunarfyrirtækinu er tilvísun í lífstáknin sem eru sem sagt eldur, vatn, jörð og loft og mætti rekja allt sem ég hef hannað til þessarra fjögurra lífstákna. Fyrsta línan mín hét svo Lífstáknið og notaði ég þá táknin beint í hönnunina,“ segir Fríða.

**Einstakir gripir**

Það má segja að Fríða sé eins og konurnar sem eru alltaf „með eitthvað á prjónunum“ í þeirri merkingu að hún er sífellt að hanna og smíða eitthvað nýtt. Hún hefur smíðað ógrynnin öll



af einstökum gripum. „Margir hverjir eru bara til í einu eintaki og því ertu í raun að kaupa einstakan skartgrip sem enginn annar á,“ segir Fríða. Fríða segist einnig vera opin fyrir samstarfi og verkefnum. Vel kemur til greina að hanna og sérsmíða skartgripi að óskum viðskiptavina.

Allir finna eitthvað við sitt hæfi óháð aldri og kyni.

Skartgripi Fríðu FPd design má finna á eftirfarandi sölustöðum:

etsy.com/shop/fpddesign

gadget.is

Í húsi blóma í Spönginni, Grafarvogur

Minjasafn Akureyrar

Laufás gestastofa í Eyjafirði

Fleiri myndir má meðal annars sjá á Facebooksíðunni Silfurskart, og Instagram-síðunum: silfurskart og móðinsmeyjar

Sími: 893-4747 ■





SETTU GLEÐISTUND Í JÓLAPAKKANN:

# Gjafakort í Þjóðleikhúsið er tilvalin jólagjöf

Aðsókn að leiksýningum Þjóðleikhússins hefur verið með eindæmum góð á leikárinu og vinsælar sýningar verða áfram á fjölunum eftir áramót, auk þess sem nýjar og spennandi sýningar verða frumsýndar á næstunni. Gjafakort í Þjóðleikhúsið er því kærkomin jólagjöf fyrir marga en kortið er hægt að kaupa á vef Þjóðleikhússins, leikhusid.is, eða í afgreiðslunni við Hverfisgötu.

Hér er yfirlit yfir helstu verkefni leikhússins í vetur: ■



**Ronja ræningjadóttir – Uppselt út 2018**

Stórskemmtilegur og æsispennandi söngleikur fyrir alla fjölskylduna!

Ronja ræningjadóttir er einstök saga um óvenjulega vináttu, heitar tilfinningar, hættuleg ævintýri, sorg og gleði. Salka Sól fer með hlutverk Ronju og Sigurður Þór Óskarsson leikur vin hennar, Birki. Meðal annarra leikara eru Örn Árnason, Vigdís Hrefna Pálsdóttir og Edda Björgvinsdóttir, en stór hópur leikara, dansara, barna og tónlistarfólks tekur þátt í þessari fjörugu og fallegu sýningu. Sýningin hefur hlotið einróma lof áhorfenda og gagnrýnenda enda er aðsókn með því mesta sem sést hefur í leikhúsinu. Ronja ræningjadóttir verður áfram á fjölunum eftir áramót.




**Loddarinn Tartuffe – Hárbeitt verk eftir meistara gamanleikjanna**

Molière er sannkallaður meistari gamanleikjanna og leikrit hans um loddarann Tartuffe er eitt hans allra vinsælasta verk.

Hræsnaranum Tartuffe hefur tekist að ávinna sér traust og aðdáun heimilisföðurins Orgons og vefja honum um fingur sér, fjölskyldu hans til óbærilegrar hrellingar. Smám saman er Tartuffe farinn að stjórna lífi heimilisfólksins. Þegar Orgon fær þá flugu í höfuðið að gifta dóttur sína Tartuffe eru góð ráð dýr.

Leikstjóri sýningarinnar, Stefan Metz, er íslenskum leikhúsunnendum að góðu kunnur fyrir sýningar á borð við Eldraunina og Horft frá brúnni.




**Einræðisherrann**

Meistaraverk Charlies Chaplins á leiksviði, í bráðskemmtilegri, nýrri gerð.

Leikgerð Nikolajs Cederholms af kvikmyndinni Einræðisherranum sló rækilega í gegn hjá Nørrebro-leikhúsinu í Kaupmannahöfn á liðnu leikári, og gagnrýnendur hlóðu lofi á sýninguna!

Nú gefst íslenskum leikhúsgestum kostur á að sjá Sigga Sigurjóns stíga á svið í hlutverki flækingsins sem verður einræðisherra fyrir röð mistaka.

Heillandi, bráðskemmtileg og frumleg leiksýning um valdasýki, möguleika mennskunnar í trylltri veröld og baráttuna fyrir friði í heiminum.



**Klókur ertu, Einar Áskell**

Við fylgjumst með degi í lífi feðganna Einars Áskels og pabba hans, þar sem daglegt líf fær á sig ljóma ævintýrs, eins og tilvera okkar allra getur gert í einu vetfangi, ef við opnum fyrir leikinn, sköpunina og ímyndunaraflið. Einar Áskell veit fátt skemmtilegra en þegar pabbi hans tekur sér tíma og leikur við hann. Það næstskemmtilegasta er að fá að leika sér með verkfærakassann, en það er stranglega bannað og stórhættulegt að leika sér með söginal!

**ÍTARLEGAR UPPLÝSINGAR UM ALLAR SÝNINGAR ÞJÓÐLEIKHÚSSINS ER AÐ FINNA Á LEIKHUSID.IS.**




**Fly me to the moon**

Nýtt verk eftir höfund hins geysivinsæla leikrits Með fulla vasa af grjóti

Bráðskemmtilegt verk um tvær kjarnakonur sem hafa alltaf þurft að hafa fyrir lífinu, en standa skyndilega frammi fyrir möguleikanum á að eignast svolítinn pening með auðveldum hætti. Það þarf kannski bara að svindla smá …

Leikkonurnar Ólafía Hrönn og Anna Svava sameina krafta sína og fara á kostum í þessum nýja tvíleik eftir Marie Jones.



**Súper – þar sem kjöt snýst um fólk**

Súper – þar sem kjöt snýst um fólk er nýtt og bráðfyndið leikrit eftir Jón Gnarr, fullt af „gnarrískum" húmor og pælingum, í leikstjórn Benedikts Erlingssonar.

Fólk hittist í stórmarkaði og á í einlægum samræðum – eða er það bara að tala við sjálft sig? Fólk finnur vörur sem næra ekki bara skrokkinn heldur andann líka og finnur hluti sem gera það heilsteyptara.

„Þú þekkir fólk á vörunum sem það kaupir", segir ekkert máltæki.



**Fjölbreytt samstarfsverkefni**

Þjóðleikhúsið er í samstarfi við ólíka leikhópa, Leiktóna með sýninguna Ég heiti Guðrún. Stertabenda með sýninguna Insomnia. Leikkonur 50+ með sýningarnar Fjallkonan frið og Dansandi ljóð. Trigger Warning með sýninguna Velkomin heim og sviðslistahópinn Marble Crowd með sýninguna Moving mountains.




**Samþykki – Spennuþrungið leikrit um völundarhús sannleikans.**

Kristín Jóhannesdóttir, sem leikstýrði hinni geysivinsælu sýningu Föðurnum, snýr aftur með magnaða leiksýningu.

Kraftmikið, splunkunýtt verk sem sló í gegn í Breska þjóðleikhúsinu á liðnu leikári, og hefur nú verið flutt yfir á West End.

Hvers vegna er réttlætisgyðjan yfirleitt sýnd með bundið fyrir augun? Er hún óhlutdræg? Eða getur hún verið blind á tilteknar staðreyndir?

Í vinahópi nokkurra lögfræðinga eru skiptar skoðanir á umdeildu dómsmáli. Lykilvitnið er kona sem tilheyrir heimi sem virðist í órafjarlægð frá lífi vinanna. En brátt er mál þessarar ókunnugu konu farið að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar á samskipti þeirra og ástarsambönd.

Hvernig getum við fengið fullvissu um hvað er satt og hvað logið? Hver er munurinn á hefndarþorsta og leit að réttlæti? Eru allir jafnir fyrir lögunum?




**Þitt eigið leikrit**

Bækur Ævars Þórs Benediktssonar, þar sem lesandinn ræður því hvað gerist næst, hafa notið gífurlegra vinsælda meðal yngri lesenda. Nú er komið að þér að stjórna framvindunni í þínu eigin leikriti!

Söguheimurinn er norræna goðafræðin, full af hrikalegum hetjum og stórhættulegum skrímslum. Engar tvær sýningar verða eins, því áhorfendur ráða því hvað gerist! Muntu sigra Miðgarðsorminn eða gleypir hinn hræðilegi Fenrisúlfur þig? Ætlarðu að gerast barnapía fyrir Loka eða líst þér betur á að verja sjálfa Valhöll fyrir jötnum og hrímþursum?

Ævintýraleg og spennandi sýning, þar sem allt getur gerst!









MAGNA TILES:

# Þroskaleikföng fyrir skapandi krakka

Einkunnarorð Magna Tiles eru stærðfræði – vísindi – sköpun. Um er að ræða stórsniðuga segulmagnaða flata kubba sem hægt er að setja saman á óendanlega marga vegu.

Kubbarnir eru með gegnsæjar hliðar í sterkum litum og seglarnir eru sterkir þannig að þeir standa uppi á eigin spýtur. Kubbarnir byggjast upp á stærðfræðiformum sem gaman er að prófa sig áfram með. Þeir eru auðveldir í notkun og hægt er að byggja og skapa stóra, trausta og áhugaverða hluti. Magna Tiles eru byggðir til að endast í mörg ár.

**Leikur sem virkjar hæfileika**

Magna Tiles hefur ótrúleg áhrif á rýmisgreind barna og hjálpar þeim að þróa með sér hæfileika í raunvísindum og stærðfræði. Það besta við Magna Tiles er að þetta gerist allt í leik. Seglakubbarnir hafa notið gífurlegra vinsælda meðal barna á öllum aldri. Að sögn bæði foreldra og leikskólakennara geta börn setið tímunum saman við að stafla, raða, telja og smella saman sköpun sinni.

**Magna Tiles Qubix**

Einnig fæst Magna Tiles Qubix. Hér er um að ræða ferhyrnda – þríhyrnda – sexhyrnda kubba. Þessir kubbar eru stórskemmtileg viðbót við Magna Tiles kubbana og er hægt að kubba þeim á Magna Tiles plöturnar.

Magna Tiles og Magna Tiles Qubix fást hjá ABC Skólavörur,
Stangarhyl 5, 110 Reykjavík
Nánari upplýsingar má nálgast á abcskolavorur.is
Sími: 588-0077
Netfang: abcskolavorur@abcskolavorur.is ■









SKÓLAVÖRUR









MALMLIST:

# Íslandsklukkur um allan heim

Fyrir austan, á bænum Jaðri í Suðursveit, eru þau Bjarni Malmquist og Sigrún Elfa að smíða fallegar gjafavörur úr áli. „Vélina sem við notum til að skera út vörurnar smíðaði Bjarni árið 2013 til að geta skorið út og smíðað heimarafstöðvar fyrir bændur. Við byrjuðum svo að smíða Íslandsklukkurnar í september 2016 og hafa viðtökurnar verið mjög góðar. Við skerum klukkurnar út úr 2 millimetra áli og dufthúðum þær í ýmsum litum," segir Sigrún.

**Jólaskraut úr baurstuðu áli**

„Við höfum svo smíði á jólaskrauti núna fyrir jólin, sem einnig er skorið úr 2 millimetra áli og ýmist dufthúðað með hvítum lit eða er með burstaðri áferð. Með hverju jólaskrauti fylgir rautt band og erum við að selja skrautið í magnpakkningum og kostar stykkið frá 999 krónum," segir Sigrún.

**Innblásnar af norðurljósunum**

Íslandsklukkurnar koma í tveimur stærðum, lítil er 32×43 sentimetrar og stór 40×55 sentimetrar. „Við bjóðum upp á þær í mismunandi litum, allt frá svörtum yfir í litríka norðurljósaliti. Svörtu litirnir eru háglans, mattur og svo litur sem við köllum Stjörnuhimin, sem er svartur með lituðu glimmeri sem kemur skemmtilega út þegar ljós skín á klukkuna.

Einnig erum við með klukkur sem við köllum Norðurljós og Áróru en báðar útgáfurnar eru innblásnar af norðurljósunum. Þær eru handslípaðar svo engar tvær klukkur eru nákvæmlega eins. Þær njóta sín best ef ljóskastara er beint að þeim, þá lifna norðurljósin við og dansa í klukkunni," segir Bjarni.

**10% afsláttur fyrir lesendur DV**

„Verðið á klukkunum er frá 15.990 krónum en við viljum bjóða lesendum DV afslátt. Ef pantað er með afsláttarkóðanum JOL2018 inni á netversluninni okkar malmlist.com fæst 10% afsláttur af klukkunum til 10. desember," segir Bjarni.

**Fullkomin jólagjöf**

Íslandsklukkurnar hafa verið sérlega vinsælar í gjafir, ekki síst til Íslendinga sem búa erlendis. Klukkurnar koma innpakkaðar í sterkt en létt frauð og eru báðar stærðir innan við 1 kíló með pakkningunni.

**Frí heimsending fram að jólum um allan heim**

„Alla jafna bjóðum við upp á fría heimsendingu innanlands en við erum í jólaskapi og höfum ákveðið að bjóða einnig upp á fría hraðsendingu með DHL á Íslandsklukkunum fyrir þá sem búa erlendis, fram að jólum. Eins og er eigum við allar gerðir af Íslandsklukkum til á lager, en fyrir þá sem vilja vera vissir um að fá þann lit sem þeir óska eftir er vissara að panta fyrir 10. desember. Afhendingartími er að jafnaði um þrír virkir dagar," segir Sigrún.

Nánari upplýsingar má nálgast inn á netversluninni malmlist.com og Facebook-síðunni Málmlist eða í síma 661-4172

Netpóstur: malmlist@bmj.is







# Umhverfisvænar vörur og skapandi leikir fyrir börn

Leikföng úr náttúrulegum efnivið eins og tré og silki Verslunin Bambus.is sérhæfir sig í umhverfisvænum vörum fyrir fjölskylduna. „Við erum með mikið af leikföngum sem eru hönnuð til þess að vera opin fyrir hugmyndaflug og sköpunargleði barnsins,“ segir Dagný Ósk Ásgeirsdóttir.

**Leikjasilki**
Bambus selur meðal annars stórskemmtileg leikjasilki, en þau geta börnin notað til að búa til hina ýmsu búninga, byggja virki, gera himnasæng, nota sem landslag eða vatn fyrir báta og dýr, í dans eða jóga og svo mætti lengi telja. Leikjasilkin eru létt og flögrandi ferningslaga silki í fallegum litum. Þau fást í nokkrum stærðum, bæði einlit og marglit en regnbogasilkið er alltaf vinsælast.

**Kubbapúsl**
Kubbapúsl er púsl og kubbar í senn. Hægt er að púsla kubbunum í upphaflegt form eða leyfa sköpunargleðinni að ráða för og skapa sín eigin form og myndir. Svo má líka nota kubbana sem kubba í turna og aðrar byggingar. Kubbarnir henta yngri börnum og æfa meðal annars fínhreyfingu og jafnvægi þegar þeim er staflað hverjum ofan á annan.

**Segulkubbar**
Svipað er uppi á teningnum með segulkubbana sem eru fyrir aðeins eldri börn. Þetta eru litlir trékubbar með áföstum segli og koma á málmplötu. Aftan á hverjum pakka eru hugmyndir að formum til að spreyta sig á en svo tekur sköpunarkrafturinn við þar sem búin eru til hin ýmsu form eða myndir. Möguleikarnir eru óendanlegir.

**Sígild leikföng**
„Við erum einnig með sígildar vörur eins og skálar til að raða saman og turna úr tré sem er raðað upp. Ein útgáfan er þannig að hver kubbur er mismunandi, efst er þríhyrningur, næst ferhyrningur svo fimmhyrningur og koll af kolli alveg upp í form með ellefu horn. Neðst er svo hringur. Þannig fléttast rúmfræði ómeðvitað inn í leik barnsins.

**Hugmyndir að jólagjöfum – búðu til óskalista**
Óskalistinn hjá Bambus.is er tilvalinn fyrir jól og afmæli.
Hjá Bambus.is er hægt að búa til óskalista þar sem foreldrar velja leikföng og hluti sem þeir óska eftir fyrir börnin sín og láta svo vini og ættingja vita af listanum. „Þetta er í raun svipað og brúðkaupslistarnir. Við höldum utan um listann og pössum t.d. upp á að sami hluturinn sé ekki keyptur tvisvar sinnum. Foreldrar geta svo haft samband ef þeir vilja bæta einhverju við listann eða breyta. Listann er bæði hægt að fylla út á netinu eða koma í búðina til okkar og við útbúum listann í sameiningu,“ segir Dagný.

Hjá Bambus.is er svo að sjálfsögðu hægt að fá gjafabréf með upphæð að eigin vali.

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni bambus.is, á facebook.com/bambus.is og á Instragram undir bambus.is.

Einnig er hægt að kíkja í verslun okkar í Borgartúni 3, sem er opin á mánudögum og fimmtudögum frá kl. 10–14. Sími: 847-1660

Netfang: bambus@bambus.is


















TPG:

# Hágæða snyrtivörur fyrir herramenn frá Percy Nobleman

TPG – The Perfect Gentleman – er netverslun sem sérhæfir sig í gæðasnyrtivörum fyrir karlmenn, nánar til tekið frá hinum vinsæla og virta framleiðanda, Percy Nobleman. Eigandi TPG, Ívar Smárason, kynntist merkinu er hann var í námi erlendis. „Ég var í námi í Danmörku þegar ég kynntist þessum snyrtivörum, sem raunar eru frá Bretlandi. Ég var staðráðinn í að koma þeim á framfæri hér heima og opnaði netverslunina eftir ég kom heim úr námi," segir Ívar.

Percy Nobleman var stofnað árið 2013 en hefur vaxið gífurlega hratt. Yfir 2.000 verslanir selja merkið í Bretlandi og á meginlandi Evrópu og fyrirtækið hefur nú einnig brotist inn á Bandaríkjamarkað. Percy Nobleman eru hágæða vörur sem oft er fjallað um í virtum, sjálfstæðum fagmiðlum. Þrátt fyrir þetta býður TPG vörurnar á mjög sanngjörnu verði:

„Sem dæmi má nefna skeggsnyrtisettið – Beard Grooming Kit. Það inniheldur 30 ml skeggolíu, 30 ml skeggsápu, 20 ml skeggsmyrsl og vasagreiðu. Þetta sett er snilldargjöf og kostar aðeins 6.500 krónur. Til samanburðar má geta þess að víða er sambærileg skeggolía ein og sér seld á um 6.000 kr. Að sama skapi bjóðum við skeggolíuna einnig í 100 ml flöskum á aðeins 4.990 kr."

Percy Nobleman vörurnar eru ekki bara fyrir þá sem safna skeggi heldur fyrir alla karlmenn sem vilja vera snyrtilegir og vel lyktandi. Hágæða rakspíri með sama ilmi og skeggolían er í boði, sem og rakakrem sem nærir húðina eftir rakstur. Einnig sjampó og hármótunarvörur.

- Beard Conditioning Oil 100 ml
- Beard Wash 100 ml

Pearcy Nobleman skeggsápan er unnin úr 95% lífrænum efnum og 100% náttúrulegum efnum. Sápan hreinsar skeggið og styrkir á sama tíma og hún hjálpar því að halda sínum náttúrulegu olíum.

### Einfalt, þægileg og ódýrt

Lágt verð á hágæðavöru geta þeir helst boðið sem hafa lágan rekstrarkostnað, eins og gildir um netverslanir. Hjá TPG eru þessir möguleikar nýttir til hins ýtrasta. En netverslunin hefur fleiri kosti en sanngjarnt verð. Það er þægilegt að gera jólagjafainnkaup á netinu og spara sér biðraðir í verslunum. TPG sendir vörur hvert á land sem er og ekkert sendingargjald er fyrir pantanir 6.000 kr. og hærri. Fyrir lægri en 6.000 kr. eru greiddar 790 kr. fyrir sendinguna.

### Percy Nobleman Signature Fragrance 50 ml. (herrailmvatn)

Það er gaman að skoða úrvalið á vefsíðunni TPG.is og um að gera að líta inn í netverslunina og finna fullkomna jólagjöf fyrir herramanninn.

### Face & Stubble Kit

Þetta sett er allt sem þú þarft til að hreinsa skeggrótina og andlitið ásamt því að gefa því góðan raka, sem heldur húðinni ferskri yfir daginn.

Vaskið og rakakremið eru ilmbætt með piparmintu og gúrku. ■




Beard Conditioning Oil 100 ml.: Skeggolía úr 99% náttúrulegum efnum sem gefa skegginu silkimjúka áferð án þess að skilja eftir fituleifar. Hjálpar við skeggkláða og gefur skegginu góðan ilm.




Í fyrstu kemur sterk og frísk sitrus lykt. Þegar efsta lagið sest, kemur grunnurinn og mið lagið inn í með sínum "þyngri" musk og vanillu ilmum sem gefa ilmvatninu góða blöndu af gömlu og nýju.




Rakakremsett: Skeggrótar- og andlitsvask og rakakrem sett. Í þessu setti eru 75ml af Skeggrótar- & Andlitsvaski, 75ml af Skeggrótar- & Andlitsrakakremi og 100% bómullar andlitshandklæði, merkt Percy Nobleman.






VERSLUNIN KÓS:

# Þú finnur réttu gjöfina hjá okkur

Leðurverslunina Kós ættu allir landsmenn að þekkja en hún hefur verið starfrækt við Laugaveg í hartnær 25 ár. Hjónin Kristín Ellý Egilsdóttir og Grétar Baldursson reka verslunina saman og hafa séð landanum fyrir leðurfatnaði og öðrum klassískum klæðnaði frá árinu 1993.

Í versluninni er gott úrval af fallegum og klassískum leðurfatnaði fyrir bæði kyn á góðu verði. Jafnframt fást slitsterkir leðurskór, hlýir ullarjakkar, flottir goretex-mótorhjólajakkar og margt fleira í verslunin. „Upphaflega vorum við mest að selja mótorhjólafatnað en í dag höfum við breikkað vöruúrvalið til muna," segir Grétar.

**Leðurviðgerðir**

Leður er klassískt fataefni enda sérlega slitsterkt. Þá eiginleika þekkja allir sem hafa átt góðan leðurjakka eða vandaða leðurskó. Í versluninni er boðið upp á leðurviðgerðir hvort heldur er frá okkur eða annars staðar frá. Þannig má líka lengja líftíma fatnaðarins umtalsvert.

**Klæðir íslenska músíkanta í leður**

Það muna líklega flestir eftir leðurdressinu sem Eiríkur Hauksson klæddist í Eurovision árið 2007 með lagið „Valentine Lost". „Við hjónin í Versluninni Kós klæddum drenginn upp fyrir keppnina og vorum virkilega ánægð með útkomuna. Hann var virkilega vígalegur á sviðinu í Helsinki. Við hönnuðum líka leðurfatnað fyrir meðlimi hljómsveitarinnar Skítamórall á sínum tíma.

Við erum með stóran og tryggan kúnnahóp. Þeir sem versla hjá okkur koma yfirleitt aftur því þeir vita að við erum með gæðavörur og góða þjónustu," segir Grétar.

Það má því alltaf finna fallegar gjafir handa hverjum sem er í Versluninni Kós. „Við erum með flott úrval af vörum bæði fyrir konur og karla. Allir ættu því að geta fundið eitthvað fallegt hér í versluninni," segir Grétar.

Nánari upplýsingar má nálgast á ledur.is

Verslunin Kós er staðsett að Laugavegi 94, 101 Reykjavík Netfang: ledur@ledur.is



Í TILEFNI 25 ÁRANNA GEFUM VIÐ 25% AFSLÁTT FRÁ 23. NÓV–2. DES.
(AFSLÁTTUR ER AF ÖLLU NEMA VÖRUM SEM VORU ÁÐUR Á TILBOÐI.)















LÍTIL Í UPPHAFI:

# Frábærar jólagjafir og stresslaus aðventa

Við mælum með jólagjafainnkaupum í ró og næði við tölvuskjáinn. Þannig má forðast jólaösina og auka líkur á stresslausri aðventu. Þá má hafa í huga að við sendum vörurnar hvert sem er, líka á vinnustaðinn ef halda þarf varningnum frá forvitnum augum heima fyrir," segir Eygló Árnadóttir, eigandi barnavöruverslunarinnar Lítil í upphafi. Verslunin er eingöngu á netinu, á slóðinni https://www.litiliupphafi.is/ og býður upp á fría póstsendingu um allt land.

Lítil í upphafi leggur áherslu á vandaðar barnavörur á hagstæðu verði og eru flest leikföngin úr tré. Meðal áhugaverðra hluta til jólagjafa eru leikföng frá franska framleiðandanum Djeco: „Þetta eru afskaplega litrík og skemmtileg leikföng fyrir börn frá u.þ.b. eins árs til sjö ára. Afar fjölbreytt, en þarna má finna klassísk þroskaleikföng, spiladósir, náttljós, hljóðfæri, spil, púsl og margt fleira," segir Eygló.

Vörur frá dönsku merkjunum Sebra og Done by Deer bera danskri hönnun fagurt vitni, auk þess að þroska og gleðja börnin. „Þessar vörur eru stílhreinar, í mildum litum og njóta sín vel á íslenskum heimilum, sem hentar vel þegar um ræðir til dæmis leikmottur og leikgrindur á stofugólfið, brjóstagjafarpúða í sófann og barnaleirtau á eldhúsborðið. Stórum veglegum leikföngum, á borð við smíðabekk og eldhús, er gjarnan komið fyrir í aðalrými heimilisins og látlaust útlit þessara leikfanga er því mikill kostur," segir Eygló.

### Jólamarkaður vefverslana

Jólamarkaður vefverslana verður haldinn helgina 1.–2. desember í Víkingsheimilinu í Fossvogi. Þar verða um 70 fjölbreyttar netverslanir með bása. Lítil í upphafi verður með stútfullan bás af barnavörum, sértilboð verður á ýmsum vörum á markaðnum og matarvagnar verða við innganginn. Þá mun verslunin einnig koma sér fyrir í jólaþorpi Hafnarfjarðar helgina 15.–16. desember þar sem einstakur jólaandi svífur árlega yfir vötnum.

Ávallt er hægt að hafa samband við Lítil í upphafi í síma 868-2572, í netfangið litiliupphafi@litiliupphafi.is eða í gegnum Facebook-síðu verslunarinnar og fá að kíkja á lagerinn.

Sjá nánar netverslunina á litiliupphafi.is. ■












QUILTBÚÐIN:

# Frábærar helgarferðir fyrir handavinnuglaða

Quiltbúðin var opnuð árið 2003 á Akureyri og er verslunin nú í eigu Nancy Georgsdóttur. „Við sérhæfum okkur í bútasumi, prjónavörum og ýmsu sem tengist handavinnu af því tagi," segir Nancy.

**Allt fyrir bútasauminn og prjónavinnuna**

Í búðinni kennir ýmissa grasa og er þar gott úrval af vörum fyrir prjónaskapinn, útsaum og bútasaum. „Við erum með bútasaumsefni frá ýmsum framleiðendum sem við flytjum inn sjálf. Einnig erum við með fjölbreytt garn í öllum regnbogans litum en að mestu leyti erum við með garnið frá Katia og það flytjum við einnig inn sjálf. Svo erum við með mjög fallegt handlitað garn frá Dóttir DyeWorks og Héraði. Einnig fást ýmsar smávörur tengdar handavinnunni.

Svo erum við með handavinnuhitting alla mánudagsmorgna og öllum frjálst að mæta meðan pláss leyfir, konur eru mjög duglegar að mæta á þennan hitting," segir Nancy.

„Quiltbúðin er enn fremur með umboð frá Pfaff á saumavélum og aukahlutum, við sjáum auk þess um að koma vélum sem þess þurfa suður til viðgerðar," segir Nancy.

**Orlofsferðir fyrir handlagið fólk**

Quiltbúðin stendur fyrir stórskemmtilegum prjónahelgum í mars og bútasaumshelgum á haustin. „Þessar helgar hafa tekist sérlega vel og hafa verið haldnar nú í 15 ár. Þá er dvalið yfir helgi á Löngumýri í Skagafirði og er gisting og matur hvort tveggja innifalið í verðinu. Það er pottur á staðnum og eftir afkastamikinn dag getum við skellt okkur í heita pottinn til að slaka aðeins á og hafa það notalegt. Þessar helgar eru fyrir alla, sama hvort þú ert byrjandi eða lengra komin, við lærum af hver annarri. Svo erum við með verkefni sem við kennum og fólk ræður hvort það taki þátt í því.

Hægt er að velja á milli þess að dvelja helgi, frá fimmtudegi til sunnudags eða frá föstudegi til sunnudags. Ég mæti svo með fullt af hráefni frá Quiltbúðinni sem fólk getur keypt ef það hefur áhuga á. Hingað til hafa eingöngu konur mætt á þessar helgar en að sjálfsögðu er öllum frjálst að vera með," segir Nancy.

**Stórsniðugar jólagjafir**

Nancy bendir á að vinsælt sé að gefa helgarferðirnar í jólagjöf. „Þetta er hin fullkomna jólagjöf fyrir þá sem eiga allt og eru með þessa bútapest eða prjónaveiki," segir Nancy.

„Prjónahelgarnar eru haldnar þrjár helgar í mars.

Dagsetningar verða auglýstar á Facebook-síðunni okkar núna fljótlega.

Bútasaumshelgarnar eru haldnar fimm helgar á haustin og yfirleitt byrja þær upp úr miðjum september.

Til þess að kaupa helgardvöl með Quiltbúðinni er hægt hringja í síma 461-2241 eða hafa samband í gegnum netpóst. Við sendum svo gjafabréf með vefpósti eða almennum pósti."

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðunni Quiltbúðin Akureyri

Verslunin er staðsett í Verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð 12, Akureyri

Opið er alla virka daga: 10.00–18.00 og laugardaga: 11.00–14.00

Sími: 461-2241

Netfang: quiltbudin@quiltbudin.is ■

















LITLA GJAFABÚÐIN:

# Gjafavörur og allt fyrir hátíðahöld

Litlu Gjafabúðina opnaði Anne Helen núna í október og síðan þá hefur versluninni aldeilis vaxið fiskur um hrygg. „Ég er með mjög mikið úrval af alls konar skemmtilegri og fallegri gjafavöru. Hér fást fallegar englastyttur og blómálfastyttur, tröllastyttur og álfastyttur, auk þess sem ég er með mikið af kertum og servíettum fyrir alls kyns tilefni.

Einnig erum við með gott úrval af dúkum og löberum. Að auki er mikið úrval af jólareykelsum og það sem er nýtt hjá okkur þetta árið eru litlar ilmstangir sem hengdar eru á gervijólatré og gefa frá sér yndislegan jólailm. Þrenns konar ilmur er af þessum sniðugu ilmstöngum," segir Anne.





**Jólin koma líka í Litlu Gjafabúðina**
„Að sjálfsögðu býð ég upp á eitthvað af jólavörum í Litlu Gjafabúðinni núna rétt fyrir jólin en þær vörur eru kannski með aðeins öðru sniði en jólavörurnar í Jólabúðinni.

Til dæmis er ég með fallegt svart jólatré hér í búðinni sem skreytt er páfuglaskrauti af ýmsu tagi. Þetta hefur vakið töluverða athygli og hrifast margir af þessu fallega skrauti," segir Anne Helen.

Litla Gjafabúðin er að Laugavegi 8, 101 Reykjavík

Sími: 552-2413

Opið er mánudaga–föstudaga frá 10–18, laugardaga 10–17 og sunnudaga 11–17 ■







LITLA JÓLABÚÐIN:

# Jólin byrja í Jólabúðinni

Það þekkja það eflaust margir að komast loks í almennilegt jólaskap þegar þeir gera sér ferð inn í Litlu Jólabúðina þegar jólin nálgast. Verslunina ættu allir Reykvíkingar að kannast við enda hefur hún verið staðsett við Laugaveginn í hartnær 19 ár. Verslunin er opin allt árið um kring þrátt fyrir að vöruúrvalið einskorðist við jólavörur.

**Stolt af jólasveinunum**
„Helstu viðskiptavinir mínir yfir sumartímann eru ferðamennirnir. Þeim þykir sérstakt að hér sé opin jólabúð allt árið um kring. Við starfsmennirnir í búðinni erum með sögustund oft á dag þar sem við segjum útlendingunum frá íslensku jólasiðunum og ekki síst íslensku jólasveinunum þrettán, Grýlu, Leppalúða og jólakettinum sem við seljum sem styttur í búðinni.

Þessi séríslenska saga er alveg stórskemmtileg og þykir þeim gaman að heyra hana. En þessar skemmtilegu styttur eru vinsælir minjagripir hjá ferðamönnunum auk þess sem Íslendingar kaupa þær einnig. Íslendingar eru svo stoltir af þessum sérstaka sagnaarfi," segir Anne Helen Lindsay, eigandi Litlu Jólabúðarinnar.

**Alltaf fyrst í jólaskapið**
Verslunin er einnig með stórgott úrval af fallegu jólaskrauti og væri líklega hægt að prýða hverja einustu grein jólatrésins með mismunandi jólakúlu, klemmum og skrauti frá Litlu Jólabúðinni. Anne Helen bætir við að þær stöllur í búðinni komist undantekningarlaust í jólaskap þegar Íslendingarnir fara að láta sjá sig í október/nóvember. „Þá eru jólin fyrir alvöru komin hjá mér," segir Anne Helen.

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðunni Litla Jólabúðin

Litla Jólabúðin er að Laugavegi 8, 101 Reykjavík

Sími: 552-2412

Opið er mánudaga–föstudaga frá 10–18, laugardaga 10–17 og sunnudaga 11–17 ■











BANGKOK RESTUARANT:

# Ekta taílenskur veitingastaður

Taílenski veitingastaðurinn Bangkok er sannarlega falinn gimsteinn í miðju iðnaðarhverfi Kópavogs. Maturinn er bragðgóður og ilmurinn gerir jafnvel pakksatt fólk aftur svangt. Matseðillinn er fjölbreyttur og eru allir réttirnir eldaðir úr fersku hráefni af úrvalskokkum. Salurinn er notalegur og rúmgóður og tekur allt að fimmtíu manns í sæti. Einnig býður Bangkok upp á þann möguleika að fólk taki matinn með heim ef það vill.

**Hagstætt verð og gæðahráefni**

Bangkok býður upp á fjölbreytt úrval af kjöt- og/eða grænmetisréttum á frábæru verði. Þá er Bangkok með hagstæð tilboð fyrir tvo eða fleiri þar sem hægt er að fá marga rétti.

Þá er hægt að fá fjölskyldutilboð fyrir tvo til fimm einstaklinga eftir kl. 15.00 á daginn. Verð er afar hagstætt eða frá 3.790 til 9.450 kr.

Ennig býður Bangkok upp á hagstætt hádegistilboð þar sem þú færð þrjá rétti úr borði á aðeins 1.690 kr.

Það er svo sannarlega hægt að létta sér lífið í aðdraganda jólanna með því að skella sér á Bangkok og snæða þar ljúffengan taílenskan mat.

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðunni Bangkok Restaurant

Bangkok Restaurant er til húsa að Smiðjuvegi 11, Gul gata, 200 Kópavogur

Opið er alla daga frá 11.00–21.00

Sími: 564-1000








# Fasteignablað

**Ábyrgðarmaður:** Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is **Umsjón:** Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



**KJÖREIGN FASTEIGNASALA – TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA Í 40 ÁR**



**Dan Wiium** Hdl, lögg. fasteignasali, Sími 896-4013



**Ólafur Guðmundsson** Sölustjóri, sími 896-4090



**Þórarinn Friðriksson** Lögg. fasteignasali, sími 844-6353



**Rakel Salóme Eydal** Skjalagerð



**Sigurbjörn Skarphéðinsson** Lögg. fasteignasali, skjalagerð



**Ásta María Benónýsdóttir** Lögg. fasteignasali, Sími 897-8061

Kjöreign ehf

Kjöreign ehf - Ármúla 21 - 108 Reykjavík
Sími: 533-4040 - **www.kjoreign.is**


Honeywell fyrir heimilið
Hitarar
Viftur
Rakatæki
Lofthreinsitæki
Láttu þér líða vel - Gott úrval af vönduðum tækjum
Honeywell
Ný vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: donna ehf
Donna
Sími 555 3100 www.donna.is

# Eignasala.is

SÍMI 420 6070 • LEIGUMIÐLUN SUÐURNESJA • FASTEIGNASALA



**Fífumói 3, 260 Reykjanesbæ**
3. herbergja íbúð á 2. hæð
í fjölbýli
Góð staðsetning
Birt stærð 83,7m2
**Verð kr.23.500.000.-**



**Suðurgata 31, 230 Reykjanesbæ**
6 herbergja efri hæð og ris í
tvíbýlishúsi.
Miðsvæðis í Keflavík.
Birt stærð 124,2m2
**Verð kr.34.500.000-**



**Lyngbraut 12, 250 Garði**
Einbýlishús á einni hæð með
bílskúr. Bílskúr innréttaður sem 3.
herbergja íbúð
Birt stærð 188,8m2
**Verð kr.38.800.000.-**



**Bjarkardalur 33, 260 Reykjanesbæ**
Mjög rúmgóð 4. herbergja
íbúð á 3. hæð
í nýlegu fjölbýli í Dalshverfi
Birt stærð er 120,7m2
**Verð kr.34.900.000.-**



**Hringbraut 46, 230 Reykjanesbæ**
Efri hæð í þríbýlishúsi við
Hringbraut í Keflavík.
Eign með mikla möguleika.
Birt stærð 225,5m2
**Verð kr.39.900.000.-**



**Fífumói 5, 260 Reykjanesbæ**
2a herbergja íbúð á þriðju hæð í
8 íbúða stigagangi á góðum stað
í Njarðvík
birt stærð 54,0m2
**Verð kr.17.500.000**



**Heiðarholt 2, 230 Reykjanesbæ**
3. herbergja íbúð á 3 hæð í
fjölbýli í Keflavík
Mjög vinsæll staður
Birt stærð 84,2m2
**Verð kr.26.900.000.-**




**Bogabraut 953, 262 Ásbrú**
ný uppgerð 3 herbergja íbúð
**Leiguverð kr.210.000.-**



**Víkurbraut 1b, 245 Sandgerði**
Einbýlishús á 3 hæðum ásamt
bílskúr
Kjallari með sérinngangi.
Birt stærð 253,1m2
**Verð kr.35.900.000.-**




**Grænásbraut 921, 262 Ásbrú**
ný uppgerð 3 herbergja íbúð
**Leiguverð kr.210.000.-**



**Suðurgata 14, 245 Sandgerði**
3 herbergja íbúð á efri hæð í
tvíbýlishúsi með bílskúr sem er
innréttaður sem studeo íbúð.
Birt stærð 105,7m2
**Verð kr.29.000.000.-**




**Hringbraut 78, 230 Reykjanesbæ**
2. herbergja ris íbúð í Keflavík
**Leiguverð kr.150.000.-**

Júlíus M. Steinþórsson
Löggiltur fasteigna- og skipasali
S:899-0555

Jóhannes Ellertsson
Löggiltur fasteigna- og skipasali
S:864-9677








# Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

- Hjá Þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 70 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

**Dagleg eða regluleg þrif:**

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

**Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.**
**Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:**
**Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.**

Þrif og ræstivörur

Frostagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892 5232
865 2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
Netfang: thrif@thrif.is Veffang: www.thrif.is

## Með allt á hreinu í 15 ár

# EIGNAMARKAÐURINN

## NÝBYGGINGAR

### TRYGGVAGATA 13



**Fimm fullbúnar gæðaíbúðir til sölu, tilbúnar til afhendingar.**
**Stærðir 100$m^2$, 111$m^2$ og 165$m^2$**

- Einstaklega vandaðar íbúðir í góðu lyftuhúsi í hjarta miðborgarinnar.
- Stórbrotið sjávarútsýni.
- Þjónustumiðstöðin Þorrasel, fyrir eldri borgara, er handan við hornið.
- Deilibílar eru bakvið húsið og áskrift fylgir fyrsta árið.
- Eignirnar afhendast allar fullbúnar með hágæða gólfefnum, innréttingum og tækjum.
- Auk hefðbundins fylgifés fylgja ísskápur og uppþvottavél, frá AEG, öllum íbúðum.

99,6$m^2$ NY loftstyle íbúð á 2. hæð – Verð 62,5 millj.
99, 6$m^2$ NY loftstyle íbúð á 3. hæð – Verð 67,5 millj.
99,6$m^2$ NY loftstyle íbúð á 4. Hæð – Verð 69,7 millj.
111,3$m^2$ 3-4 herb. íbúð á 4. hæð – Verð 77,9 millj. – Bílastæði getur selst með íbúðinni
164,9$m^2$ 4ra herb. íbúð á 5. hæð auk bílastæðis í kjallara – verð 129 millj.



### GEFJUNARBRUNNUR - PARHÚS



250,9$m^2$ 4ra herb. Parhús með bílskúr, við Gefjunarbrunn í Úlfarsárdal – húsin seljast fullbúin að utan með grófjafnaðri lóð og geta selst á byggingarstigi 4 eða 5 eftir óskum kaupanda. Verð miðast við hversu langt húsin eru komin við afhendingu. Nánari uppl. á skrifstofu.

## SÉRBÝLI

### SÚLUNES MEÐ AUKA ÍBÚÐ



Skipti möguleg á minni eign. 307$m^2$ hús með auka útleiguíbúð og mikla möguleika hvað varðar herbergjafjölda. Stór og góð lóð í góðri rækt, tvöfaldur bílskúr, magnað útsýni, garðskála, heitum potti, gróðurhúsi ofl. Húsið er byggt 1984 og er að mestu upprunalegt að innan og vel viðhaldið að utan. **Verð 109,9 millj.**

### NÚPABAKKI - FJÖLSKYLDU RAÐHÚS



Gott 246$m^2$ skráð 7 herb. raðhús m. bílskúr, staðsett rétt við skóla, leikskóla og verslunarkjarna, með mikla möguleika í nýtingu og herbergjafjölda. Sólskáli, afgirtur garður og fallegt útsýni. **Verð 72,9 millj.**

### KALDASEL MEÐ AUKAÍBÚÐ



Skipti möguleg á minni eign. 304$m^2$, 8 herb. endaraðhús í botnlanga sem tengist næstu eign eingöngu á bílskúrshlið. Aukaíbúð á jarðhæð, stór bílskúr, fallegur garður í rækt, stutt í alla þjónustu. **Verð 93,9 millj.**

## FJÖLBÝLI

### HÁTÚN 4 - 105 RVK. 3JA HERBERGJA Á 8. HÆÐ.



Snotur 77$m^2$ íbúð á 8. hæð í góðu lyftuhúsi, með mögnuðu útsýni. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, stofu, eldhús, og baðherbergi með þvottaðstöðu. Vel viðhaldið hús. **Verð 39,9 millj.**

### RÁNARGATA 35A - 3JA HERBERGJA



Fyrir handlagna. 65$m^2$ 3ja herb. íbúð, með litilli sérverönd. Íbúðin skiptist í dag í svefnherbergi, **Verð 37,9 millj.**

## ATVINNUHÚSNÆÐI

**Tryggvagata 11 – Skrifstofuhæð**
380$m^2$ skrifstofuhæð í lyftuhúsi, skiptist í 13 skrifstofur, 2 fundarherb. auk opinna vinnu/seturýma, kaffiaðstöðu og selerni. Gott auglýsingargildi.

**Tryggvagata 13 – Verslun/kaffihús**
200$m^2$ atvinnuhúsnæði á jarðhæð, sem getur nýst t.d. undir verslun eða kaffihús.

**Skeifan 10 - Skrifstofueiningar**
30$m^2$ og 170$m^2$ skrifstofueiningar til leigu, aðgengi að sameiginlegum fundarherbergjum, kaffi- og salernisaðstöðu. Gott auglýsingargildi.

## ÓSKALISTINN

### VIÐ ERUM MEÐ KAUPENDUR AÐ:

- Rað/par/einbýli í vesturbæ, helst gamla vesturbænum (101), kostur ef möguleiki er á útleigueiningu – verð allt að 110 millj.
- 4-5 herb. íbúðum í Smárum, Lindum og nágrenni.
- Einbýli í 220 Hfj. Helst í norðurbæ, 200$m^2$ plús - kostur ef möguleiki er á útleigueiningu
- 3-4 herb. íbúð í Grafarvogi, Grafarholti eða nágrenni.
- Traustur kaupandi leitar að 3-5 herb. eignum á höfuðborgarsvæðinu, má þarfnast lagfæringar. Íbúðir í fjölbýli og sérbýli koma til greina.

**Vegna mikillar sölu, vantar okkur allar tegundir eigna á skrá.**
**Fáðu frítt söluverðmat í síma. 519-8484**

**Eignamarkaðurin ehf., Ármúla 4, 108 Reykjavík, s. 519-8484, www.eignamarkadurinn.is**




Opið hús | Lau. 24. nóv. frá kl. 14:00-14:30



BÚSTAÐAVEGUR 103 — 108 REYKJAVÍK

ÍBÚÐ | 6 HERBERGI | 95.3m²

VERÐ: 49.5M

FJÖLSKYLDU ÍBÚÐ, TVÖ HERB. Í RISI

ÚLFAR 897 9030 og GUNNLAUGUR 844 6447



JÖRFAGRUND 4 — 116 REYKJAVÍK

EINBÝLISHÚS | 5 HERBERGI | 191m²

VERÐ: 59M

4 SVEFNHERBERGI OG STÓR SÓLPALLUR

DAVÍÐ ÓLAFSSON 897 1533



VATNSSTÍGUR 20-22 — 101 REYKJAVÍK

ÍBÚÐ | STÆRÐ: 173.3m² | 3 HERBERGI

VERÐ 165M

ÍBÚÐ Á 10. HÆÐ - LAUS STRAX

BRANDUR GUNNARSSON 897 1401



MIKLABRAUT 60 — 105 REYKJAVÍK

ÍBÚÐ | 4 HERBERGI | 113m²

VERÐ: 41.9M

ÍBÚÐ MEÐ AUKA HERB. Í KJALLARA

GUÐRÚN ANTONSDÓTTIR 621 2020



GRENIMELUR 40 — 107 REYKJAVÍK

HÆÐ | 4 HERBERGI | 146m²

VERÐ: 66M

HÚSIÐ ER NÝ STEINAÐ - LAUS VIÐ KAUPS.

DAVÍÐ ÓLAFSSON 897 1533

Opið hús | Sun. 25. nóv. frá kl. 13:00-13:30



KRINGLAN 89 — 103 REYKJAVÍK

RAÐHÚS | 4 HERBERGI | 201m²

VERÐ: 79.9M

ENDARAÐHÚS Á 2 HÆÐUM

DAVÍÐ ÓLAFSSON 897 1533

Opið hús | Sun. 25. nóv. frá kl. 13:00-14:00

LAXATUNGA - GLÆSILEG RAÐHÚS



KOMIÐ Í PIPARKÖKUR OG SJÁIÐ ÞESSI GLÆSILEGU RAÐHÚS.



NÁNARI UPPLÝSINGAR GEFA: GUNNLAUGUR 844 6447 ÚLFAR 897 9030 OG BÖRKUR 832 8844



LAXATUNGA 38, 40, 42 & 48 — 270 MOSFELLSBÆR

204 m² RAÐHÚS

VERÐ: 53.9M

TVEGGJA HÆÐA RAÐHÚS, RÚMLEGA FOKHELD.KAUPENDUR GETA SKIPULAGT HÚSIÐ AÐ EIGN ÓSKUM.

Opið hús | Sun. 25. nóv. frá kl. 14-14:30



TJARNABRAUT 8D — 260 REYKJANESBÆR

ÍBÚÐ | 3 HERBERGI | 89m²

VERÐ: 33.2M

LAUS VIÐ KAUPSAMNING

VILBORG G. HANSEN 895 0303



HARÐFISKFRAMLEIÐSLA Á STOKKSEYRI

FYRIRTÆKI | VERKSMIÐJA, TÆKI BÍLL OG REKSTUR

VERÐ 45M

GÓÐIR MÖGULEIKAR Á STÆKKUN

VILBORG G. HANSEN 895 0303



Opið hús | Sun. 25. nóv. frá kl. 16:30-17:00



SJÁVARGRUND 8 — 210 GARÐABÆR

RAÐHÚS | 5 HERBERGI | 191.4m²

VERÐ: 68.5M

SPENNANDI FJÖLSKYLDUHÚS

ÚLFAR 897 9030 og BÖRKUR 832 8844

Opið hús | Sun. 25. nóv. frá kl. 15-15:30



SVARTHAMAR 26 — 112 REYKJAVÍK

ÍBÚÐ | 3 HERBERGI | 92.4m²

VERÐ: 43.5M

RÚMGÓÐ ÍBÚÐ Á EFSTU HÆÐ

GUNNLAUGUR ÞRÁINSSON 844 6447

BÓKIÐ SKOÐUN



ODDAGATA 8 — 101 REYKJAVÍK

EINBÝLISHÚS | 8 HERBERGI | 341m² | AUKA ÍBÚÐ

VERÐ: 140M

GLÆSILEGT HÚS Í HJARTA BORGARINNAR

ÞÓRA BIRGISDÓTTIR 777 2882

Opið hús | Þri. 27. nóv. frá kl. 17:30-18:00



STRANDGATA 31 — 220 HAFNARFJÖRÐUR

ÍBÚÐ | 2 HERBERGI | 64.5m²

VERÐ: 37.9M

NÝ ÍBÚÐ Í MIÐBÆ HAFNARFJARÐAR

BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON 660 4777

Opið hús | Mán. 26. nóv. frá kl. 17:30-18:00



DALSEL 38 — 109 REYKJAVÍK

ÍBÚÐ | 5 HERBERGI | 156.7m²

VERÐ: 49.9M

STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU

BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON 660 4777

## BORG BÆTIR VIÐ SIG TVEIMUR KRAFTMIKLUM FASTEIGNASÖLUM



GUÐRÚN ANTONSDÓTTIR
s. 621 2020



BÖRKUR HRAFNSSON
s. 832-8844

## SÖLUSÝNING - Lau. 24. nóv. frá kl. 13:00-14:00 - GLÆSILEGAR NÝJAR ÍBÚÐIR TIL AFHENDINGAR FULLBÚNAR



KÓPAVOGSBRÚN 2-4 — 200 KÓPAVOGUR

ÍBÚÐIR | STÆRÐ FRÁ: 168.8-171.7m2 | 4-5 herb.

AÐEINS TVÆR ÍBÚÐIR EFTIR

BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON 660 4777



GÓÐ STAÐSETNING - ÚTSÝNI

FALLEGT ÚTISVISTARSVÆÐI



SJAFNARBRUNNUR 5-19 — 113 REYKJAVÍK

RAÐHÚS | 220m² | TILBÚIN TIL INNRÉTTINGA

VERÐ: 74.9M

AFHENDAST FULLBÚIN AÐ UTAN

ÞÓRA 777 2882 og GUÐRÚN 621 2020

FASTEIGNAMIÐLUN

FAGVÍS

BÆJARLIND 2 KÓPAVOGI | BREIÐAMÖRK 13 HVERAGERÐI | 483 5900 | FAGVIS@FAGVIS.IS




ÓSKUM EFTIR EIGNUM Á SÖLUSKRÁ



**Kristinn G. Kristjánsson**
Lögg. fasteignasali
kk@fagvis.is
892 9330



**Skúli Sigurðsson**
Lögg. fasteignasali
skuli@fagvis.is
898 7209



**Þórarinn Kópsson**
Lögg. fasteignasali
thorarinn@fagvis.is
615 3343



**Kristín Rós Magnadóttir**
Lögfræðingur & ntlf.
kristinros@fagvis.is
860 2078



**Thelma Rós Kristinsdóttir**
Skrifstofustjóri
thelma@fagvis.is
659 5151

FRÍTT SÖLUMAT SANNGJÖRN SÖLUÞÓKNUN
KYNNTU ÞÉR KJÖRIN, FAGVIS@FAGVIS.IS



SKÍÐAÐU JÓLASTRESSIÐ Í KAF:

# Hlíðarfjall Akureyri

Besta leiðin til þess að koma sér burt frá jólastressinu er klárlega að skella sér á skíði, renna burt frá öllu amstri og sveigja kringum áhyggjurnar. Síðustu ár hefur skíðafærið ekki endilega verið upp á marga fiska á höfuðborgarsvæðinu en það er engin ástæða til þess að örvænta. Hlíðarfjall á Akureyri mætti segja að sé eins og Tenerife skíðamannsins. Þar er afburðagóð aðstaða fyrir skíðafólk, hvort heldur þá sem stunda venjuleg skíði, gönguskíði eða snjóbretti. „Við stefnum á að opna um mánaðamótin nóvember–desember og ég mæli heilshugar með því að fólk skelli sér á skíði á milli jóla og nýárs og skilji endilega jólastressið eftir heima. Hægt er að fá gistingu á fjölmörgum hótelum eða gistihúsum hér í bænum og svo eru Akureyringar margrómaðir fyrir afbragðs matargerð,“ segir Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Skíðasvæðisins Hlíðarfjall.

**Allir skíða**

Í Hlíðarfjalli eru fjölmargar skíðalyftur og brekkur sem henta bæði byrjendum sem lengra komnum. Einnig eru margar gönguskíðabrautir fyrir gönguskíðafólk. Hlíðarfjall býður að auki upp á skíðaleigu með góðu úrvali hefðbundinna skíða, gönguskíða og bretta og margt fleira. Svo starfrækir skíðasvæðið skíðaskóla þar sem ungum jafnt sem öldnum er kennt á skíði eða bretti á öruggan hátt. „Við bjóðum sérstaklega velkomna í skíðaskólann skíðaiðkendur á aldrinum 5–12 ára,“ segir Guðmundur.

**Engar biðraðir**

„Hægt er að kaupa vetrarkortin á vefsíðunni okkar hlidarfjall.is og er hægt að kaupa annars vegar kort sem duga allan veturinn fram til 28. apríl eða borga fyrir hvert skipti inn á Sidata kortin okkar. Við gerðum fólki kleyft að kaupa miða á netinu sem hefur nær útrýmt biðröðum í miðasölu og í lyfturnar,“ segir Guðmundur.

Sími: 462-2280
http://www.hlidarfjall.is/is
https://hlidarfjall.skiperformance.com/shop/is/store ■







HANDVERKSKÚNST Á NÝJUM STAÐ:

# Hraunbær 102a

Þær eru ófáar jólagjafahugmyndirnar sem maður fær þegar maður lítur inn í ævintýraheim Handverkskúnstar. Þar eru ógrynnin öll af girnilegu garni, fallegum prjónauppskriftabókum og mörgu fleiru. „Vinsælasta varan okkar er líklega Drops-garnið. Það kemur í ýmsum litum og áferðum og er á einstaklega góðu verði. Einnig erum við með fallegt, handlitað íslenskt garn frá Dottir Dyeworks og Frá Héraði. Við bendum líka á gjafabréfin okkar sem eru fullkomnar jólagjafir fyrir handóða heklara og prjónara,“ segir Elín „Handóð“ Kristín.

**Ný staðsetning: Hraunbær**
Handverkskúnst flutti verslun sína nýverið um eina hæð í verskunarkjarna í Hraunbæ og er nú staðsett að Hraunbæ 102a. „Þetta er verslunarkjarni í hjarta Árbæjar og þess má geta að 1. desember verður Jólahátíð Árbæjar. Hátíðin stendur frá 12.30 til 15.00 og það verður alls konar húllumhæ, frábærir afslættir og við í Handverkskúnst ætlum að bjóða upp á afslátt af völdum vörum,“ segir Elín.

**Lágt vöruverð og frábær þjónusta**
Handverkskúnst er þekkt fyrir gott vöruverð og frábæra þjónustu. „Það halda margir að garnið sé ódýrara í stórmörkuðum og verða steinhissa þegar þeir uppgötva að við erum oftar en ekki ódýrari,“ segir Elín. Það er því ljóst að það verður hægt að gera enn betri kaup þann 1. desember.

Nánari upplýsingar má nálgast á vefversluninni garn.is

Verslunin er staðsett að Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík

Sími: 587-6662

Opnunartími verslunar: mánudaga–föstudaga kl. 11–18, laugardaga kl. 11–14









SOFDUROTT.IS:

# Fyrir þá sem vilja sofa betur




Hágæða sængurfatnaður úr náttúrulegum efnum sem sérstaklega miðar að góðum svefni eru helstu einkennin á vöruúrvali í vefversluninni Sofðu rótt. Verslunin er hluti af fyrirtækinu Vitar ehf. sem m.a. býður upp á sængurfatnað og lín fyrir hótel og gistihús en býður nú almenningi upp á sængurvörur o.fl. í gegnum vefverslunina sofdurott.is.

„Í tengslum við hótelbransann áttaði ég mig á því að ég var kominn með framleiðendur í hæsta klassa og fannst ég verða að bjóða hluta af þeirra vörum til sölu til einstaklinga. Sérstaða vöruframboðsins í vefversluninni er sú að almennt eru þetta vörur úr náttúrulegum efnum, dún, ull, hör, silki eða bómull. Dúnninn er flokkaður eftir stærð og gæðum sem skýrir verðmun á sængum. Við erum með sængur frá þýska fyrirtækinu Kauffmann sem er bæði einn stærsti sængurframleiðandi í Evrópu en jafnframt einn af þeim virtari í heiminum og hefur verið starfandi í tæp 200 ár. Velferð dýra skiptir Kauffmann miklu máli og er fyrirtækið með vottun upp á að allur dúnn sem fer í sængurnar og koddana þeirra sé reyttur af dauðum fuglum en því miður er talsvert um að dúnn sé reyttur af lifandi fuglum," segir Arnar Þór Jónsson hjá Vitum ehf.

Mikil áhersla á góðan svefn einkennir þessar vörur: „Þegar þú leggst upp í rúm er mikilvægt að hitastigið sé rétt. Margir velja sér mjög hlýja eða heita sæng þar sem þeim þykir hún notaleg. En svo sefurðu kannski ekki nógu vel undir henni þar sem þér verður of heitt. Við bendum fólki á að velja réttu sængina miðað við svefnherbergishita og líkamsþyngd," segir Arnar en á vefsíðunni sofdurott.is undir liðnum „Upplýsingar" er að finna góðar leiðbeiningar um þetta.

Sængin Climabalance frá Kauffmann er sérhönnuð með góðan svefn í huga. „Kauffmann selur þessa sæng undir einkaleyfi um allan heim. Svefnrannsóknarstöð háskólasjúkrahússins í Regensburg í Þýskalandi gerði rannsókn á áhrifum hita á svefngæði þar sem Climabalance-sængin var borin saman við hefðbundna, sambærilega sæng. Niðurstöðurnar voru afgerandi: Þú ert fljótari að sofna undir Climabalance-sænginni, svefninn verður rólegri, þú vaknar sjaldnar, REM-svefninn lengist og djúpsvefn lengist um allt að 50%. Það svitna allir á næturnar, mismikið þó, en raki fer þrisvar sinnum hraðar í gegnum Climabalance-sængina en hefðbundna sæng og því verður jafnara hitastig undir sænginni og þú sefur betur."

Sofðu rótt stóð fyrir lítilli óvísindalegri tilraun á haustmánuðum til að sjá hvort sömu niðurstöður fengjust á Íslandi. Valdir voru einstaklingar sem hafa glímt við mikinn nætursvita og léleg svefngæði. Að sögn Arnars voru niðurstöður enn betri en hann þorði að vona.

Á sofdurott.is er bæði lögð áhersla á há gæði og hagstætt verð. „Við erum ekki í verðsamkeppni við sængur úr gerviefnum en verðlagið á þessum vörum er það sama og úr verslun í Þýskalandi eða annars staðar í Evrópu," segir Arnar.

„Við ætlum að bæta smám saman við vörum í vefverslunina okkar, nýverið tókum við inn æðislega merino-ullar inniskó og heilsukoddann Viscospring. Þá eru að detta í hús teppi sem gætu t.d. verið frábær jólagjöf fyrir ömmu og afa og sérstaklega mjúkir treflar úr „baby alpaca"-ull. Þá er hægt að sérpanta sængur fyrir þá sem hafa ofnæmi fyrir dún en vilja samt sæng úr náttúrulegum efnum. Væntanlegur er vatnsheldur rúmfatnaður sem andar mjög vel og hentar því börnum sem væta rúmið og öðrum með sama vandamál.

Það er því um að gera að fylgjast reglulega með síðunni www.sofdurott.is. ■

# Þú finnur það sem þú leitar að á lost.is

Vefverslunin lost.is er með ótrúlegt úrval af vörum. Nafnið kemur í raun til af því að vera algerlega „lost“, eða týndur. Þá er nóg að koma á lost.is því þar finnurðu það sem þú ert að leita að. Vefverslunin er byggð á gömlum grunni en er komin á nýtt vefsvæði. Við erum í óðaönn að setja inn nýjar vörur á hverjum degi. Svo er líka alltaf hægt að koma í heimsókn til okkar í Malarhöfða 2 og skoða úrvalið.

**Gjafavörur**
Lost.is býður meðal annars upp á flott úrval af fallegri gjafavöru. Við erum með afar mjúk nafnahandklæði í öllum regnbogans litum. Þetta eru gífurlega sniðugar og persónulegar jólagjafir. Þá velur fólk lit og fær svo nafn að eigin vali útsaumað í handklæðið. Einnig hafa handklæði með mynd af Íslandi verið vinsæl í jólagjafir.

**Allt fyrir saumaskapinn**
Lost.is með mjög gott úrval af vörum fyrir þá sem ætla að prjóna eða sauma jólagjafir handa sínum nánustu. Til dæmis erum við með íslenskt garn og lopa í alls konar litum. Einnig er úrval af alls konar erlendu garni. Að auki erum við með mikið af tölum, saumavöru, vefnaðarvöru og fleiru. Þetta er sniðugur kostur fyrir þá sem búa úti á landi og komast ekki í bæinn að versla. Úrvalið á smávöru í vefnaðarvörubúðum úti á landi getur verið takmarkað þar sem það er dýrt að vera með stóran lager í litlu bæjarfélagi. Þá verslar fólk við lost.is. Þar finnurðu allt sem þú leitar að og jafnvel meira til.

**Íslensk hönnun**
Lost.is hefur ýmsa vöruflokka á boðstólum frá íslenskum hönnuðum. Meðal annars eru peysur úr íslenskri ull frá prjónastofunni Kidka á Hvammstanga. Einnig fást ullarsokkar frá Varmá og frá SA Iceland fást húfur, vettlingar og handstúkur (fingralausar grifflur) úr íslenskri ull og innfluttri þæfðri voð.

Ferðamennirnir hafa verið afar hrifnir af stúkunum og annarri smávöru frá Lost og panta ósjaldan fleiri pör af stúkum eftir að heim er komið. Þær eru mjög vinsælar og við höfum til dæmis sent stúkupar til Singapore. Að auki seljum við fatnað sem er ekki úr ull eins og leggings, toppa, kjóla, buxur og peysur. Þetta er allt íslensk hönnun og framleiðsla og erfitt að telja það allt upp. Sjón er sögu ríkari! Það er öllum velkomið að líta við hjá Lost á Malarhöfða 2.

**Gjafabréf**
Lost.is er einnig með gjafabréf allt frá 1.000 kr. upp í 20.000 kr. Gjafabréf frá lost.is eru svo að segja fullkomin í jólapakkann fyrir þá sem eiga allt og eru alltaf með eitthvað á prjónunum. Þau má nota í allt sem fæst á lost.is og er úr nægu að velja.

Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 581-3330
Netfang: lost@lost.is
Opið virka daga frá 9–17













# Húsið lenti í aurskriðu og skjaldbaka í jólamatinn



Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is

Þegar hinn vinsæli glæpasagnahöfundur Lilja Sigurðardóttir er spurð út í eftirminnilegustu jólagjöfina frá æskuárunum kemur á daginn að lítið var um jólagjafir á hennar minnisstæðustu jólum. Fjölskyldan varð fyrir nokkru áfalli en jólunum var bjargað meðal annars með skjaldböku og klassískri barnabók eftir Guðrúnu Helgadóttur. Við gefum Lilju orðið og hún segir okkur þessa sérstæðu jólasögu:

*Eftirminnilegustu jól æsku minnar voru nú einmitt jólin þegar það voru eiginlega engar jólagjafir. Það voru jólin sem ég var tíu ára en þá bjuggum við í litlu þorpi á Kyrrahafsströnd Mexíkó og höfðum farið í ferðalag niður til Belís að útvega áritun í passana okkar. Þegar við komum heim tveimur dögum fyrir jól hafði aurskriða farið í gegnum húsið okkar svo að eftir stóðu burðarstoðirnar með þakinu á. Svo að við mokuðum alla Þorláksmessu og fórum svo á pósthúsið að sækja jólagjafirnar frá Íslandi en þá var búið að stela þeim öllum nema íslenskri barnabók. Stundum kemur sér vel að tala tungumál sem enginn skilur. Mamma og pabbi fóru í einu búðina í þorpinu, Lúsíubúð, og keyptu sælgæti og einhverjar smágjafir og svo fór pabbi á stúfana að finna út úr jólamatnum. Honum leist ekki á kjötið sem var í boði í þorpinu, allt heimaslátrað og fremur matareitrunarlegt og við krakkarnir góluðum á kjöt því við vorum orðnir leiðir á túnfiskinum sem við höfðum aðallega lifað á þar sem hann var undirstaða aðalatvinnuvegar þorpsins. Svo að úr varð að honum var útveguð nýveidd skjaldbaka og mamma eldaði kjötið á sinn snilldarmáta svo að úr varð hinn besti jólamatur. Það er vert að taka það fram að þetta var fyrir tíma alfriðunar á sjóskjaldbökum og skjaldbökukjöt var venjulegur matur í þorpinu þar sem við bjuggum. Ég á skelina af skjaldbökunni ennþá og hún hangir uppi á vegg hjá mér. Eftir matinn fórum við niður á strönd og kveiktum varðeld, sungum jólalög og lásum upp úr barnabókinni. Þetta var bók eftir Guðrúnu Helgadóttur sem Þráinn Bertelsson og Sólveig höfðu sent okkur. Þetta urðu hin jólalegustu jól eftir allt saman og urðu til þess að við gerðum okkur öll grein fyrir því að það sé gaman að ýmsum jólasiðum þá er enginn þeirra ómissandi nema samvera með fjölskyldunni og kannski ný bók.*

**Svik: Pólitísk spennusaga**

Lilja hefur notið sívaxandi vinsælda sem glæpasagnahöfundur undanfarin ár og hlotið margs konar viðurkenningar. Nýjasta sagan hennar ber heitið Svik, hröð og hörkuspennandi saga um völd og valdaleysi, ofbeldi og þöggun; um að bregðast trausti og svíkja gefin loforð. Um söguþráðinn segir í tilkynningu frá útgefanda:

„Úrsúla er nýlega flutt til Íslands eftir áralöng störf á hættusvæðum heimsins. Rólegt hversdagslífið í Reykjavík hentar henni engan veginn, svo að hún grípur fegins hendi óvænt boð um að taka sæti í ríkisstjórn landsins: þar getur hún aftur látið til sín taka!

En stjórnmálin eru refskák og fjölmiðlar vaka yfir hverju fótmáli nýja ráðherrans. Við bætist að gamall útigangsmaður eltir hana á röndum og virðist vilja vara hana við yfirvofandi hættu. Getur verið að hann búi yfir vitneskju sem ógnar einhverjum í innsta hring?“ ■






ÁMAN:

# „Allir geta búið til bjór og vín ef þeir vilja og hafa áhuga“

Nafnið Áman á sér yfir 40 ára sögu, en fyrirtækið hefur verið staðsett á Tangarhöfða 2, 110 Reykjavík, síðan í byrjun árs 2016 en var áður til margra ára í húsi sem flestir þekkja, gamla Austurbæjarapótekinu, Háteigsvegi 1 við Rauðarárstíg, sem lengi var talað um sem „Rauða húsið,“ segir Magnús Axelsson, framkvæmda- og rekstrarstjóri Ámunnar ehf.



**Verslun og aðgengileg netverslun**
Áman flytur inn og selur vörur til bjór- og víngerðar og er með smásölu, netverslun og endursöluaðila víða um landið. Magnús segir það verulega til hagsbóta fyrir landsbyggðina, þar sem kaupandinn þarf þá ekki að greiða sendingargjald undir vöruna og varan er á svipuðu verði hjá flestum endursöluaðilum eins og í versluninni í Reykjavík. Í netverslun Ámunnar, aman.is, má finna allar vörur sem fyrirtækið flytur inn og er netverslunin mjög vel flokkuð og aðgengileg.

„Við leggjum okkur fram við að þjónusta einstaklinga sem hafa áhuga á að gera eigin bjór og vín,“ segir Magnús. Bæði er hægt að kaupa tilbúin sett, sem er búið að forvinna, og svo öll efni og áhöld sem þarf til að gera bjór frá grunni.

**Bjór- og víngerð er áhugamál hjá stórum hópi fólks**
Magnús segir að síðustu ár hafi verið ákveðin vakning hjá fólki um að gera bjórinn frá grunni.

„Bjórbruggun hefur verið vaxandi áhugamál hjá fólki sem er ekki að hugsa um tímann, einfaldleikann eða kostnað, en stofnkostnaður er einhver þó að hann sé ekki verulegur, “ segir Magnús. Um er að ræða áhugamál hjá stórum hópi fólks, sem kemur vikulega að kaupa hráefni til bjórgerðar. Fyrir þá sem eru að gera bjór frá grunni þá eru til leiðbeinandi upplýsingar, en margir brugga bjór eftir eigin hugmynd.

„Þegar þú ert farinn að gera bjór frá grunni þá verður þetta áhugamál og menn verða fljótlega sérfræðingar, sumir verða bara bjórmeistarar heima hjá sér,“ segir Magnús. „Allir geta búið til bjór og vín ef þeir vilja og hafa áhuga.“

Sá hópur sem gerir sín eigin vín uppgötvar að þau eru holl, bragðgóð og oft mildari og ferskari en verksmiðjuframleidd vín. Þá er víngerð heillandi og skemmtilegt tómstundagaman. Framboð af nýjum tegundum og betri efnum eykst stöðugt og með betri hjálparefnum og tækjum er heimavín fyllilega sambærilegt borðvínum frá hinum frægu vínræktarlöndum. Segja má að óðum minnki bilið á milli besta heimavínsins og hinna svokölluðu eðaltegunda.

**Hvort sem þú ert að gera bjór eða vín þá snýst þetta um þolinmæði**
„Bjórbruggun frá grunni er ekki flókið mál en það þarf ákveðið bjórger, malt/korn, humla, að meskja við ákveðið hitastig og síðan sjóða virtan sem fæst úr meskingunni, kæla, gerja og svo framvegis. Þetta er ákveðið ferli, sem er ekki langt, en tíminn frá því að bjórgerð hefst og hann settur á flöskur er um tvær vikur,“ segir Magnús.

Kosturinn við heimavíngerð er sá að hún er einföld og þægileg auk þess að vera ódýr kostur. Lítið pláss þarf á heimilinu fyrir víngerðina og henni fylgir nánast engin lykt. Vínið er mjög gott, þrúgurnar og víngerðarlíkin eru fyrsta flokks í dag, mjög vönduð vara.



**Aldurshópur viðskiptavina er breiður**
Fólk skiptist í tvo hópa, þá sem eru að leita að ódýrum lausnum fyrir til dæmis afmæli eða giftingu og svo þá sem hafa vín og bjórbruggun sem áhugamál og vilja gera góð vín og góðan bjór og leggja tíma og peninga í bruggunina. Aldurshópur viðskiptavina Ámunnar er einnig breiður.



**Stofnkostnaður til bjór- og víngerðar er ekki verulegur**
Aðspurður um hver stofnkostnaðurinn sé segir Magnús að hægt sé að kaupa pakka með bjórgerðarefni inniföldu á undir níu þúsund krónum og áhaldapakki til víngerðar, þar sem að efni er ekki innifalið, er um 14.000 krónur. Hægt sé að gera bjór frá grunni á ódýran hátt, en ef eigi að gera það af alvöru getur stofnkostnaður hlaupið á nokkrum tugum þúsunda.

Allt sem þarf til bjór- og víngerðarinnar er til sölu hjá Ámunni, efni til bjór- og víngerðarinnar sjálfrar, flöskur, tappar, og allt þar á milli.

Allar nánari upplýsingar má fá hjá Ámunni, Tangarhöfða 2, í síma 533-1020 eða á netfanginu aman@aman.is. Verslunin er opin virka daga frá kl. 10–18. ■










LITLA LOPASJOPPAN:

# Allt sem hægt er að gera úr ull

Þegar ég opnaði þetta sumarið 2014 þá var það hugsað sem tilraunaverkefni. Ég þekkti margar konur sem voru að reyna að selja lopapeysurnar sínar en áttu erfitt með að koma þeim á framfæri, voru kannski að auglýsa á Facebook og þess háttar. Ég bjóst ekki við miklu en hér er ég enn í dag og það er brjálað að gera," segir Berglind Kristinsdóttir sem rekur Litlu lopasjoppuna á Hellu, en það er ullarmarkaður með vörur í umboðssölu. Fjölbreytnin er gífurleg, til dæmis jólaskraut og alls konar flíkur, peysu, húfur, vettlingar, legghlífar og margt fleira. Allar vörur í versluninni eru úr íslenskri ull og engu öðru. Árið 2016 fékk Litla lopasjoppan skjöld frá Félagi sauðfjárbænda til viðurkenningar um upprunavottorð vörunnar.

Litla lopasjoppan nýtur mikilla vinsælda en Berglind hefur aldrei áður auglýst verslunina: „Þetta hefur spurst út, ég reyni að halda verðinu skynsamlegu og er ekki að hlaupa með það upp í hæstu hæðir. Slíkt spyrst út. Hótelin og gistiheimilin hér í grenndinni, sem og margir fararstjórar, eru aðilar sem hafa reynst rosalega hjálplegir með því að vísa erlendum gestum hingað," segir Berglind.

Fastir prjónarar sem selja afurðir sínar í Litlu lopasjoppunni eru um 30 talsins, þ.e.a.s. það fólk sem prjónar reglulega, en á lista eru vel fyrir 100 manns. Sem nærri má geta er fjölbreytnin gífurleg. „Fólki sem verslar hérna finnst frábær tilhugsun að einhver einstaklingur hafi búið til vöruna sína heima hjá sér en þetta sé ekki einu sinni nálægt því að vera verksmiðjuframleitt," segir Berglind.

Það er mikil upplifun að koma í Litlu lopasjoppuna og sjá alla ullardýrðina og fjölbreytnina. „Þetta er engin tískubúð og húsgögnin eru gömul og héðan og þaðan. Við sitjum oft tvær eða þrjár hér og prjónum þegar viðskiptavinir koma inn, þannig að þetta er mjög frjálslegt," segir Berglind.



Litla lopasjoppan er til húsa að Dynskálum 26 á Hellu, eða austast í þorpinu, við þjóðveginn. Opið er virka daga frá 10 til 17 og laugardaga frá 10 til 16. Það er velkomið að hringja í Berglindi í síma 699-3839 ef fólk vill komast í verslunina utan hins auglýsta afgreiðslutíma.

Sjá nánar á Facebook-síðunni Litla lopasjoppan og vefsíðunni lopasjoppan.net.



# BAZAAR REYKJAVÍK

## HEIMILIS- OG GJAFAVÖRUVERSLUN

BAZAAR.IS



VANDAÐIR PÚÐAR MEÐ MÁLVERKUM EFTIR ÞEKKTA LISTAMENN



SÉRSAUMAÐAR GARDÍNUR FYRIR SÉRHVERN GLUGGA



BÆJARLIND 6 | 200 KÓP | 564-2013 | ÞRI-FÖS: 11-17 & LAU: 11-15 (Í DES)

ALLAR VÖRUR FÁST EINNIG Á
www.smartboutique.is

# Smart Boutique

Kringlan • www.smartboutique.is

SENDUM FRÍTT
Á NÆSTA PÓSTHÚS NÆRRI ÞÉR

*Við erum flutt í stærstu og bestu verslunarmiðstöðina á Íslandi*

Kringlan



Falleg Alaska gerfifeldshúfa og vandaðir leðurhanskar
Jólatilboð 11.900 kr.
Fyrir herra og dömur
Margir litir í boði



Mikið úrval af Refakrögum
Verð frá 29.900 kr



Herra trefill og leðurhanskar.
Jólagjöf sem slær alltaf í gegn
Jólatilboð 5.900 kr.
Margir litir í boði
Þetta tilboð seldist upp í fyrra !



Vönduð kanínuhúfa og leðurhanskar
Fyrir Dömu og herra
Jólatilboð 16.900 kr.
Margir litir í boði



Falleg pasmina og leðurhanskar í stíl
Óteljandi litir í boði
Jólatilboð 5.900 kr.



Leðurhanskar með íslensku roði hannaðir af Smart boutique
Enstakir hanskar gerðir úr allra besta fáanlega leðri og roði
Verð frá 9.900 kr.



Skinn kragar í miklu úrvali
Gervi eða ekta þitt er valið
Verð frá 4.900 kr.




# Fjölbreytni og gæði á fjórum hjólum

Hjá versluninni Módjó í Mjóddinni er nánast allt til sem flokkast sem taska eða veski. Um er að ræða vörur af ýmsum toga, frá skólatöskum, ferðatöskum, dömuveskjum til seðlaveskja og fleira.

„Okkar megineinkenni er fjölbreytnin, bæði í töskugerðum en líka í verði. Hér er hægt að fá mjög ódýrar vörur en líka vandaðar leðurvörur í dýrari kantinum. Langmesta salan er hins vegar í leðurvörum á meðalverði," segir Grétar Karlsson, eigandi verslunarinnar.

Grétar tekur fram að allar ferðatöskur sem eru til sölu í Módjó séu á fjórum hjólum. Mikil áhersla er lögð á léttar töskur þannig að þunginn liggi að mestu í farangrinum sjálfum. Ferðatöskurnar eru í alls konar litum; rauðum, bláum, svörtum, appelsínugulum og fleiri litum. Enn fremur selur Módjó strekkibönd, vigtar og merkispjöld, en þetta eru allt hlutir sem koma sér vel fyrir ferðalanginn.

Það er upplifun að koma í verslunina í Mjóddinni og sjá allt úrvalið. Einnig má benda á heimasíðuna modjo.is og Módjó á Facebook.

Verslunin er opin alla virka daga frá kl. 10 til 18 og laugardaga frá 11 til 16.■








101 SPA:

# Dekraðu við þá sem þú elskar mest



101 Spa er ný snyrti- og nudd stofa sem var opnuð fyrr á árinu. Stofan er staðsett í glæsilegu húsnæði við Laugaveg í hjarta Reykjavíkurborgar. 101 Spa býður upp á allar helstu snyrtimeðferðir svo sem hand- og fótsnyrtingu, vax, andlitsmeðferðir, brúnkusprautun og margt fleira. „Einnig bjóðum við upp á ýmiss konar nuddmeðferðir svo sem heitsteinanudd, meðgöngunudd og fleira,“ segir Anna Sóley, annar eigenda 101 Spa.

**Algjör snilld í vinkonudekur**

„Það sem er sérstakt við stofuna hjá okkur er að það geta allt að fimm komið saman í fótsnyrtingu. Það er til dæmis mjög vinsælt hjá vinkonuhópum eða gæsahópum að koma saman í Lúxus fótsnyrtingu en það myndast alveg einstaklega skemmtileg og notaleg stemning í svona hópfótsnyrtingu. Það setjast allir í þægilega nuddstóla, saman í herbergi. Hægt er að sötra á kaffi, te eða hvítvín meðan á meðferð stendur, í boði hússins auðvitað. Fæturnir eru settir í fótabað, neglur klipptar og þjalaðar. Naglabönd eru snyrt, iljar raspaðar og fætur skrúbbaðir með kornskrúbb. Eftir það nuddum við fæturna og setjum fótmaska fyrir þurra og þreytta fætur. Meðferðin endar á að tær eru lakkaðar í litum að eigin vali. Fæturnir verða alveg dúnmjúkir og það er eins og maður gangi á skýi lengi á eftir!“ segir Anna.

**Gefðu dekur í jólagjöf**

„Gjafabréfin okkar eru snilld í jólapakkann þar sem allir geta fundið sér eitthvert dekur hjá 101 Spa; karlar, konur, ungir sem aldnir. Hægt er að ákveða upphæð í gjafabréfið og svo velur handhafi sér meðferð sem honum hentar,“ segir Anna.

**Vörurnar**

„Við erum með fullt af góðum olíum, kremum, brúnkukremum og fleiru sem getur verið gaman að gefa um jólin, eða að kaupa sér eftir meðferðir hjá okkur. Við erum meðal annars með vörur frá Moroccanoil og MineTan. Allar þær vörur sem við seljum á stofunni fást einnig á vefversluninni 101verslun.is og þar er hægt að panta og fá sent heim,“ segir Anna.









Nánari upplýsingar má nálgast á 101spa.is, Facebook-síðunni 101 Spa og Instagram-síðunni 101 spa.

Stofan er staðsett að Laugarvegi 71, 101 Reykjavík

Opið virka daga kl. 9.00–21.00
Laugardaga 10.00–19.00
Sunnudaga 11.00–19.00
Sími: 519-5566
Netfang: 101spa@101spa.is






REYKJAVÍK DIGITAL:

# Sérfræðingar í vefsíðugerð.

Reykjavík Digital er ungt og framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í WordPress-vefsíðugerð. Okkur finnst afar spennandi að vinna með WordPress fyrst og fremst vegna þess að það er Open-Source og kostar ekki neitt. Í dag keyrir WordPress u.þ.b. 30% af öllum vefsíðum á internetinu og er því langstærsta vefumsjónarkerfi í heiminum.

Á bak við Reykjavík Digital er öflugt teymi sem hefur gífurlega mikla reynslu í WordPress og vefsíðugerð. Gunnlaugur Arnar Elíasson, sérfræðingur í netmarkaðssetningu og einn eigenda Reykjavík Digital, segir fyrirtækið smíða fallega, leitarvélavæna og skilvirka vefi sem virka hnökralaust í öllum tækjum og eru hannaðir til að selja vörur eða þjónustu. Reykjavík Digital vinnur með smáum sem stórum viðskiptavinum og er ávallt opið fyrir nýjum verkefnum.

**Hvað þarf að hafa í huga þegar þú kaupir vefsíðu ?**
Það er margt sem þarf að hafa í huga þegar farið er út í að versla nýja vefsíðu. Vefsvæðið þitt er það mikilvægasta sem þú hefur til að ná til þíns markhóps og því skal vanda vel til verks áður en farið er út í vefsíðugerð. Hér koma fjórir einfaldir punktar sem geta aðstoðað þig áður en þú kaupir þér nýja vefsíðu.

**■ Val á vefumsjónarkerfi**
Þegar farið er út í nýja vefsíðu skiptir val á vefumsjónarkerfi miklu máli. Hér er mikilvægt kynna sér hvaða kerfi eru í boði, hvaða kerfi hentar þínum vef svo vefurinn uppfylli þínar kröfur og markmið. Reykjavík Digital notar eingöngu Open Source-vefumsjónarkerfi sem þýðir að við læsum þig ekki inni í okkar eigin kerfi. Þannig að ef þú „fílar“ ekki eitthvað við okkur, þá ertu ekki bundinn þjónustunni okkar.

**■ Leitarvélabestun/SEO**
Það er ekki sjálfgefið að þótt þú greiðir fyrir fallega vefsíðu að umferðin í gegnum hana aukist af sjálfri sér. Ef leitarvélarnar skilja ekki nýju vefsíðuna þína er mjög ólíklegt að þú munir birtast ofarlega á leitarvélum eins og Google. Við hugsum til leitarvélanna, hvort þær skilji vefina okkar og hvað þeim finnst um þá. Við vitum hvernig leitarvélarnar hugsa og hvað þær vilja sjá.

**■ Vefhýsing**
Það finnst engum gaman að bíða. Ef nýja vefsíðan þín er lengi að hlaða sig þá hafa notendur ekki þolinmæði til að skoða vefinn þinn nema af algjörri nauðsyn. Leitarvélar verðlauna vefsíður sem eru leiftursnöggar og því er val á vefhýsingu einnig mjög mikilvægur liður í því að setja nýjan vef í loftið. Við aðstoðum okkar kúnna með val á vefhýsingu.

**■ Viðhald á vefsíðu**
Get ég breytt efninu á vefnum eða þarf ég að greiða fyrir hvert skipti sem ég vill breyta einhverju? Þetta er enn ein ástæða fyrir því að Reykjavík Digital notar einungis WordPress. Vefumsjónarkerfið er einfalt og þægilegt í notkun og okkur þykir einstaklega gaman að sjá hvað það kemur viðskiptavinum okkar sífellt á óvart hversu auðvelt það er að stjórna innihaldi WordPress.

**Vefsíður**
Við viljum vita allt um fyrirtækið þitt áður en við setjum upp nýja vefsíðu. Við elskum að rýna í gögn, skoða heimsóknartölur og fylgjast með hvernig notandinn hegðar sér á netinu. Gott vefsvæði á að uppfylla væntingar notenda og birta viðeigandi upplýsingar á réttum stað og réttum tíma. Við tryggjum að þetta verði að veruleika.

**Netverslun**
Lykilatriði í góðri netverslun er að það sé einfalt að versla á netinu. Viðskiptavinir eiga að geta fundið vöruna sem þeir leita að fljótt og örugglega. Ferðalagið frá vörulýsingunni yfir í að ljúka við pöntun þarf að vera stutt og áreynslulaust. Ef þú ert að hugsa um að setja vefverslun í loftið þá erum við rétta fólkið til að tala við.

**Viðbætur og tengingar**
Ef lausnin sem þú leitar að krefst sérsniðinnar virkni getum við þróað hana með þér. Forritarar okkar eru vanir að byggja upp flókin verkefni frá grunni og nota nýjustu staðla fyrir hönnun og þróun í WordPress.

Ef fyrirtækið þitt hefur áhuga á að fara yfir vefmálin þá er hægt að hafa samband við okkur í gegnum síma 781-2000 eða senda okkur póst á hallo@reykjavikdigital.is

Einnig er hægt að kynna sér betur þjónustu Reykjavík Digital á https://reykjavikdigital.is ■

REYKJAVÍK
Digital



ONESYSTEMS:

# Íslenskt fyrirtæki sem þróar íslenskan hugbúnað

OneSystems er íslenskt fyrirtæki sem þróar íslenskan hugbúnað fyrir íslenskar aðstæður og þróar hann á Íslandi," segir Ingimar Arndal, sem hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra fyrirtækisins frá upphafi. Fyrirtækið var stofnað árið 2002 og sérhæfir sig í að bjóða upp á upplýsingatæknilausnir sem bæta og efla starfsemi fyrirtækja og auka skilvirkni og framleiðni. „OneSystems stefnir að því að viðskiptavinir og notendur kerfanna geti verið að mestu sjálfbjarga með daglegan rekstur á kerfunum, svo sem að stilla upp ferlum, verkum og sniðum að bréfum, vefeyðublöðum og svo framvegis," segir Ingimar.

**OneSystems fyrir alls konar fyrirtæki**

OneSystems býður upp á allt að 70 mismunandi kerfiseiningar sem hægt er að raða saman allt eftir þörfum viðskiptavinarins og með það að markmiði að lausnin henti flestum fyrirtækjum og stofnunum. „Það er því auðvelt og fljótlegt að laga One-kerfin að þörfum viðskiptavinarins," segir Ingimar og bendir á að hugbúnaðarlausnir OneSystems séu afar sveigjanlegar og falli vel að fyrirtækjum og stofnunum í örum vexti. „Stækkanlegar hugbúnaðarlausnir okkar hjálpa fyrirtækjum við að halda kostnaði og áhættu niðri með því að byrja smátt og stækka síðan auðveldlega eftir því sem aðstæður breytast." Meðal ánægðra viðskiptavina OneSystems má nefna öll helstu sveitarfélög landsins og margar af stærri ríkisstofnunum, en einnig eru mörg einkafyrirtæki búin að taka One-kerfi í notkun.

**Smíði vefumsókna án forritunarkunnáttu**

OneSystems byggir eins og áður sagði á 70 mismunandi kerfiseiningum sem virka á mismunandi hátt. „OnePortal Self-service vefgáttin gerir til dæmis fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólarhringinn, allt árið um kring. Rafrænir innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir t.d. íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sjálfa sig á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vefnum. Með eyðublaðasmið geta viðskiptavinir sjálfir búið til sín eigin umsóknareyðublöð og tengt þau við innri ferla sem viðskiptavinir geta einnig gert sjálfir," segir Ingimar.

**Samþætting hugbúnaðarkerfa og nýjasta forritunartækni**

Hugbúnaður OneSystems er hannaður samhliða nýjustu forritunartækni til þess að keyra auðveldlega með helstu uppsetningum, hugbúnaði og stöðlum. „Með nýjustu tækni geta hugbúnaðareiningar OneSystems átt samskipti við hugbúnað frá þriðja aðila í gegnum internetið. Við byggjum lausnir okkar ofan á Microsoft Windows-miðlara, Microsoft SQL-gagnagrunn og vafra fyrir viðmót kerfanna. Einnig sérhæfum við okkur í hlutbundnum, stækkanlegum alhliða lausnum. Kerfin nota „Single Logon" IWA – Intergrated Windows Authentication til auðkenningar og innskráningar. Auk þess vinna kerfin mjög vel á móti Microsoft Office, Outlook, Word og Excel."

**Róbótalausnir – spennandi nýjung**

OneSystems hefur nýlega tekið upp spennandi nýjung sem bætir enn fremur skilvirkni og sjálfvirkni í opinberri stjórnsýslu. „OneSystems hefur undanfarin ár þróað lausnir í sjálfvirkum róbótalausnum, sem kemur í stað handavinnu við skjalavinnslu, mál, erindi, umsóknir og umsýslu. Slíkt getur sparað allt að 40% af vinnu starfsmanna sem geta þá sinnt eftirliti fremur en tímafrekri handavinnu.

Nánari upplýsingar um OneSystems má finna á one.is

Síðumúla 21 (Selmúlamegin), 108 Reykjavík.

Sími: 588-1050 og 660-8551

Opið alla virka daga 9–17.




ÍSTEX:

# Lopinn hefur sinn karakter og sín sterku einkenni

Lopinn er einstakt náttúruefni sem hefur sinn karakter frá íslensku sauðfé með sitt tog og þel. Framleiðsluferlið er að mörgu leyti flókið og þarf nána samvinnu frá bónda til spuna. Það þarf allt að koma saman: góð ull, natni bænda við búskapinn, fagmannlegur rúningur, flutningur um vetrartíma um allt land, ullarþvottur á Blönduósi og reynsla spunafólks í Mosfellsbæ. Lopinn hefur stóran aðdáendahóp, ekki bara á Íslandi heldur um allan heim. Hann er kannski ekki mýksta bandið og kitlar suma pínulítið, en hann er hlýr, fallegur og sterkur," segir Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístex, fyrirtækis sem hefur haldið á keflinu í íslenskri lopavinnslu frá 1991 eftir Álafoss.

„Bændur eiga 80% í félaginu, ásamt almennum fjárfestum. Við erum ekki með verslun sjálf heldur seljum bara beint í búðir og til fyrirtækja, ekki bara á Íslandi, heldur um nánast allan heim. Lopinn fer mjög víða og er vinsæll meðal ákveðins hóps enda eru ekki margir í svona framleiðslu á heimsvísu, á svona 100% náttúrubandi með sögu með rætur til íslenskra víkinga og víkingakvenna," segir Sigurður.

Ístex hefur notið þeirrar gæfu að bjóða með vörumerkinu Lopa margs konar vörulínur eins og Plötulopa, Álafosslopa, Bulkylopa, Léttlopa og Einband. Einbandið verður til að mynda 50 ára á næsta ári. Ístex framleiðir og selur einnig ullarteppi, gefur út handprjónabækur með fjölbreyttri hönnun og framleiðir vélprjónaband.

„Nýlega hefur orðið sú nýjung í starfseminni að bætt var við blöndunarklefum á Blönduósi, sem gerir hráullina betri og mun jafnari," segir Sigurður. Þá er verið að vinna með bændum að auka verðmæti ullarinnar með fræðslumyndböndum og heimasíðunni www.ullarmat.is.

Að sögn Sigurðar eru fastir starfsmenn 43, en við önnur árstíðabundin verkefni þá bætast við um 10 manns sem verktakar eða starfsmenn.

Sjá nánar um úrvalið, sölustaði, samstarfsaðila, uppskriftir og margt fleira á vefsíðunni istex.is.

„Fyrir utan lopa og garn selur Ístex ullarteppi en ekki aðrar framleiðsluvörur úr efninu, aðrir sjá um að framleiða slíkar vörur og við þjónustum þá sem við best getum. En Ístex gefur líka út prjónabækur sem njóta mikilla vinsælda og nú er komin út ný prjónabók eftir Védísi Jónsdóttur hönnuð sem hefur fengið frábært lof."■



# Sígræn jólatré með led-ljósum



Skátarnir byrjuðu að selja Sígræna jólatréð – gervijólatré – fyrir 25 árum. Þessi tré endast gríðarlega vel, svo vel að þau eru að erfast á milli ættliða. Þetta er innflutt vara, hágæða tré sem hafa reynst mjög vel. Allur ágóði af jólatréssölunni fer beint í æskulýðsstarf skátanna," segir Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Skátabúðarinnar.

**Ekkert barr, ekkert vesen**

Sígrænu gervijólatrén frá Skátunum eru klárlega mjög góður kostur í þeim tilvikum þegar lifandi jólatré henta ekki. Kristinn telur að notkun gervitrjáa fari vaxandi. „Margir verða sífellt þreyttari á öllu barrinu, þrifunum og veseninu sem fylgir lifandi trjám og sumir hafa ofnæmi fyrir gróðrinum," segir Kristinn en telur þó að lifandi jólatré hafi sannarlega mikla kosti og mikinn þokka til að bera. Sígræna jólatréð sé hins vegar góður valkostur til hliðar við þau: „Það er gott að eiga tréð alltaf niðri í geymslu og þurfa ekki að huga að jólatréskaupum fyrir hver jól. Svo er líka gott að geta byrjað að skreyta fyrr fyrir jólin, margir eru farnir að skreyta um miðjan desember og jafnvel fyrr."

Sígræna jólatréð frá Skátunum endist gríðarlega vel og er selt með tíu ára ábyrgð. Hægt er að skipta um einstaka greinar á því, eða eins og Kristinn segir sposkur: „Já, það er hægt að fá varahluti."

**Led-tré – lausn á öllum vanda heimsins**

Mesti hausverkurinn við jólatrésuppsetningu er líklegast ljósaserían. Við kaup þarf að huga að dreifingu á ljósum og hversu margra ljósa serían þarf að vera. Hvað þá þegar kemur að því að taka hana niður að jólahátíð lokinni. Þá þarf að finna nógu stóran sívalning til þess að vefja henni utan um svo hún flækist ekki. Það þarf enginn að örvænta því Skátarnir eru byrjaðir að flytja inn stórsniðug sígræn jólatré með áföstum led-ljósum. „Það þarf ekki lengur að vesenast með flæktar ljósaseríur með biluðum perum sem þarf að skipta út og kemur svo í ljós að fást hvergi. Led-tréð er þakið litlum hvítum led-ljósum sem veita fallega mjúka birtu. Þeim er fullkomlega dreift svo það eina sem þarf að hugsa um er að setja jólaskrautið á. Það er auk þess miklu betri ending á led-ljósunum en venjulegum perum," segir Kristinn.



**Gæðatré á góðu verði**

Þó að Sígræna jólatréð sé innflutt er það framleitt í samræmi við fyrirmæli frá Skátabúðinni og hannað með þeim hætti að það líkist sem mest normannsþini, sem Íslendingar þekkja vel. Efnið sem notað er í tréð er þykkara en á flestum öðrum trjám og það er jafnframt ekki eins eldfimt og önnur gervitré. Í trénu er þykkara plast en gengur og gerist með gervitré, sem veldur því að greinarnar leggjast síður niður við geymslu milli jóla, og tréð virkar eðlilegra þegar komið er við það.

**Óbreytt verð í þrjú ár**

Verð hefur ekki breyst í þrjú ár og kostar Sígræna jólatréð frá 5.900 krónum. Mikill fjöldi stærða er í boði og er verðið breytilegt eftir stærðum. Minnstu trén eru 60 sentimetrar að hæð og þau stærstu heilir fimm metrar. Stærstu trén prýða anddyri í húsnæði ýmissa stórfyrirtækja.

Sígræna jólatréð er til sölu í Skátabúðinni, Hraunbæ 123. Opið er alla virka daga í nóvember frá 9–17.

Opnunartími frá 1. desember 9–18 alla virka daga, og frá 12–18 um helgar.

Sími: 550-9800

Jafnframt er hægt að kaupa trén í vefversluninni sigraena.is. Trén eru heimsend hvert á land sem er. ■








# Sif höfuðhandklæði eru frábær jólagjöf

Ég hef alltaf haft gaman af að sauma en byrjaði að sauma Sif höfuðhandklæðin árið 2011. Ég byrjaði fyrst á því að gefa höfuðhandklæðin mínum nánustu en mig grunaði aldrei að mörgum árum síðar yrði ég enn að sauma þau. Alls eru þetta orðin yfir 11.500 höfuðhandklæði á síðustu 7 árum," segir Elfur Sif Sigurðardóttir, konan á bak við Sif höfuðhandklæðin litríku og vinsælu.

Með Sif höfuðhandklæðunum þurrkar maður hárið með þægilegum hætti eftir sturtu eða bað. „Svona höfuðhandklæði hafa verið seld lengi um allan heim en eins og aðrir er ég með mína sérstöku útgáfu. Mín eru tekin saman í hnút með teygju að aftan og hvert höfuðhandklæði er með ísaumað blóm," segir Elfur Sif og bætir við að hún sé með saumakonu í hlutastarfi.

### Vinsæl vara í verslunum

„Ég sauma þetta fyrst og fremst ánægjunnar vegna en það er auðvitað gleðilegt þegar svona margir vilja kaupa það sem manni finnst gaman að búa til," segir Elfur Sif en hún hefur aldrei þurft að hafa mikið fyrir sölunni því þetta er vinsæl hilluvara í fjölmörgum verslunum.

Sölustaðirnir eru yfir 40 víðs vegar um landið og einnig á netinu. Meðal netverslana sem bjóða upp á höfuðhandklæðin eru heimkaup.is og vefverslun Krabbameinsfélagsins. Höfuðhandklæðin eru til sölu á flestum sundstöðum á höfuðborgarsvæðinu, í nokkrum verslunum Apótekarans, í Lyf og Heilsa í Kringlunni, Snyrtivörubúðinni Glæsibæ, HB búðinni í Hafnarfirði, ýmsum einkaapótekum á höfuðborgarsvæðinu og fjölmörgum öðrum stöðum.

Meðal margra sölustaða á landsbyggðinni má nefna tvo á Akranesi, Apótek Vesturlands og Gallerí Snotru; Sundlaugina í Borgarnesi, Hárhúsið á Egilsstöðum og þau eru einnig seld í Lyf og Heilsa á Glerártorgi á Akureyri, sem og Apótekaranum í Vestmannaeyjum og Hveragerði.

### Margir litir – lágt verð

Höfuðhandklæðin henta vel til gjafa, ekki síst í jólagjafir. Verði er mjög stillt í hóf þó að það kunni að vera mismunandi eftir sölustöðum. Viðmiðunarverð og algengt verð er 3.390 krónur á höfuðhandklæðum fyrir fullorðna og 3.190 á barnaútgáfunni. Fullorðins eru til í 12 litum og barna í 8 litum. ■







# ÍSLENSK KLASSÍK: Skata-stóllinn 60 ára á næsta ári

Fáir gera sér grein fyrir því að íslenskur húsgagnaiðnaður var eitt sinn blómleg atvinnugrein. Húsgagnasmíði og bólstrun voru fjölmennar iðngreinar og fáum datt í hug að flytja inn húsgögn eða heilu innréttingarnar.

Fyrstu íslensku húsgagnaarkitektarnir, Helgi Hallgrímsson og Skarphéðinn Jóhannsson, luku námi í listiðnaðarskólanum í Kaupmannahöfn árið 1938 og voru þeir lengi vel einungis tveir starfandi á Íslandi, enda ómögulegt fyrir aðra Íslendinga að stunda nám í Evrópu á tímum heimsstyrjaldarinnar síðari, hvað þá í Danmörku sem þá var hersetin af Þjóðverjum. Fljótlega eftir stríð bættust fleiri í hópinn og voru þeir nánast allir menntaðir í listiðnaðarskólanum í Kaupmannahöfn (kunsthaandværkerskolen), þ.á.m. Sveinn Kjarval (1919–1981), en þar voru kröfurnar þær að nemendur þurftu fyrst að hafa lokið sveinsprófi í húsgagnasmíði.

Halldór Hjálmarsson (1927–2010), sem m.a. hannaði Skötustólinn, lauk námi í sama skóla árið 1956.

Þegar þessir hönnuðir sneru heim báru þeir með sér bestu mögulegu þekkingu og færni sem völ var á á þeim tíma og við tók blómaskeið nútímalegrar íslenskrar húsgagnahönnunar og framleiðslu undir sterkum áhrifum frá því besta í Danmörku og víðar.

### Nýjar sérmerktar útgáfur framleiddar

Skötustóllinn á 60 ára afmæli á næsta ári og af því tilefni verða framleiddar sérmerktar útgáfur í takmörkuðu upplagi, sem einungis verða seldar á afmælisárinu, þótt hægt sé að panta stólana fyrirfram en borga við afhendingu á næsta ári, og því ágætis jólagjöf fyrir þá sem vilja fresta útgjöldum yfir jólin.

Saga Skötustólsins á sér rætur í námsárum Halldórs í Kaupmannahöfn. Skólinn og kennarar hans lögðu mikla áherslu á að vinna með það nýjasta og besta, út frá þeirri hugmyndafræði að alltaf væri hægt að gera gott betra og ekkert því til fyrirstöðu að vinna með þekkt húsgögn og þróa þau áfram. Þau voru sjálf afleiðing af þróun annarra húsgagna og svo koll af kolli. Poul Kjærholm, aðalkennari og góðvinur Halldórs, hvatti beinlínis til þess að sín húsgögn yrðu þróuð áfram og einfölduð, og má t.d. greinilega sjá líkindi með fyrsta stól Halldórs, stólnum HH-1 og stólnum PK-25, sem einnig var fyrsti stóll Pouls og útskriftarverkefni úr sama skóla. Sá stóll þótti ansi flókinn í smíði og kostar enda yfir 1,5 milljónir sé hann keyptur í dag. HH-1 byggir á svipaðri útfærslu, en er margfalt ódýrari í framleiðslu. Nokkur eintök voru nýlega framleidd til prufu.

### Klassískur stóll gengur í endurnýjun lífdaga

Framleiðslan á Skötustólnum hófst að nýju árið 2007. Á bak við það stóð sonur Halldórs, arkitektinn Örn Þór Halldórsson, í samvinnu við Sólóhúsgögn, sem lengi vel voru einu söluaðilar stólsins. Örn hefur nú sjálfur tekið yfir framleiðslu og sölu, en þó í góðu samstarfi við Sólóhúsgögn, en að sögn Arnar hefur það fyrirtæki stutt dyggilega á við bak margra íslenskra hönnuða og er nánast eitt íslenskra fyrirtækja sem það gerir.

„Fyrir marga er þarna við ofurefli að etja í formi innflutnings og nánast einokunar eins fyrirtækis á íslenskum hönnunarmarkaði, sem einungis greiðir hönnuðum u.þ.b. 0,5–1,5% af söluverði, og minnir fyrirkomulagið einna helst á dönsku einokunarverslunina á sínum tíma. Íslenskir hönnuðir ættu því að taka höndum saman og reyna í sameiningu að koma sinni framleiðslu á framfæri, en það er auðveldara en margan grunar,“ segir Örn.

Skötustóllinn hefur notið vaxandi vinsælda á ný, enda tímalaus hönnun. Notaðir stólar hafa gengið vel í endursölu og síðustu viðhafnareintök sem voru framleidd í tilefni 50 ára afmælisstólsins ganga nú kaupum og sölum, nánast á sama verði og nýir stólar, ef þau yfirleitt fást til sölu. Stóllinn nýtur þess einnig að vera mun ódýrari en sambærilegir stólar og er það regla að hann skuli alltaf vera a.m.k. 25% ódýrari en sambærilegar, klassískar tegundir.

Viðhafnarstóllinn verður úr olíu- eða vaxborinni eða lakkaðri eik, allt gert í höndunum eins og í upphafi og verða nokkrir litir í boði.





Myndir: Silvia Gentili



Skötustóllinn er annars til í mörgum útgáfum og nýjustu útgáfurnar er m.a. hægt að skoða og kaupa í nýrri verslun Geysis-heima að Skólavörðustíg 12 og Álfagulli við Strandgötu í Hafnarfirði. Allar útgáfurnar af Skötu og Þórshamri, bæði nýjar og gamlar, eiga þó enn sitt sameiginlega útlit, sem er í senn stílhreint og listrænt. Segir Örn að þetta séu ljóðrænir stólar: „Þetta ljóðræna kemur ekki síst fram í því að festingarnar undir Skötustólnum minna á „egg“, en skatan verpir einmitt eggjum.“

Fyrir áhugasama þá er best að hafa samband við Örn beint með því að senda skilaboð í gegnum heimasíðuna http://skata.is/, á netfangið info@skata.is. eða senda skilaboð á Facebook-síðunni Skata.

„Í kjölfarið kemur fólk í heimsókn á verkstæðið mitt hérna í Vesturbænum og kaupir stólana beint frá býli. Epal-kommar eru líka velkomnir, þótt það sé skýrt tekið fram að innkaupastjórar ríkisstofnana fái engan sérstakan afslátt,“ segir Örn og hlær. ■

HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR:

# Skemmtileg og öðruvísi gjöf sem heldur áfram að gefa

Á gjafabréfasíðu Hjálparstarfs kirkjunnar, gjofsemgefur.is, finnur þú frumlega og skemmtilega gjöf fyrir vini og ættingja og um leið styrkir þú – og sá sem gjafabréfið fær – fjölskyldu sem býr við erfiðar aðstæður hvort sem er hér heima á Íslandi eða á verkefnasvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar erlendis.

Þegar þú kaupir gjafabréf á gjofsemgefur.is byrjar þú á því að velja gjöf og skrifar svo kveðju á gjafabréfið til viðtakanda þess. Í næsta skrefi getur þú valið að fá gjafabréfið sent til þín með tölvupósti til að prenta út heima. En þú getur líka valið að fá það prentað á silkipappír á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar á Háaleitisbraut 66 í Reykjavík og að það verði sent beint til viðtakanda.

**Unnið með fólki**

„Hjálparstarf kirkjunnar hjálpar þar sem þörfin er mest og alltaf í samstarfi við fólkið sem aðstoðina fær og staðbundin hjálparsamtök á svæðunum þar sem við vinnum. Það fólk þekkir best vandann sem glímt er við og leiðir til að leysa hann. Okkar hugmyndum og lausnum er ekki þröngvað upp á fólk og þess vegna eru allar gjafirnar á gjofsemgefur.is eitthvað sem örugglega vantar og örugglega kemur að gagni," segir Kristín Ólafsdóttir, fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar.

**Hvert fer andvirði gjafabréfsins?**

„Þegar fólk kaupir gjafabréf á gjofsemgefur.is ákveður það í hvað peningarnir fara en til þess að áhugi okkar verði ekki þörfinni yfirsterkari höfum við sett gjafirnar saman í flokka. Þannig er hægt að hafa nauðsynlegan sveigjanleika í stuðningi okkar við þá sem þurfa á hjálp okkar að halda," segir Kristín.

„Ef þú kaupir gjafabréfið Geit handa vini eða ættingja geturðu verið viss um að andvirði þess fer beint í húsdýra- og jarðræktarverkefni okkar. Þegar allir sem eiga að fá geit, samkvæmt áætlun verkefnisins, hafa fengið hana fer peningurinn næst í að kaupa verkfæri og fræ og svo framvegis. Eins ef þú kaupir Vatn fyrir 20 manns þá veistu að fyrir þína peninga verður fólki útvegað hreint vatn eða annað það sem stuðlar að betri heilsu þess. Við gröfum brunna og vatnsþræ og setjum upp vatnstanka. En þegar því er lokið samkvæmt áætlun hvers árs, fara peningarnir í fræðslu um mikilvægi hreinlætis og hvernig hægt er að koma í veg fyrir smitsjúkdóma."










Kveðjurnar sem fólk skrifar á gjafabréfin eru margskonar. Þær eru hlýlegar, fyndnar, einlægar og jafnvel í vísuformi, allt eftir tilefninu, fólkinu sem gefur og fólkinu sem fær gjafabréfin. Nýleg kveðja hljóðar svona: Kæra afmælisbarn! Við vonum að þessi afmælisgjöf megi gleðja þig jafnt sem þá sem hennar njóta. Megi komandi ár verða þér gæfurík.

Á gjofsemgefur.is eru yfir fjörutíu mismunandi gjafabréf en hvert þeirra lýsir verkþætti í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar á Íslandi og á verkefnasvæðum erlendis.



LEIKFANGALAND:

# Alvöru leikfangabúð í hjarta Hafnarfjarðar

Leikfangaverslunin Leikfangaland er líklega best geymda leyndarmál Hafnarfjarðar. Um er að ræða ekta leikfangabúð, eina af fáum alvöru leikfangabúðum sem eftir eru á Íslandi. Verslunin er rúmgóð og staðsett í 300 fermetra verslunarhúsnæði í Firðinum. „Það er alltaf notalegt að koma í búðina til okkar að kaupa gjafir handa börnunum. Þeim fullorðnu þykir ekki síður gaman að koma hingað en börnunum, en þeir tala sumir um að fá nostalgíukast þegar þeir stíga hér inn," segir Lilja.

**Leikföng fyrir alla**

„Við erum með frábært úrval af leikföngum fyrir börn á öllum aldri. Hér er alltaf nóg til af Lego og Playmo vörum fyrir krakka á öllum aldri. Einnig erum við með gott úrval af BabyBorn vörunum og Bruder bílunum. Svo erum við með ýmislegt í búðarleikinn svo sem búðarkassa, dótamat og fleira. Þessar vörur eru sívinsælar hjá börnunum og hitta alltaf í mark," segir Lilja.

**Stýrissleðar og snjóþotur í miklu úrvali**

Þegar snjórinn lætur sjá sig er fátt skemmtilegra en að skella sér í brekkuna og renna sér niður á snjóþotu eða stýrissleða. „Hér erum við með mjög gott úrval af bæði Stiga sleðum með stýri, ungbarnasnjóþotum, rassþotum og fleiru á góðu verði sem kátir krakkar kunna að meta í snjóhörkum," segir Lilja.

**Jólin í Leikfangalandi**

„Við erum með ótrúlega fjölbreytt úrval af jóladagatölum með litlum leikföngum. Þessi dagatöl verða alltaf vinsælli með hverju árinu sem líður enda finnst börnunum alveg ótrúlega gaman að fá nýtt smádót á hverjum degi í desember.

Svo má ekki gleyma því að Leikfangaland er mjög góður vinur Jólasveinsins. Jólasveinarnir koma hingað reglulega til þess kaupa gjafir í skóinn enda erum við með frábært úrval af smádóti til að gleðja þæga krakka," segir Lilja.

Leikfangaland er einnig með vefverslun, leikfangaland.is

Leikfangaland er staðsett á 2. hæð í Firðinum, Fjarðargötu 13–15, Hafnarfirði

Sími: 694-9551

Netfang: leikfangaland@leikfangaland.is













CAMTEC.IS:

# Er með jólagjafirnar í bílinn

Camtec.is er vefverslun sem sérhæfir sig í myndavélabúnaði fyrir bíla, vélar og tæki. Þrátt fyrir að í boði sé fjölbreytt gæðavara er ávallt reynt að bjóða vörur á allra hagstæðasta verði og til þess er nýtt rekstrarhagkvæmni vefverslunarformsins með sína litlu yfirbyggingu.

Dashcams eða mælaborðsmyndavélar eru búnaður sem er farinn að verða sífellt vinsælli í fólksbílum. Þessar vélar geta sparað bíleigendum mikinn kostnað ef upp kemur ágreiningur vegna slyss eða óhapps.

Camtec.is býður á hagstæðu verði mælaborðsmyndavélar frá framleiðandanum Street Guardian, en þær mælaborðsmyndavélar þykja vera með þeim bestu sem fáanlegar eru á markaðnum. Vélarnar þola mikinn kulda og mikinn hita. Þær eru samsettar úr úrvals íhlutum, meðal annars F/2.0, 7 laga glerlinsu, Sony myndflögu (Sensor) og Novatek örgjörva. Reglulega eru vélar frá þessum framleiðanda prófaðar hjá helstu gagnrýnendum bílamyndavéla um allan heim og hafa fengið framúrskarandi einkunnir.

Sjá nánar á camtec.is

Óhætta er að segja að mælaborðsmyndavél (Daschcam) frá Street Guardian sé frábær jólagjöf handa bíleigandanum.

**Bakkmyndavél með hita og lýsingu**

Camtec býður einnig frábæra bakkmyndavél með hita og lýsingu, sem er eins og sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður. Innbyggður hitari gerir hana frostfría á köldustu dögum. Hún er með Sony myndflögu fyrir kristalskýra mynd. Að auki er hún einnig með 30stk IR ljósdíóður sem hjálpa til að sjá í myrkri og hún er með innbyggðan hljóðnema, svo ef skjárinn er með hátalara, þá heyrirðu ef einhver er að segja til fyrir aftan.

Ítarlegar upplýsingar er að finna um bakkmyndavélina á camtec.is

**Myndavélakerfi fyrir vinnuvélar og atvinnubíla**

Bandaríski framleiðandinn Rear View Safety hefur í mörg ár hannað og þróað myndavélakerfi fyrir allar hugsanlegar gerðir af vinnuvélum og atvinnubílum. Á camtec.is er að finna ýmsa útfærslu fyrir mismunandi vinnutæki og þú finnur áreiðanlega myndavélakerfið sem hentar þínu vinnutæki.

Þess má einnig geta að Camtec.is er með landsins mesta úrval af myndavélum fyrir vöru- og flutningabíla. Einnig er verslunin með mikið úrval véla fyrir húsbíla og hjólhýsi.

Camtec.is sendi vörur hvert á land sem er og er frí heimsending á öllum pöntunum yfir 15.000 kr. Á ódýrari pantanir leggst sendingarkostnaður samkvæmt gjaldskrá Íslandspósts. Sjá nánar vöruúrvalið á camtec.is. ■











LÍN DESIGN – ÍSLENSK HÖNNUN:

# Umhverfisvænar hágæðavörur sem henta vel sem fyrirtækjagjafir

Lín Design leggur mikið upp úr fyrirtækjaþjónustu þar sem boðið er upp á glæsilegt úrval gjafavöru og faglega þjónustu.

„Lín Design er lífsstílsverslun þar sem falleg hönnun, vandaðar og umhverfisvænar vörur eru í fyrirrúmi. Fyrirtækjasviðið fer stækkandi með hverju árinu og stór sem smá fyrirtæki kjósa að velja vörur frá okkur í jólapakka starfsmanna sinna,“ segir Ágústa, eigandi Lín Design.

„Við bjóðum fyrirtækjum að koma til okkar að skoða vörurnar og handvelja þær í pakkana eða við förum til þeirra með sýningareintök. Við leggjum mikla áherslu á persónulega þjónustu til okkar viðskiptavina.“

Allt frá upphafi hafa fögur rúmföt úr hreinni pima-bómull verði eitt aðalsmerki Lín Design. „Rúmfötin hafa verið sérlega vinsæl til fyrirtækjagjafa. Þau eru úr hreinni pima-bómull, sem er ein sú vandaðasta sem hægt er að fá og öll litun er samkvæmt Oeko-Tex stöðlum. Innblástur að hönnuninni er sóttur í íslenska náttúru og gömul, íslensk mynstur. Við bjóðum einnig upp á rúmföt í smekklegum litum. Fyrirtæki velja gjarnan mismunandi rúmföt fyrir sitt starfsfólk svo jólapakkarnir séu ekki allir eins,“ segir Ágústa.

Ásamt rúmfötum hafa vistvænar dúnsængur og koddar úr andardúni, útsaumuð handklæði og gjafakort verið vinsælar gjafir til starfsmanna.

„Gjafakortin hafa verið góð og þægileg lausn og margir hafa kosið að fara þá leið. Þá getur hver sem er komið í búðirnar okkar og valið sér þá gjöf sem hentar. Við erum með franska gjafavöru, svo sem glös, diska og skrautmuni, svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi,“ segir Ágústa en hjá Lín Design fæst allt til heimilisins.

**Sérhönnun að ósk fyrirtækja**
Þá sérhannar Lín Design gjafapakkningar fyrir stærri fyrirtæki, sé þess óskað, t.d. með hlýlegri kveðju til starfsmanna. „Allar pakkningar Lín Design eru vistvænar og við notum ekki plast. Rúmfötum er pakkað inn í 40×40 púðaver þannig að hver og einn fær koddaver, sængurver og púðaver,“ segir Ágústa.



**Jólapokar með íslenska jólasveininum.**
Helsta nýjung Lín Design eru fallegir flöskupokar úr textíl og skemmtilegir jólapokar úr striga, skreyttir með myndum og sögum af íslensku jólasveinunum.

Lín Design tekur á móti fyrirtækjum í versluninni að Smáratorgi 1 fyrir jólin og þar er farið yfir þarfir og óskir hvers og eins varðandi fyrirtækjagjafir.

Nánari upplýsingar fást í síma 533-2220, sala@lindesign.is, www.lindesign.is og á https://www.facebook.com/lindesigniceland/ ■





# Gómsæt Jól




Jólapizzan er með beikonsultusósu, reyktu hangikjöti, jalapeno, laufabrauði og toppuð með hvítlaukssósu. Hátíðarsjeikinn inniheldur grænu jólakökuna shake and pizzu ísinn og toppaður með rjóma.

**Eins og jólin á bragðið**




Einstaklega fallegir og litríkir konfektmolar í vönduðum gjafaöskjum, tilvalin jólagjöf. Konfektið er fáanlegt í verslun Reynis bakara.

**Dalvegi 4 Kópavogi.**




Við minnum á hina ómótstæðilegu jólahnetusteik Bergsson Mathús ásamt ljúffengri sveppasósu

**Pantaðu á info@bergsson.is**

NAUTHÓLL






Jólamaturinn mætir í hús **22. nóvember** og er hægt að velja um 3ja rétta jólaveislu í hádeginu og 4ra rétta á kvöldin, fyrir einstaklinga jafnt sem hópa. **24. nóvember** mætir jólabrunchinn alla laugardaga og sunnudaga fram að jólum

**Matreiðslumenn okkar sjá til þess að hefðbundnu jólaréttirnir í bland við framandi nýjungar séu í hæsta gæðaflokki.**



ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN 2010

**Hreindýraborgarinn Rúdolf**
hefur fengið uppfærslu og er nú
sá allra besti í gervöllum alheimi (skv. engri
könnun sem gerð var nýlega)

130 g. hreindýrakjöt, blandað apríkósum og gráðaosti.
Með apríkjósumajó, trönuberjalauksultu, pikkluðu rauðkáli.
Borinn fram með sætum frönskum og jólasnjó. Án gríns.

**Rúdolf er engum líkur og hringir inn
jólin á Hamborgarafabrikkunni**

gló



Gómsæt hnetusteik beint í ofninn!
Kemur með vegan sveppasósu og hindberja
chutney sem fullkomnar jólamatinn. 2990 kr

**Fæst á glo.is/pantanir**

Kjötkompaní




Innbökuð nautalund í smjördeigi
með duxelle fyllingu

**Vertu tímalega með pantanir fyrir hátíðina**

Forrétta BARINN







Jóla forréttaplatti með 4 réttum og hægeldað
andalæri að frönskum hætti á aðventu tilboði
ásamt sérvöldum vínum

**Einnið í boði sem 3 rétta veisla með
dessert að eigin vali.**

HR
HAFLIÐI RAGNARSSON
CHOCOLATIER

Bragðgóðar jólagjafir.
Ekta íslenskt handgert konfekt.

**Kemur í glæsilegum gjafapakkningum**



MOSFELLSBAKARÍ





## FRISBÍGOLFBÚÐIN:
# Kláraðu allar jólagjafirnar!

**F**risbígolf: hvar sem er, hvenær sem er

Frisbígolf er ört vaxandi íþrótt hér á landi enda engin furða þar sem um er að ræða alveg stórskemmtilegt sport. Frisbígolfbúðin hefur staðið fyrir gríðarmikilli uppbyggingu á íþróttinni undanfarin ár og er nú um 60 frisbígolfvelli að finna um land allt. Af þeim eru 13 vellir á höfuðborgarsvæðinu og því er af nógu að taka.

Frisbígolf er hægt að stunda allan ársins hring, ólíkt hefðbundnu golfi þar sem allt rekur í rogastans um leið og það kemur smá snjóföl. „Það er fátt meira gefandi en að leika frisbígolf í fallegum vetrarstillum í góðra vina hópi," segir Árni Sigurjónsson, eigandi Frisbígolfbúðarinnar.

**Vinsælt sport sem allir geta stundað**

„Vellirnir eru miserfiðir. Flestir vellir á höfuðborgarsvæðinu henta byrjendum, en sumir eru fyrir lengra komna. Það er um að gera að spyrja okkur í Frisbígolfbúðinni. Við vitum allt! Svo er líka hægt að finna upplýsingar um vellina á folf.is, heimasíðu ÍFS.

Það kostar ekkert að nota vellina og eini kostnaðurinn felst í búnaðinum, en það er alls ekki dýrt að koma sér upp græjum fyrir almenna iðkun. Til að mynda erum við með flotta startpakka á frábæru verði hér í búðinni hjá okkur," segir Árni. Frisbígolf er hægt að stunda úti um allan heim enda vinsæl íþrótt og er fjöldi stórra íþróttamóta haldinn víðast hvar í heiminum.

**Heitasta jólagjöfin**

„Ein heitasta jólagjöfin í ár eru klárlega startpakkar í frisbígolf. Þetta er sport sem allir geta haft gaman af og hvetur mann til þess að fara út, njóta náttúrunnar og leika sér í leiðinni. Að stunda frisbígolf er frábær hreyfing og styrking fyrir allan líkamann og þeir sem prófa frisbígolf verða alveg gjörsamlega forfallnir. Þetta er svo skemmtilegt sport og andinn er gríðargóður. Það eru allir vinir í frisbígolfi," segir Árni.

**Frábært fjölskyldusport**

Firsbígolfið er tilvalið fjölskyldusport. „Margar fjölskyldur stunda þetta saman og það er hægt að taka þátt




í frisbígolfmótum sem fjölskylda eða hópur. Svo er þetta líka frábært tækifæri til þess að taka pásu frá símanum og samfélagsmiðlum og bara skilja símann eftir úti í bíl. Það gefur fólki meiri tíma til að tengjast og eyða tíma saman án truflana frá samfélagsmiðlum, því þeir geta alveg beðið þar til leikurinn er búinn," segir Árni.

**SVARTUR FÖSTUDAGUR 60% AFSLÁTTUR**

Þess má geta að í dag er Svartur föstudagur, eða Black Friday eins og Kaninn kallar daginn. „Í tilefni þess ætlum við að gefa allt að 60% afslátt af völdum vörum. Afslátturinn mun svo ílengjast fram á laugardag. Þar á meðal er hægt að fá frisbígolf startpakka á aðeins 3.990 krónur. Einnig er hægt að fá valda diska með allt að 60% afslætti. Það er alveg á kristaltæru að hægt er að verða sér úti um þónokkuð margar jólagjafir handa vinum og vandamönnum í Frisbígolfbúðinni í dag og á morgun," segir Árni.

Nánari upplýsingar má nálgast á frisbigolf.is og Facebook-síðunni Frisbígolf búðin.

Frisbígolfbúðin er staðsett í „Portinu", Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Opið er mán.–fim. 11–19, fös. 11–20, lau. 12–18 og sun. 12–17

Netfang: frisbigolf@frisbigolf.is

Sími: 899-8899











íslensku skyri á dag. Margir hefðu fljótt fengið leiða á að torga slíku magni þetta oft en Júlían finnst skyrið sitt alltaf bragðast jafn vel.

Ellen Ýr Jónsdóttir, sambýliskona Júlíans, er einnig afrekskona í kraftlyftingum og því væntanlega vel gætt að mataræðinu á heimilinu. Þegar farið er út að borða segist Júlían helst reyna að fara á hlaðborð enda yrði líklegast kostnaðarsamt að reyna að fullnægja orkuþörf þeirra hjúa með hefðbundnum matseðli. „Svo er maður orðinn vanur því að fá sér bara að borða áður en farið er eitthvert út. Gríp eina skyr og fer svo í afmæli eða eitthvað álíka.“

## Talar ekki um fórnir

Aðspurður vill Júlían ekki kannast við að hafa þurft að færa miklar fórnir til að ná árangri í kraftlyftingum og hefur illan bifur á þeirri orðanotkun því merkingin verði neikvæð í þessu samhengi. Í rauninni sé ekki um eiginlega fórn að ræða. „Það felst ekki fórn í að stunda eitthvað sem maður elskar.“

Allt skipulag Júlíans tekur mið af því að æfingarnar komi fyrst og annað á eftir. „Lykillinn er að forgangsraða því sem maður vill mest, setja það ofar því sem maður vill núna,“ segir hann og það verður að játast að í þessu viðhorfi felst mikill speki sem væri ekki úr vegi að fleiri, hvort sem um íþróttaiðkun lífið sjálft er að ræða, tileinkuðu sér.

Þetta viðhorf Júlíans endurspeglast í því hvernig hann tekst á við þau mörgu verk sem hann sinnir í daglegu lífi. Líkt og áður segir, sinnir Júlían vinnu samhliða lyftingunum og í dag vinnur hann hlutastarf við meðferðarheimilið á Stuðlum og er jafnframt í háskólanámi í sagnfræði þar sem hann hefur lokið tveimur árum af þremur. Hann setur kraftlyftingarnar efst, því næst vinnuna og í kjölfarið háskólanámið. Ástríðan, lifibrauðið og námið.

Því er ljóst að Júlían er sérlega upptekinn maður. Þó kemur fyrir að hann fær að slaka á og þykir honum þá gott að skella sér í sund. Segir hann að þrátt fyrir að á Íslandi megi líta fögur fjöll, fossa og fleiri náttúruperlur þá séu það almenningssundlaugarnar okkar sem séu raunverulegu gullmolarnir og mælir hann hiklaust með þeim við ferðamenn.

## Unglingur á þrítugsaldri

Flokkar í kraftlyftingum komu blaðamanni spánskt fyrir sjónir. Þar eru 14–18 ára strákar „drengir“ og 19–23 ára menn eru „unglingar“. Það eru því aðeins tvö ár síðan Júlían var unglingur innan kraftlyftinganna. Ástæðuna fyrir þessari undarlegu aldursskipan telur Júlían að megi rekja annars vegar til þess hversu langur líftími íþróttamanna er innan íþróttarinnar og hins vegar til aldursskiptingar á milli bandarískra skólastiga.

Þrátt fyrir að teljast til unglinga til 23 ára aldurs þá lendir Júlían stundum í því að vera talinn mun eldri en hann er. Þegar hann var 19 ára gamall setti hann Íslandsmet í unglingaflokki og af því tilefni var birt mynd af honum í fréttum sem sýndi hann í miðri hnébeygju, með 340 kíló á bakinu, og eðli málsins samkvæmt rauður í framan. Þá var skrifað í athugasemd við fréttina „Unglingur? Þessi gæi er fimmtugur.“ Hafði Júlían þó bara gaman af enda góð saga til að deila með öðrum.

> **„Unglingur? Þessi gæi er fimmtugur**

## Átti meira inni

Hans mesta afrek til þessa vann Júlían svo þann 10. nóvember þegar hann tvíbætti heimsmetið í réttstöðulyftu, fyrst með því að lyfta 398 kílóum og því næst 405 kílóum. Áður hafði Júlían náð að lyfta 400 kílóum á Evrópumóti í maí, en fékk það ekki staðfest vegna tæknigalla í hnébeygjulið keppninnar. Þágildandi heimsmet Bandaríkjamannsins Brads Gillingham var 397,5 kíló og ákvað Júlían því fyrst að reyna við 398 kíló og slá þar með heimsmetið, en þegar sú lyfta gekk vonum framar og hann orðinn heimsmetshafinn, þá fann hann að hann ætti meira inni og ákvað því að nýta þá tilraun sem eftir var í að gera gott um betur. Það hafði verið markmið hjá honum að komast upp fyrir 400 kíló og í samráði við þjálfara sinn ákvað Júlían að gera atlögu við að 405 kílóum, en þar með gæti hann tryggt sér fjórða sæti á mótinu. „Þetta var magnað,“ segir Júlían um þá ótrúlegu tilfinningu sem greip hann þegar hann tók um stöngina og gerði sér grein fyrir að hann gæti rétt fyllilega úr sér og bætt sitt eigið met, aðeins skömmum tíma eftir að hann setti það.

Þótt Júlían reyni yfirleitt að æsa sig upp fyrir lyftur til að koma sér í gang hugsaði hann þó: „Jæja Júlían, nú verður þú að vera rólegur og vanda þig“, áhorfendur í salnum fögnuðu honum ákaft og hvöttu áfram og er Júlían minnisstæður þulurinn á keppninni, gamall gráhærður Svíi með þykkt yfirvaraskegg sem öskraði í hljóðnemann: „Koma svo HÚH“. Síðan brutust út mikil fagnaðarlæti þegar íslenski víkingurinn Júlían, reif upp heil 405 kílógrömm og bætti samtímis met Bandaríkjamannsins upp um 7,5 kíló.

## Á traustum fótum

Það er deginum ljósara að Júlían er kominn til að vera í kraftlyftingum og hann stendur traustum fótum innan geirans, en hann stendur líklega oftast traustum fótum því hann er svo fótastór að hann notar hvorki meira né minna skóstærð númer fimmtíu. „Ég hef aldrei búið við þann munað að þróa með mér einhvern skósmekk.“ Það eru ekki margar búðir sem bjóða upp á svo stóra skó, og þær búðir sem það gera hafa þá ekki í miklu úrvali. Júlían kaupir því helst skó í gegnum vefsíður eða að utan. Skósmekkurinn er því „það sem er í boði“. Fyrir hefur komið þegar hann falast eftir skóm í sinni stærð þá bjóði afgreiðslufólk honum skó sem jafnvel eru þremur stærðum minni en hann þarf og hann spurður hvort það gangi ekki bara. Afgreiðslufólkið er þá kannski óvant mönnum með jafngóðar undirstöður og Júlían hefur.

Þrátt fyrir tæplega áratuga reynslu af kraftlyftingum þá er Júlían aðeins búinn að keppa í tvö ár í fullorðinsflokki og árangur hans hingað til aðdáunarverður. Ekki er óalgengt í þessum bransa að ná sínum besta árangri eftir þrítugt og að sögn Júlíans þá voru flestir þeir sem hann atti kappi við á síðasta heimsmeistaramóti töluvert eldri en hann. Fyrirmyndir Júlíans, sem einu sinni virtust svo ósnertanlegar og fjarri honum, finnst honum nú færast honum sífellt nær, en Júlían er hvergi nærri hættur og ætlar sér langt. „Auðvitað veit maður ekki hvað verður, en ég stefni hærra. Ég er 25 ára núna og á mörg ár eftir.“ Á þessum orðum kveðjum við Júlían Jóhann Karl Jóhannsson, sterkan mann með langt og sterkt nafn, sem á langan og farsælan feril framundan. Hann er nefnilega bara rétt að byrja. ■






Júlían og hvolpurinn Stormur á æfingu.



# Tímavélin




HÚSGAGNA-
VINNUSTOFAN
...llar tegundir hæsta verði
Baldursgötu 30.
Sími 22?2

## Gamla auglýsingin

Þjóðviljinn 12. september 1945

# MORÐ Á JÓLUM

## Færeyskur sjómaður myrti ástmann eiginkonu sinnar ■ Blóði drifin íbúðin leigð út

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Skömmu fyrir jólin árið 1966 var þremur byssuskotum hleypt af í Smáíbúðahverfinu í Reykjavík. Eftir lágu tveir menn sem bitist höfðu um sömu konuna. Hún sjálf var í íbúðinni þegar verknaðurinn var framinn og gat sagt frá atburðum þótt margt væri óljóst í frásögn hennar. Mánuði síðar leigði svikahrappur íbúðina út til fjögurra ungmenna og brá þeim í brún þegar þau sáu blóðslettur uppi um alla veggi.

### Tveir menn og byssa

Klukkan tíu mínútur yfir sjö, miðvikudagskvöldið 21. desember árið 1966, var hringt í lögregluna í Reykjavík. Á hinum enda línunnar var kona sem sagði að slys hefði orðið innanhúss í Hæðargarði 14. Bað hún jafnframt um lögregluaðstoð og að sjúkrabíll yrði sendur á staðinn.

Sjúkrabíllinn kom á undan lögreglu á staðinn og fundu sjúkraflutningamenn tvo meðvitundarlausa og alblóðuga menn á neðri hæð hússins. Við hlið þeirra lá skammbyssa, 22 kalíbera sexhleypa. Þegar tveir lögreglumenn mættu á svæðið var verið að bera annan mannanna út í sjúkrabílinn. Óvíst var hvort mennirnir tveir voru á lífi eða ekki og var því ekið með þá báða rakleiðis á spítala. Þegar komið var á slysavarðstofuna úrskurðaði læknir þá báða látna. Höfðu þeir látist af völdum byssuskota.

Rannsóknarlögreglumenn voru kallaðir á vettvang. Í íbúðinni var konan sem tilkynnti atvikið, 38 ára að aldri. Var hún íbúi í íbúðinni og eiginkona annars hinna látnu, 34 ára færeysks sjómanns að nafni Finn Kolbjörn Nielsen. Lögreglu gekk erfiðlega að yfirheyra konuna um hvað hefði átt sér stað. Bæði var hún í miklu tilfinningalegu uppnámi og undir töluverðum áhrifum áfengis. Hún sagðist þó hafa verið sofandi í öðru herbergi þegar skotunum var hleypt af og ekki séð hvað gerðist.

Konan sagðist vera skilin við Finn en þegar að var gáð voru þau enn þá skráð sem hjón, og höfðu verið í tvö ár. Þau höfðu vegar ekki lifað sem slík um nokkurt skeið. Hinn maðurinn var ástmaður konunnar. Hét hann Kristján Eyþór Ólafsson, 37 ára gamall frá Patreksfirði. Blaðamaður Vísis ræddi við Rannveigu Thejll, nágrannakonu af efri hæðinni. Hún sagði:

„Það sem ég þekki til þessa fólks er ekki annað en mjög gott. Það flutti inn, að mig minnir fyrir þremur mánuðum og hefur komið mjög vel fram í alla staði, aldrei neinn hávaði eða læti úr íbúðinni, og sannarlega átti ég ekki von á að slíkur atburður ætti eftir að gerast í húsinu. Konan kom oft hingað upp til mín til að fá lánaðan síma, mjög falleg og yndisleg kona. Maðurinn hennar var sjúkur, þegar þau fluttu hingað, hafði maðurinn fjórbrotnað á fæti, við vinnu … Ég hef aldrei séð né heyrt þennan Færeying áður, en hef nú heyrt að hann hafi verið giftur konunni áður og að þau hafi ekki verið löglega skilin.“



**Hæðargarður 14** Vísir 22. desember 1966

### Skrifaði bréf til tengdamóður

Lík Finns var með skotsár í munnholi og neðra andliti og hafði hann verið skotinn neðan frá. Lík Kristjáns var með skotsár á brjóstholinu, skotið ofanfrá. Á báðum líkum fundust áfengisflöskur og í sófa íbúðarinnar fannst þriðja byssukúlan.

Snemma töldu rannsóknarlögreglumenn sig vita hvernig atburðarásin hefði verið. Töldu þeir að Finn hefði skotið Kristján í brjóstið með byssunni og í kjölfarið notað hana á sig sjálfan. Á þessu stigi útilokaði lögreglan þó ekki að atburðarásin gæti hafa verið önnur. Til dæmis að þriðji aðili hafi skotið þá báða. Ingólfur Þorsteinsson yfirvarðstjóri stýrði rannsókninni.

Næstu daga var sá grunur lögreglunnar, að Finn hefði borið ábyrgð á ódæðinu, staðfestur. Á Þorláksmessu var greint frá því að í vasa hans hefði fundist bréf, skrifað af honum sjálfum og stílað á móður konunnar. Hafði það




## Þingmaður missti f

### Jón Kristjánsson vildi kynna sér störf togarasjómanna

Jón Kristjánsson átti rúmlega tuttugu ára farsælan feril á Alþingi. Fyrst sem þingmaður Austurlands og síðar fyrir Norðausturkjördæmi. Árin 2001 til 2006 gegndi hann embætti heilbrigðisráðherra um tíma og félagsmálaráðherra einnig. Snemma á þingferlinum varð hann hins vegar fyrir slysi á sjó og missti framan af tveimur fingrum.



### Vildi kynnast störfum um borð

„Við vorum að slaka vörpunni út og ég klemmdist undir öðrum togvírnum aftur í rennunni,“ sagði Jón við DV þann 26. júlí árið 1986. Hafði hann þá orðið fyrir slysi tveimur dögum áður um borð í skuttogaranum Hólmanesi sem gerði út frá Eskifirði.

Jón hafði verið alþingismaður

> **Á gólfinu voru stórir þornaðir blóðpollar og um alla veggi voru blóðslettur og för eftir blóðugar hendur og höfuð**


Boðaði voðaleg tíðindi í bréfi rétt fyrir morðið!

Tíminn Þorláksmessa 1966.

verið skrifað aðeins klukkutíma áður en skotunum var hleypt af. Í því stóð að hann væri að verða brjálaður og grunaði að eitthvað voðalegt myndi koma fyrir. Afbrýðisemi var rót þessa brjálæðis og ljóst að andlegt ástand Finns var slæmt.

**Enginn til að draga til ábyrgðar**
Finn hafði búið á Íslandi í ellefu ár og var skráður til heimilis í Ytri-Njarðvík. Kona hans hafði flutt frá honum í byrjun október og hafið sambúð með Kristjáni í Hæðargarðinum. Finn var á síldarbátnum Óskari Hall og kom í land tveimur dögum fyrir heimsóknina örlagaríku. Daginn sem hann kom í land hitti hann konuna og fóru þau til prests til að staðfesta skilnað að borði og sæng. Þau voru barnlaus en engu að síður var Finn mjög ósáttur við skilnaðinn. Kom það skýrt fram að hann vildi láta reyna á að halda hjónabandinu áfram. Þeir sem þekktu til Finns sögðu að hann væri ákaflega dagfarsprúður og rólyndismaður sem aldrei hefði komist í kast við lögin.

Klukkan fimm síðdegis þann 21. desember kom Finn að heimili konu sinnar og Kristjáns. Var Finn nokkuð í glasi en þau tvö mjög drukkin. Vildi hann ræða við Kristján um það ástand sem skapast hafði. Eftir þær umræður fór Finn burtu en kom svo tveimur tímum síðar með áðurgreindum afleiðingum.

Morðvopnið, sem var af gerðinni Ruby, var í eigu skipsfélaga Finns. Hafði það verið geymt í læstum skáp í skipinu ásamt skotfærum en gleymst að taka lykilinn úr skránni á þriðjudeginum. Því var auðvelt fyrir Finn að nálgast byssuna.

Það sem erfiðast reyndist að kortleggja var hversu mikla aðkomu konan hafði að málinu. Ljóst er að þau voru öll þrjú undir áhrifum áfengis en hún ein til frásagnar. Við frekar yfirheyrslur gat hún greint frekar frá sinni hlið. Sagðist hún hafa vaknað og komið fram eftir að skotunum var hleypt af, þegar hún heyrði Kristján hrópa nafn hennar. Hafi hún svo hlaupið fram og séð Kristján liggjandi á gólfinu og enn með greinilegu lífsmarki. Eiginmaður hennar var hins vegar ekki með lífsmarki. Ekki voru nein merki um önnur átök í íbúðinni. Hafi hún þá farið til nágrannakonu sinnar til að hringja þar sem hún átti sjálf engan síma.

Lögreglan taldi málið upplýst og enginn lifandi til að draga til ábyrgðar fyrir þennan harmleik. Aldrei fékkst úr því skorið hvað nákvæmlega fór fram milli Kristjáns og Finns áður en sá síðarnefndi dró upp byssuna.

**Ungmenni leigðu blóði drifna íbúð af svikahrappi**
Ekki var liðinn nema mánuður frá harmleiknum á Hæðargarði þar til íbúðin var aftur komin í fréttirnar. Höfðu fjögur ungmenni þá talið sig hlunnfarin í viðskiptum við leigusala og að þau hefðu óafvitandi leigt „blóði drifna morðíbúð.“

Í Vísi var greint frá því þann 23. janúar árið 1967 að tveir piltar og tvær stúlkur utan af landi hefðu auglýst eftir íbúð til leigu. Ekki leið á löngu þar til kona gaf sig fram og sýndi þeim íbúð í Hæðargarði sem þeim leist vel á. Hins vegar sáu þau lítið inn í íbúðina vegna ljósleysis í tveimur herbergjum. Í rökkrinu litu herbergin þó þokkalega vel út.

Piltarnir sömdu um leiguna á lögfræðiskrifstofu degi seinna og 27 þúsund krónur voru greiddar fyrirfram. Þegar samningurinn var undirritaður spurði lögfræðingurinn ungmennin: „Vitið þið hvaða íbúð þetta er, strákar?“ Sagði hann þeim í kjölfarið hvað hefði gerst þarna fyrir áramót en þeir létu það ekki á sig fá. Ákváðu samt að segja stúlkunum ekki frá þessu.

Ungmennin fóru að kaupa ljós til að setja upp í herbergjunum tveimur. Þegar ljósin voru uppsett og kveikt var á þeim blasti hryllingurinn við. Í grein Vísis stendur:

„Stofan var öll blóði drifin. Á gólfinu voru stórir þornaðir blóðpollar og um alla veggi voru blóðslettur og för eftir blóðugar hendur og höfuð. Engin tilraun hafði verið gerð til að hreinsa íbúðina eftir óhappaverkið.“

Ungmennunum brá vitanlega við að sjá þetta. Piltarnir hlupu strax til að þrífa blóðið í herbergjunum en stúlkurnar sögðust ekki geta búið þarna. Þegar þau fóru til þess að reyna að fá samningnum rift kom í ljós að hann hafði verið ólöglegur frá upphafi. Konan átti ekki íbúðina heldur var hún á vegum Reykjavíkurborgar. Konan sem um ræddi var hins vegar ekki eiginkonan í morðmálinu. Félagsmálastjóri borgarinnar staðfesti að fólkið sem lenti í harmleiknum hefði einnig leigt ólöglega af konunni. ■


**Ofdrykkja** Algengt vandamál í klaustrum.

# Ölvaðir munkar ollu stórbruna á Möðruvöllum

Árið 1316 brunnu kirkjan og klaustrið á Möðruvöllum við Eyjafjörð til kaldra kola. Hægt hefði verið að komast hjá því stórtjóni því drukknir munkar báru ábyrgðina. Var þeim refsað af biskupi fyrir gáleysið.

Byggð hefur verið á Möðruvöllum allt frá landnámi og var staðurinn lengi vel eitt af mestu höfuðbólum landsins. Klaustur var þar stofnað árið 1296 af Jörundi Þorsteinssyni Hólabiskupi og dvöldu í því munkar úr Ágústínusarreglunni. Sex árum síðar var mikið fé lagt til kirkjubyggingar.

Tuttugu árum eftir stofnun klaustursins kom upp eldur á staðnum. Brunnu þá klaustrið og kirkjan með öllum skrúða og klukkum. Munkarnir höfðu komið drukknir heim af kaupstefnu á Gásum í Eyjafirði og var mikið svall í klaustrinu. Fóru þeir svo ógætilega með eld að hann læsti sig í refla sem héngu í kórnum.

Á þessum tíma var nýtekinn við Hólabiskupsdæmi Auðunn „rauði“ Þorbergsson frá Noregi. Var hann mjög reiður munkunum fyrir þetta og tók hart á þeim. Sendi hann þá alla í prestvist og sagði að sér bæri engin skylda til að endurreisa klaustrið vegna gáleysis þeirra.

Einn munkanna, Ingimundur Skútuson að nafni, kærði það fyrir erkibiskupnum í Niðarósi árið 1323 að nýtt klaustur hefði ekki verið byggt en biskup hirti tekjurnar af því sjálfur. Var þá tekinn nýr biskup við á Hólum, Lárentínus Kálfsson. Lét hann endurreisa klaustrið en deilur stóðu um stjórn þess árin á eftir. Þóttu munkarnir á Möðruvöllum einstaklega ódælir á þessum árum.

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi skrifaði leikrit árið 1926 um ölæði munkanna, Munkarnir á Möðruvöllum. ■

# framan af fingrum

> Ég veit satt að segja ekki hve mikið fór framan af fingrunum en þetta gat vart verið minna, held ég, fyrst þetta var að koma fyrir mig á annað borð.

frá árinu 1983 og varaþingmaður í fimm ár fyrir það. Jón er frá Egilsstöðum og hafði fyrir þingmennskuna starfað sem verslunarstjóri hjá kaupfélaginu á Héraði og félagsmálafulltrúi. Jón var jafnframt stjórnarformaður kaupfélagsins sem átti helminginn í Hólmanesinu. Sjóferðir voru ekki eitthvað sem Jón fór í reglulega. Var þetta til þess að kynnast störfum um borð í togurum.

**Bar sig karlmannlega**
Miðvikudaginn 23. júlí hélt hann á miðin og byrjaði túrinn vel. Um 15 til 20 tonn af afla voru komin um borð þegar slysið gerðist. Jón missti framan af tveimur fingrum og þremur tímum síðar var stefnan tekin á Eskifjörð. Farið var með Jón til Egilsstaða og þaðan flogið á Akureyri þar sem Jón lagðist inn á Fjórðungssjúkrahúsið.

Jón bar sig karlmannlega þegar blaðamenn heimsóttu hann á spítalann. Hann sagði: „Ég veit satt að segja ekki hve mikið fór framan af fingrunum en þetta gat vart verið minna, held ég, fyrst þetta var að koma fyrir mig á annað borð.“

Sagðist hann ekki ætla á sjóinn í bráð eftir þetta. „Ég þarf líka að fara að sinna öðrum störfum, það eru að byrja fundahöld vegna þingstarfanna.“ Við hlið Jóns lá blómvöndur frá útgerðinni. „Þeir sendu mér þetta í morgun með ósk um góðan bata, þeim þótti þetta mjög miður, strákunum um borð.“ Jón sagði að sér liði vel miðað við aðstæður. „Ég er brattur og á von á því að útskrifast fljótlega af sjúkrahúsinu, jafn vel á morgun.“ ■




# Fallöxin send yfir hafið

## Óhugnanlegt morð á sextugum sjómanni ■ Erfitt að finna böðul

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is






**Fallöxi** Afkvæmi frönsku byltingarinnar

Fallöxin var hið alræmda aftöktæki frönsku byltingarinnar og var notuð í 200 ár í Frakklandi. Aðeins einu sinni var hún notuð í Norður-Ameríku, árið 1889 á lítilli eyju sem tilheyrir Frakklandi enn í dag. Engin fallöxi var til á eynni og refsing yfir dauðadæmdum mönnum því yfirleitt milduð. Tilfelli Josephs Neel þótti hins vegar svo óhugnanlegt að fallöxi var send milli heimsálfa til að aflífa hann.

### Hryllileg sjón

Á gamlársdag árið 1888 vöknuðu íbúar eyjunnar Saint Pierre við vondan draum. Sextugur sjómaður að nafni Francois Coupard fannst myrtur í kofa sínum og lík hans illa útleikið. Hafði það verið kramið í eins konar pakka og falið í kofanum. Fjölmörg stungusár, á hálsi, í hjartastað, kvið og útlimum voru á líkinu. Íbúar eyjarinnar, sem er nálægt Nýfundnalandi, voru ekki vanir slíkum hryllingi.

Coupard var oft með ungum sjómanni, Olivier að nafni, og höfðu þeir verið á miklu fylleríi kvöldið áður. Svo hávaðasömu að lögreglan var kölluð á staðinn en þá voru þeir farnir úr kofanum. Grunur féll á Oliver sem fannst ásamt öðrum manni, Joseph Neel, sem var á þrítugsaldri eins og Olivier, eftir illan leik á sjó. Höfðu þeir reynt að sigla til Nýfundnalands, sem var þá bresk nýlenda.

Farið var með þá báða að kofanum og þeir yfirheyrðir þar. Játuðu þeir samstundis verknaðinn en báru við ölæði. Hafði Neel stungið Coupard fyrst en Olivier á eftir. Voru þeir báðir ákærðir fyrir morðið og réttarhöldin hófust 6. febrúar árið 1889.

> „Ég hræðist ekki dauðann!

### Dæmdur til dauða

Þegar réttarhöldin hófust breyttu þeir framburði sínum og sögðust hafa ætlað að snæða með Coupard þetta kvöld. Þeir sögðust hafa þurft að brjóta upp hurðina og þá mætt Coupard sem var ölvaður og með hníf. Hafi þá brotist út slagsmál milli þeirra sem lauk með dauða Coupard. Sögðust þeir hafa misþyrmt líkinu með það fyrir augum að búta það niður til að sökkva því í sjó. Í óðagoti hafi þeir svo ákveðið að pakka því saman og fela það inni í kofanum, taka allt verðmætt sem þeir gátu og reyna að flýja til Nýfundnalands.

Reyndi Olivier að halda því fram að hann hafi einungis verið að fylgja Neel og saksóknari gekk ekki hart að honum. Féllst hann á að Neel hafi haft hann undir nokkurs konar dáleiðslu. Þar að auki hefði Olivier stungið Coupard eftir að Neel hafði drepið hann. Væri hans sök því ekki morð heldur slæm meðferð á líki.

Eftir tveggja daga réttarhöld var kveðinn upp dómur í málinu. Olivier fékk tíu ára dóm í þrælkunarvinnu en Neel skyldi tekinn af lífi.

Þá kom upp vandamál. Samkvæmt frönskum lögum mátti aðeins taka dæmda menn af lífi með einni aðferð, fallöxinni. Engin slík var hins vegar til á eyjunni og þess vegna hafði tveimur dauðadómum verið breytt í lífstíðarfangelsi fyrr á öldinni. Þegar Neel sótti um mildun daginn eftir uppkvaðninguna átti hann því sannarlega von á því að fá hana. En glæpurinn þótti svo skelfilegur að beiðninni var hafnað þann 12. apríl. Neel skyldi afhausaður.

### Erfitt að finna böðul

Yfirvöld á Saint Pierre sendu beiðni um að fá Louis Deibler, böðul Frakklands, til eyjarinnar og efni í fallöxi. Því var hins vegar hafnað því það lengsta sem siglt var, var til Korsíku. Um sumarið fékkst það svar að fallöxi yrði send frá karabísku nýlendunni Martinique en böðulinn þyrftu þeir að finna sjálfir.

Fallöxin kom til Saint Pierre 22. ágúst, tveimur dögum fyrir settan aftökudag. Hún var mjög gömul, sennilega hundrað ára og hafði verið notuð í frönsku byltingunni.

Verra var hins vegar að finna böðul. Í gegnum aldirnar hefur það þótt skammarlegt hlutverk að aflífa fólk og flestir veigrað sér við því. Yfirvöld á Saint Pierre buðu sakamönnum náðun gegn því að taka aftöku Neel að sér en þeir höfnuðu því. Rétt fyrir settan dag náði saksóknarinn að sannfæra sjómann að nafni Jean-Marie Legent til að framkvæma aftökuna. Hann hafði nýlega hlotið þriggja mánaða fangelsisdóm fyrir þjófnað en var lofað bæði náðun og 500 frönkum fyrir viðvikið.

### Höfuðið hékk á flipa

Legent fékk bróður sinn til að aðstoða sig við aftökuna og degi(n)um áður prófuðu þeir fallöxina á kálfi. Sú prufa gekk hins vegar illa og höfuð kálfsins féll ekki af heldur danglaði á húðflipa. Það var reyndar algengur vankantur við þessa aftökuaðferð.

Loks kom að aftökudeginum. Um morguninn gekk saksóknari inn til Neel og tilkynnti honum að stundin væri upp runninn. Svaraði Neel þá hátt: „Ég hræðist ekki dauðann!“ og gekk út með vörðunum. Því næst fékk hann vín og te til að drekka og prest til að játa fyrir.

Því næst tók við tuttugu mínútna gangur að fallöxinni og flest allir eyjaskeggjar voru mættir á torgið til að fylgjast með. Neel barðist aldrei um eða reyndi að sleppa heldur tók örlögum sínum með ró. Hann var lagður á fallöxina og kallaði þá til Legent: „Ekki klúðra þessu!“ Eftir nokkrar mínútur lét Legent öxina falla og rétt eins og í tilfelli kálfsins náðist höfuðið ekki af í einni svipan. Þurfti því að skera á flipa danglandi höfuðsins svo það félli í fötuna.

Aftakan á Joseph Neel var sú eina sem framkvæmd hefur verið í Norður-Ameríku með fallöxi. Fallöxin var hins vegar notuð í Frakklandi allt til ársins 1977. Árið 1981 var dauðarefsing aflögð í Frakklandi. ■




JÓ/MORGUNBLAÐIÐ
ÞÞ/FRÉTTABLAÐIÐ
MORGUNBLAÐIÐ
„... einn af bestu glæpasagna-höfundum samtímans."
THE SUNDAY TIMES
„... verður bara betri og betri."
ÞÞ/FRÉTTABLAÐIÐ
Arnaldur
STÚLKAN HJÁ BRÚNNI
Indriðason
Snilldarleg saga um brostnar vonir og börn sem eiga sér hvergi skjól
Innbundin
Rafbók
Hljóðbók
LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | www.forlagid.is

# RÚSSNESKA BYLTINGIN

## Straumhvörf í austanverðri Evrópu

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is





**1905** Blóðug bylting í rússneska keisaradæminu.

Rússneska byltingin 1917 var einn merkasti pólitíski atburður síðustu aldar og hefur sett mark sitt á heimsmálin síðan. Þessi blóðuga bylting batt enda á valdatíð Romanov-fjölskyldunnar. Í byltingunni náðu bolsévikar, undir forystu Vladimírs Lenín, að komast til valda og binda enda á valdatíð keisarans. Bolsévikar urðu síðar Kommúnistaflokkur Sovétríkjanna. Hér verður stiklað á stóru um aðdraganda rússnesku byltingarinnar, Októberbyltinguna, og hana sjálfa.

Öldum saman höfðu keisarar ráðið lögum og lofum í Rússlandi en með byltingunni 1917 var endi bundinn á völd þeirra. Byltingin hafði mikil áhrif á stjórnmál og félagsmál og lagði grunninn að stofnun Sovétríkjanna. Allt gerðist þetta á skömmum tíma en undir friðsælu yfirborðinu hafði óánægja Rússa kraumað öldum saman.

Í upphafi tuttugustu aldarinnar var Rússland eitt fátækasta ríki Evrópu. Landbúnaður var mikilvægur og kotbændur voru fjölmargir. Stétt fátækra verkamanna fór sístækkandi. Í vestanverðri álfunni var litið á Rússland sem vanþróað ríki. Undir stjórn keisarans voru bændur neyddir til að þjóna landeigendum, aðalsmönnum, langt fram eftir nítjándu öldinni. Í vestanverðri Evrópu hafði þetta fyrirkomulag lagst af við lok miðalda. Það var ekki fyrr en 1861 sem Rússar aflögðu þetta fyrirkomulag. Það hafði síðan áhrif á þá atburðarás sem endaði með rússnesku byltingunni því með þessari breytingu fengu bændur meira frelsi til að skipuleggja sig.



**Bolsjévíkar** Trotsky, Lenín og Kamenev.

> **Lenín kallaði eftir ríkisstjórn sem væri stýrt beint af ráðum hermanna, bænda og verkamanna.**

### Byltingin 1905

Iðnvæðingin hófst mun síðar í Rússlandi en í vestanverðri Evrópu og Bandaríkjunum. Þegar hún hófst loks um aldamótin hafði hún strax mikil félagsleg og stjórnmálaleg áhrif. Frá 1890 til 1910 tvöfaldaðist næstum því til dæmis íbúafjöldi St. Pétursborgar og Moskvu. Þetta hafði í för með sér mikil þrengsli og slæm lífsskilyrði hinnar nýju stéttar rússneskra verkamanna. Mikil mótmæli rússneskra verkamanna gegn einveldinu enduðu með miklu blóðbaði 1905 en þá drápu hersveitir keisarans mörg hundruð óvopnaða mótmælendur. Fjöldamorðið hratt af stað byltingu 1905 en reiðir verkamenn gripu þá til umfangsmikilla verkfalla um allt land. Keisarinn, Nikulás II., brást við þessu með því að heita umbótum á þinginu til að það gæti unnið að endurbótum.

Rússar blönduðu sér í fyrri heimsstyrjöldina í ágúst 1914 og studdu Serba og franska og breska bandamenn þeirra. Þátttakan í stríðinu reyndist afdrifarík fyrir Rússa. Hernaðarlega séð höfðu þeir ekki roð við hinu iðnvædda Þýskalandi og mannfallið var meira en hjá nokkurri annarri þjóð í stríðinu fram til þessa. Matar- og eldsneytisskortur herjaði á Rússlandi og verðbólgan fór upp úr öllu valdi. Allt var þetta til að kynda undir óánægju þjóðarinnar.

Þetta og ýmislegt annað sem gerðist í stjórnmálum og hjá keisarafjölskyldunni endaði síðan með að mótmælendur streymdu út á götur St. Pétursborgar (sem hét þá Petrograd) í febrúar 1917 og kröfðust betri lífskjara. Þeim lenti saman við lögregluna en neituðu að gefa sig. Í mars var herinn kallaður út til að bæla uppreisnina niður og voru margir mótmælendur skotnir til bana. En þeir gáfust ekki upp og héldu stöðu sinni á götum borgarinnar. Á endanum fóru hermennirnir að hika. Þann 12. mars var mynduð bráðabirgðaríkisstjórn á þinginu og nokkrum dögum síðar afsalaði keisarinn sér krúnunni og þar með var valdatíma Romanov-fjölskyldunnar lokið.

Leiðtogar ríkisstjórnarinnar komu á laggirnar frjálslyndum áætlunum um mannréttindi á borð við málfrelsi, jafnræði fyrir lögum og rétti til að mynda stéttarfélög og fara í verkföll. Ríkisstjórnin var mótfallin ofbeldisfullri félagslegri byltingu. En óróleikinn í samfélaginu hélt áfram að vaxa.

### Októberbyltingin

Í byrjun nóvember létu bolsévikar, undir forystu Leníns, til skarar skríða og hrundu byltingu af stað. Þeir náðu að velta ríkisstjórninni og taka völdin. Ríkisstjórnin hafði verið saman sett af mönnum úr borgarastéttinni, auðvaldssinnum. Lenín kallaði eftir ríkisstjórn sem væri stýrt beint af ráðum hermanna, bænda og verkamanna.

Bolsévikar og bandamenn þeirra tóku stjórnarbyggingar á sitt vald sem og aðra mikilvæga staði og byggingar í St. Pétursborg. Þeir mynduðu síðan ríkisstjórn þar sem Lenín var í forsæti og varð hann þá fyrsti leiðtogi kommúnistaríkisins.

Í kjölfar valdatöku bolsévika braust út borgarastyrjöld í Rússlandi en þar tókust á Rauði herinn og Hvíti herinn. Rauði herinn barðist fyrir ríkisstjórn bolsévika. Hvíti herinn var bandlag ýmissa, þar á meðal einveldissinna, kapítalista og stuðningsmanna lýðræðislegs sósíalisma. Borgarastríðið stóð til 1923 þegar Rauði her Leníns hafði sigrað Hvíta herinn. Í framhaldi af ósigri Hvíta hersins voru Sovétríkin síðan mynduð.

Sovétríkin leystust síðan upp 1991 og Rússland varð til á nýjan leik sem og mörg önnur ríki sem höfðu tilheyrt Sovétríkjunum. Ekki þarf að efa að Sovétríkin og síðan Rússland hafa leikið stórt hlutverk á alþjóðasviðinu og mun Rússland væntanlega gera það um ókomna framtíð enda eitt af stórveldum heimsins. ■



# BÍLASALA REYKJAVÍKUR




BMW 530e i-PERFORMANCE M-TECH Árgerð 2018, ekinn 6 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 6.900.000. Rnr.436050.




GATSBY ROADSTER CABRIOLET Árgerð 1979, ekinn 39 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.900.000. Rnr.435678.




LAND ROVER RANGE ROVER EVOQUE SE DYNAMIC LANDMARK. Árgerð 2018, ekinn 12 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 9 gírar. Verð 7.490.000. Rnr.602763.




JAGUAR F-PACE R-SPORT Árgerð 2018, NÝR BÍLL , dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 9.390.000. Rnr.435826.




LAND ROVER DISCOVERY 5 SE SKY VIEW PANORAMA Árgerð 2018, Nýr bíll , dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 11.180.000. Rnr.436163.




LAND ROVER DISCOVERY4 SDV6 HSE. Árgerð 2012, ekinn 168 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 5.190.000. Rnr.436062.




LAND ROVER DISCOVERY 5 SE SKY VIEW PANORAMA. Árgerð 2018,NÝR BÍLL dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 11.590.000. Rnr.436166.




LAND ROVER RANGE ROVER SE DYNAMIC Árgerð 2017, ekinn 19 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 9 gírar. Verð 6.900.000. Rnr.435077.

SÍMI: 587 8888 / BÍLDSHÖFÐI 10 / WWW.BR.IS

# Bestu jólamarkaðir Evrópu

Það er fátt skemmtilegra en að skella sér í stutta ferð til útlanda á aðventunni og fá jólastemmingu annarra landa beint í æð. Best er að eiga bara eftir örfáar jólagjafir og rölta um að kvöldi til með áfengt jólaglögg í belgnum og sykraða möndlumylsnu á kinnunum. DV tók saman hvar bestu jólamarkaði Evrópu er að finna.

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



## Dresden

Jólamarkaður Dresden-borgar, Striezelmarkt, er elsti jólamarkaður Þýskalands og líklega einn sá elsti í heimi. Hans er fyrst getið árið 1434 og fagnar því í ár 584 ára afmæli sínu. Jólamarkaðurinn tók upphaflega aðeins einn dag og var aðaltilgangurinn sá að skaffa Dresden-búum kjötmeti fyrir hátíðarnar. Í ár hefst markaðurinn þann 29. nóvember og stendur hann til aðfangadags. Markaðurinn er áberandi í miðborg Dresden en alls eru um 250 sölubásar opnir með alls konar jólavöru og góðgæti. Þá er ekki útilokað að rekast á bása sem selja Glühwein.



## Kaupmannahöfn

Það væri dauðasynd að hafa ekki fyrrverandi höfuðborg landsins með í upptalningunni en það væri líka heimskulegt því fátt er jólalegra en að rölta um Kaupmannahöfn yfir aðventuna. Í 25 skipti verður starfræktur jólamarkaður í Tívolíinu heimsfræga. Þar verða sextíu sölubásar með alls konar vörum auk þess sem skreytingarnar í skemmtigarðinum munu engan svíkja. Jólamarkaðurinn var opnaður með pomp og prakt þann 17. nóvember síðastliðinn og verður opinn til 31. desember.



## Prag

Í hjarta Prag fer fram hinn árlegi jólamarkaður á Staromestske namesti–torgi, og er hann orðinn heimsfrægur. Þar má upplifa stórkostlega jólastemmingu og mikið úrval af fallegum jólavörum sem eru til sölu á básum sem dreifast um allt torgið. Ilminn af jólaglöggi og medovina, sem er eins konar hunangsvín, leggur yfir markaðinn. Markaðurinn verður opnaður þann 1. desember og stendur til 6. janúar ár hvert.




## Vín

Það þarf lítið til að gera höfuðborg Austurríkis jólalega en borgarbúar taka verkefnið alla leið. Eins konar jólasturlun brestur á í borginni og alls eru starfræktir 25 jólamarkaðir í miðborginni. Að sjálfsögðu er svo komið upp glæsilegu skautasvelli til þess að kóróna stemminguna. Af öðrum ólöstuðum er besti jólamarkaður borgarinnar líklega Altwiener Christkindlmarkt sem er starfræktur í hjarta borgarinnar, á svæði sem nefnist Freyung. Um er að ræða bændamarkað sem tekur á sig jólalegan blæ frá og með 17. nóvember til 23. desember ár hvert. Þar er boðið upp á vín, jólavín.



## Búdapest

Einn elsti og hefðbundnasti jólamarkaður í Evrópu er í hjarta Búdapest, nánar tiltekið á Vorosmarty-torgi. Þar má búast við margs konar jólavarningi, oftar en ekki haganlegum smíðuðum úr tré. Algjör skylda er að gæða sér á „strompkökum“ (kurtoskalacs) en þær eru bakaðar þannig að deigi er vafið í kringum prik og síðan er kanil og sykri stráð yfir. Ungverjarnir kunna greinilega að meta jólin því markaðurinn stendur yfir frá 9. nóvember til 1. janúar ár hvert.

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER



ÁLKLÆÐNINGAR &
UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500

MÁLMTÆKNI
ÁL • STÁL • PLAST



## Lissabon

Portúgalar eru sjúkir í jólakökur sem nefnast Bolo Rei, það eru dúnmjúkar kökur fullar af ávöxtum. Það er nóg af slíkum kökum í boði á hinum árlega jólamarkaði í Lissabon, Natal E Na Fil, sem er haldinn í Parque das Nacoes. Markaðurinn er yfirleitt haldinn innandyra (og því ekki eins jólalegur og aðrir markaðir) en þar mikið úrval af hvers konar handverki og jólavörum í boði. Portúgalarnir taka þetta með trompi því markaðurinn er aðeins opinn í nokkra daga í desember á hverju ári, þetta árið dagana 5.–9. desember. Aðalástæðan er samt sú að Lissabon er frábær borg.



ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ
RAP-K2600IS
-50%AFSL
5.995 › 2.995
40" 4K SKJÁR
PHS-BDM4037UW
-50.000
149.995 › 99.995
14" ZENBOOK
ASU-UX430UAPURE1X
-15.000
104.995 › 89.995
BLACK FRIDAY
BLUETOOTH HEYRNARTÓL
JBL-V750NXTGUNMETAL / JBL-V750NXTSILVER
-30%AFSL
32.995 › 22.995
32" IPS SKJÁR
PHS-323E7QDAB
-24%AFSL
49.995 › 37.995
240GB SSD
COR-CSSDF240GBLE200B
-29%AFSL
13.995 › 9.995
NITRO 5 LEIKJAFARTÖLVA
ACE-NHQ3LED027
-20.000
159.995 › 139.995
RGB TURNKASSI
COR-CC9011098WW
-30%AFSL
42.995 › 29.995
24" SKJÁTÖLVA
ACE-DQB8XEQ001
- 25.000
94.995 › 69.995
PRO i5 SMÁTÖLVA
ASU-E520B038Z
-20.000
129.995 › 109.995
ASUSPRO
ASUS BEINIR
ASU-RTAC68U
-29%AFSL
34.995 › 24.995
ECOTANK PRENTARI
EPS-ET2650
-33%AFSL
44.995 › 29.995
AÐEINS BROT
AF TILBOÐUNUM !
OPNUM KL. 9:00
24" PRO SKJÁR
AOC-I2475PXQUGR
-27%AFSL
29.995 › 21.995
ASUS TURBO GTX1070 Ti
ASU-TURBOGTX1070TI8G
-20.000
84.995 › 64.995
tl.is
TÖLVU
LISTINN

# Jólasveinaverksmiðja í pí

**■ Þekktir Íslendingar deila jólaminningum tengdum mat ■ Valgeir Skagfjörð gat**

## „Maður grennist ekkert þann dag“

„Svínakótelettur voru á borðum minnar fjölskyldu allt mitt uppvaxtarskeið og þær eru því jólamaturinn minn. Hann hafði komið bæði frá heimili mömmu og pabba og því voru engin átök þegar þau tóku saman, um hvað væri jólamaturinn. Ég, eins og sönnum eiginmanni sæmir, gaf mínar jólamatarhefðir eftir þegar ég tók saman við mína góðu konu. Það er góður matur, hamborgarhryggur og ekki yfir neinu að kvarta þar. En við bræðurnir vöðum skafla og heiðar með fjölskyldurnar milli jóla og nýárs ef veður leyfir í sveitina til mömmu og pabba til þess að komast í svínakótelettur í raspi með brúnuðum kartöflum, rauðkáli, grænum baunum og jólaöli. Maður grennist ekkert þann dag.“



*Einar Bárðarson, almannatengill*

## Dauðaleit að kínakáli



*Helgi Ómarsson, ljósmyndari og stjórnandi hlaðvarpsins Helgaspjallið*

„Mín helsta minning er nokkuð fersk en þetta var í hitteðfyrra, en mögulega sú trámatískasta á þessum 27 árum mínum. Á jólunum galdrar móðir mín fram rækjukokteil sem við höfum alltaf borðað. Hann er án efa það besta sem ég fæ í lífinu og ég er strax byrjaður að hlakka til. Þetta var sem sagt þannig að mamma var búin að kaupa öll hráefnin og það sem hún þurfti til að elda jólamatinn. Nema hvað að ég sá iceberg-salat í ísskápnum. Ég kannaði þá málið og móðir mín tilkynnti mér að það hefði ekki verið til gott kínakál í búðinni svo við þyrftum bara að hafa icebergsalat í rækjukokteilnum. Nú vil ég ekki einu sinni telja viðbrögð mín dramatísk, en ég vissi ekki hvort ég ætti að gráta eða hlæja. Við gerðum okkur ferð til Egilsstaða, en fjölskyldan er á Seyðisfirði, á Þorláksmessu og gerðum dauðaleit að ásættanlegu kínakáli. Það hafðist og jólin gátu þá loksins komið. Jú vinir, jólin snúast svo sannarlega um hefðir og enginn, ekki einu sinni móðir mín, vogar sér að rústa rækjukokteil móður minnar.“

## Meðlætið eldað á prímus

„Þetta var á þeim tíma þegar rafmagnið sló stundum út á Íslandi og fólk varð bara að bíða eftir að það kæmi aftur. Þetta þurfti akkúrat að gerast í Vesturbænum klukkan sirka 18 á sjálfu aðfangadagskvöldi, sem er kannski einn besti tíminn. Sem betur fer var gæsin elduð en mamma og pabbi þurftu að ná í tjaldprímusinn til að gera sósuna og meðlætið og afi fór með kartöflurnar til systur mömmu til að sjóða þær. Kveikt var á fullt, fullt af kertum úti um allt hús. Það var svo ótrúlega kósí að borða við öll kertaljósin, ekkert sjónvarp, sími, útvarp, ekkert áreiti, bara við fjölskyldan saman að njóta jólanna og félagsskapar hvert annars. Við erum mikið jólafólk og eigum alveg dásamlegar jólaminningar en þetta eru ein bestu og yndislegustu jól sem við höfum átt. Mamma með hárið sleikt við andlitið af því að það var ekki rafmagn fyrir hárblásarann. Það er til mynd af þessu og mamma svo sæt að elda við prímusinn með sleikt hárið og allt í kertum."



*Tara Brekkan Pétursdóttir, samfélagsmiðlastjarna og förðunarfræðingur*

## Náði fyrst óvinsælum (van)þroska

„Svipurinn á systrum mínum tveimur er það sem fyrsta kom upp í hugann þegar ég var beðin að rifja upp minningar tengdar jólamatnum. Ég er þeirra elst og því fyrst að ná þeim óvinsæla (van)þroska að vera alveg jafn spennt fyrir jólamatnum og pökkunum. Allt árið sæti ég gagnrýni frá öllum fjölskyldumeðlimum fyrir að borða óheyrilega hægt. Sem ég geri. En það er alveg sérstaklega illa liðið þann 24. desember. Þónokkur jól þurfti ég því að reyna að njóta hamborgarhryggjarins hennar mömmu undir starandi augnaráði systra minna sem höfðu allan daginn legið undir jólatrénu og potað í, hrist og jafnvel þefað af pökkunum. Það gerðist! Ég reyndi að láta þetta ekki á mig fá, lagði reglulega frá mér hnífapörin og reyndi að brydda upp á skemmtilegum og jólalegum umræðum. Það þótti systrum mínum ekki vænt um og héldu áfram að horfa píreygar á mig. Ég held að þær hafi verið hættar að blikka augunum á þessum tímapunkti. Í minningunni var ég enn að tyggja síðasta bitann þegar systur mínar voru búnar að planta sér við rætur jólatrésins. Ég lét þetta þó ekki beygja mig og borða enn lúshægt, alla daga ársins.“



*Birta Björnsdóttir fréttakona*

## Kappið fór með leikkonuna

„Á æskuheimili mínu var möndlugrauturinn á aðfangadagskvöld órjúfanlegur hluti af jólahefðinni. Það var alltaf mikill spenningur í kringum möndluna. Ég á eina mjög skýra minningu þar sem föðurbróðir minn var hjá okkur. Ég hef líklega verið um fimm ára aldurinn. Frændi minn stríddi mér mikið á því að hann myndi hreppa möndluna þetta kvöld. Kappið var gjörsamlega að fara með mig og ég var orðin mjög æst yfir þessum málum, missti alla matarlyst og sá alls ekki að mandlan stóð lóðrétt upp úr minni eigin grautarskál!“



*María Heba Þorkelsdóttir leikkona*

## „Er þetta fuglinn sem var á staurnum“

„Gráfíðraður fuglinn hékk á snúrustaurnum í garðinum heima. Hann var bundinn upp á fótunum og langur hálsinn lafði einhvern veginn niður þannig að hausinn slóst utan í snúrustaurinn þegar nóvembervindurinn blés. Ég vorkenndi veslings fuglinum að hanga svona alla daga. Minnti mig á svaninn sem dó í sögunni um Dimmalimm. Ég var ekki viss um af hverju hann hékk þarna, svona steindauður.

Svo einn daginn í desember var hann horfinn af staurnum. Daginn fyrir Þorláksmessu var sérkennileg lykt í loftinu sem barst frá bílskúrnum þar sem aldrei var geymdur bíll. Það var eitthvað verið að sýsla með logsuðutæki.

Á aðfangadagskvöld var jólamaturinn borinn fram. Þegar ég sá kjötið á fatinu spurði ég: „Er þetta fuglinn sem var á staurnum?“ Þegar ég fékk staðfestingu á því sat ég hnípinn í sætinu mínu það sem eftir lifði kvölds. Ég borðaði bara desertinn. Kokkteilávexti úr dós með rjóma út á. Sannkallað lostæti.“



*Valgeir Skagfjörð, listamaður, framhaldsskólakennari og markþjálfi*


ÓSAL

Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4
110 REYKJAVÍK
SÍMI 515 7200

www.osal.is
osal@osal.is
FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanívagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum.
Bílanagreining í bremsukerfum vagna.
Stilling á loftventlum.
Sérpantanir á varahlutum.

# nulitlu eldhúsi og ör í lófa

## t ekki borðað aðalréttinn ■ Júlía Margrét deildi óvænt jólum með manni með hatt

## Suðurríkja-séntilmaður

„Ég var að vinna fyrir Morgunblaðið um jólin 2004 og samkvæmt venju var mannskapur þvert á deildir ræstur út í jólablaðaskrif. Mitt hlutverk þetta árið var að heimsækja sendiherra Bandaríkjanna og fá hjá honum uppskrift að einhverju jólasætmeti. Maður hafði aldrei tíma fyrir þessa hliðarskyldu, ég bölvaði í hljóði, en var þó lúmskt spenntur að hitta þennan mann og kynnast innvolsi sendiráðsins. Sendiherrann, James Irvin Gadsden, er afrísk-amerískur, suðurríkja-séntilmaður fram í fingurgóma og gaf hann mér uppskrift að Pekanhnetuskúfum sem voru í hávegum hafðir í fjölskyldu hans. Hreinasta lostæti verður að viðurkennast og fleiri orð hef ég ekki um þessa sérstæðu heimsókn, en ítarlegri lýsingar má finna með einföldu gúgli, enda enduðu herlegheitin sem grein í áðurnefndu jólablaði."

*Arnar Eggert Thoroddsen, aðjunkt við Háskóla Íslands*



**Pekanhnetuskúfar**
**Botn – Hráefni:**
- 350 g rjómaostur
- 450 g smjör (mjúkt)
- 4 bollar hveiti (sigtað)

**Aðferð:**
Hrært saman og kælt í 1 klst. Síðan eru mótaðar litlar kúlur (ca. 2 sentimetrar) og þeim þrýst í lítil múffuform. Þau eru svo fyllt með pekanhnetufyllingunni og bökuð við 150°C í fimmtán til tuttugu mínútur.

**Fylling – Hráefni:**
- 4 egg
- 3 bolli púðursykur
- 2 bolli pekanhnetur (gróft saxaðar)
- 1/2 bolli pekanhnetur til skrauts ofan á
- 60 g smjör (mjúkt)
- 1½ tsk. vanilludropar



## Pítsa og heitt kakó á aðfangadagskvöld

„Ég eyddi einum jólum hjá gyðingafjölskyldu í New York sem heldur ekki jól. Jólabarnið ég fór þá með fjölskyldunni í skíðaferð og eyddi aðfangadegi í snjóhvítum skíðabrekkum. Ég átti von á steik í tilefni dagsins, það var nú einu sinni aðfangadagur hjá íslensku au pair-stelpunni en nei aldeilis ekki neitt í líkingu við steik því þegar við komum upp á hótel var pöntuð pítsa og heitt kakó með henni! Þetta var furðulegasti aðfangadagsmatur sem ég hef upplifað og síðan þá hef ég lagt mikið upp úr að fá eitthvað alveg spes á jólunum og ég drekk malt og appelsín en ekki kakó með jólamatnum."

*Sigríður Elín Ásmundsdóttir, ritstýra Húsa og híbýla*



# Fullkomnu jólin urðu ekki svo fullkomin

„Frá því að frumburðurinn minn fallegi kom í heiminn árið 2004 hef ég séð um jólahaldið fyrir fjölskylduna á hverju ári, mér fannst það falleg og góð hefð, svo hef ég mikla ánægju af því að elda fallegan og góðan mat og ekki síður að dekka fallegt borð. Svo það hentar mér afar vel að fá að vera jólagestgjafinn. Í gegnum árin hef ég breytt uppskriftum, prófað nýjungar og bætt og búið til mínar eigin hefðir, samanber að gera meðlætið mikið til frá grunni. Má þar nefna jólasultu, brúnkál, rauðkál, sultaðan lauk, þeytt smjör og fleira í þeim dúr. Þrátt fyrir allt gúrmeið sem maður hleður á borðið þá er alltaf eitt sem flestir Íslendingar gera, og þar með talin ég, og það er að opna eins og eina til tvær dósir af Ora meðlæti. Sem er auðvitað svolítið sérstök hefð svona ef maður veltir því raunverulega fyrir sér.



Fyrir nokkrum árum þegar klukkan var að slá sex, gestirnir voru að renna í hlað, jólatónarnir ómuðu um húsið og húsmóðirin sjaldan verið sáttari við afraksturinn þá átti ég aðeins eitt eftir, jú, að opna grænubaunadósina. Það gekk ekki betur en svo að ég skar mig svo hressilega í lófanum að allt fór á annan endann og fullkomnu jólin urðu ekki svo fullkomin eftir allt. Enda gera slysin augljóslega ekki boð á undan sér. Í dag ber ég þetta fína jólaör í lófanum sem minningu um þetta ævintýri og get hlegið að þessu.“

*Kolbrún Pálína Helgadóttir, verkefnastjóri markaðsdeildar Morgunblaðsins*

# Ólýsanlegur búðingur sem er bara borðaður á jólum



„Á mínu æskuheimili í Vogum á Vatnsleysuströnd var alltaf borðaður svínahamborgarhryggur og sú hefð hélst áfram eftir að ég byrjaði að búa á Selfossi. Ég man ekki eftir því að við höfum haft neinn eftirrétt í Vogunum. Eftir að ég flutti á Selfoss hefur skapast sú hefð að kíkja alltaf til tengdaforeldra minna hér á staðnum þegar búið er að lesa jólakortin og opna pakkana. Þar fæ ég alltaf minn uppáhaldsmat um jólin, jólabúðing sem tengdamamma töfrar alltaf fram. Þetta er búðingur með alls konar góðgæti í, oft bláberja- eða jarðarberjabúðingur með rjóma og súkkulaðispæni ofan á. Ég get ómöglega lýst bragðinu af búðingnum en hann er svo rosalega góður að orð fá því ekki lýst. Ég er strax farinn að hlakka til að fara í Stekkholtið á Selfossi næsta aðfangadagskvöld og fá búðinginn góða.“

Magnús Hlynur Hreiðarsson, fréttamaður á Selfossi.

# Sama rifrildið á hverju ári



„Á æskuheimili mínu er alltaf bökuð tólf- til átjánföld uppskrift að jólasmákökum. Pínulitla eldhúsið breytist í ákveðna jólasveinaverksmiðju. Kallað er í frændsystkin og vini og svo vinnur fólk sig upp í stöðum. Konunglega staðan er pabbi – sem er hrærarinn. Ég, systir mín og eldra fólkið setjum deig á plötur og þau yngstu sjá um að það lofti vel um þær þegar þær koma úr ofninum og raða þeim svo í box. Upphaflega ástæðan fyrir þessu magni var að við bittuðum við aðra sem bökuðu – en í seinni tíð erum við líka að gefa þeim sem ekki hafa tök á að baka vegna aldurs. Það er mikilvægt ef fólk vill borða deig að ná því áður en hveitið fer ofan í, dýfa puttanum í og dippa honum svo í súkkulaðibita og hnetur. Annars verður fólk alveg agalegt í maganum daginn eftir. Sama rifrildið á sér stað með hverja plötu, á hverju ári – pabbi vill baka þær meira en við systurnar.“

Margrét Erla Maack Burlesque-drottning

# Eyddi jólunum með manninum með hattinn

„Það var frekar ruglaður tími þegar ég vann sem vaktstjóri á Tíu dropum við Laugaveg, þar sem ég deildi þeirri stöðu ásamt manninum sem var alltaf með hatt. Eftir lokun og frágang, klukkan tvö á nóttunni, settumst við sem þarna unnum ásamt fastagestum og spiluðum laumu. Reyktum inni og drukkum.

Í eitt af þessum skiptum gerði ég óvart samning við manninn með hattinn um að eyða með honum jólunum. Hann sagði okkur að hann væri ekki spenntur fyrir þeim þetta árið, og ætlaði ekki að halda þau. Ég kýldi hann í öxlina á níunda bjór og sagði honum að við skyldum nú bara panta okkur sóðalegan mat, horfa á Die Hard og gefa skít í jólin.

Næsta dag hafði ég gleymt þessum samræðum en hann ekki. Mamma og pabbi voru mjög hissa þegar ég kvaddi þau á aðfangadagskvöld. EN ég sveik ekki loforð svo ég staulaðist heim til mannsins í gegnum snjóinn á meðan jólin voru hringd inn, með stóran kassa af bjór í einum poka og pakka í hinum. Vinur minn hafði staðið í eldhúsinu allan daginn og lagði sig fram við að gera þetta hátíðlegt. En þegar kom að því að borða bauð hann stoltur upp á for forrétt – humarsúpu. Forrétturinn sjálfur var hvítlauksristaðir humarhalar og þegar kom að aðalréttinum útskýrði hann að honum hefði ekki dottið neitt annað í hug að elda fyrir manneskju sem borðaði ekki kjöt, en ofnbakaður humar var það.



Maðurinn með hattinn býr í París og ég hef ekki séð hann árum saman, en mér þykir alltaf vænt um þessa jólaminningu. En ég mun aldrei aftur borða humar.“

Júlía Margrét Einarsdóttir skáld




# Pattstaða í London

## Gagnaleki og skrýtnir blaðamenn setja svip sinn á heimsmeistaraeinvígi

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Brátt munu úrslit ráðast í heimsmeistaraeinvíginu í skák milli ríkjandi handhafa titilsins, Magnus Carlsen, og áskorandans, Fabianos Caruana. Staðan í einvíginu að loknum níu skákum af tólf er jöfn, 4½–4½ og finnst mörgum sem einvígið hafi verið hundleiðinlegt. Það er aðeins að hluta til rétt! Þegar þessi orð eru skrifuð er 10. skákin hafin. Alls verða tefldar tólf skákir til að skera úr um sigurvegarann en verði staðan jöfn munu keppendur tefla til úrslita með styttri tímamörkum. Ef af verður mun sú veisla fara fram miðvikudaginn 28. nóvember.

Sú staðreynd að engin skák hefur enn unnist hefur farið öfugt ofan í marga skákáhugamenn sem telja að það beri vott um að einvígið hafi verið leiðinlegt. Skákir vinnast þó ekki nema að annar hvor keppandinn geri mistök og það er mergur málsins. Báðir keppendur eru einfaldlega nánast ómannlega góðir skákmenn. Þeir eru gríðarlega vel undirbúnir og hafa varla stigið feilspor. Það var löngu vitað að Norðmaðurinn Carlsen, oft nefndur Mozart skáklistarinnar, væri að öllum líkindum geimvera því svo vel teflir maðurinn. Bandaríkjamaðurinn Caruana hefur hins vegar sýnt að hann stendur Carlsen ekki langt að baki. Hann er því móralskur sigurvegari fyrstu níu umferðanna.

### Caruana hefur komist næst sigri

Caruana hefur átt besta möguleikann á sigri en það var í áttundu skák einvígisins. Þar stóð hann um tíma til vinnings en rétt er að geta þess að það var mat sterkustu skákforrita heims og kannski fjarri skilningi flestra skákmanna. Caruana vissi þó að hann stæði betur en smá ónákvæmni varð til þess að Carlsen náði að bjarga sér fyrir horn.

Í næstu skák fékk Carlsen einnig færi til þess að láta reyna á varnir Caruana en sá bandaríski reyndist vandanum vaxinn. Tók hann eina afdrifaríka ákvörðun í 19. leik skákarinnar – Bxf3, sem flestir bestu skákmenn heims gagnrýndu mjög og sögðust ekki skilja. Caruana sýndi þó að hann vissi betur en allir og sigldi jafnteflinu auðveldlega í höfn. Á blaðamannafundi eftir skákina mátti sjá að Carlsen var alls ekki sáttur við niðurstöðuna. Hann var þungur í skapi og greina mátti pirring þegar hann svaraði blaðamönnum.

> „Caruana hefur átt besta möguleikann á sigri en það var í áttundu skák einvígisins



Caruana hefur reynst jafnoki heimsmeistarans Carlsen í London.

Talsvert meira fjör hefur verið fyrir utan skákborðið. Fjölmargar vefsíður hafa verið með beinar útsendingar frá viðureigninni og þar hafa margir lýsendur farið gjörsamlega á kostum. Enginn þó meira en ofurstórmeistarinn Alexander Grischuk sem lýsir fyrir vefsíðuna Chess24. Hann er með afar þurran og súran húmor sem hefur fallið vel í kramið auk þess sem hann lítur yfirleitt út fyrir að hafa verið á fylleríi í þrjá daga samfleytt fyrir útsendinguna.

Grischuk er þó alveg edrú en það sama verður ekki sagt um ýmsa blaðamenn á vettvangi. Einn slíkur fór með afar óhefðbundin ljóð fyrir keppendur á blaðamannafundi eftir eina skákina. Kalt mat skákáhugamanna er að maðurinn hafi verið drukkinn.

### Lekaskandall skekur skáksamfélagið

Aðalskandallinn var hins vegar klaufalegt myndband úr herbúðum Caruana. Myndbandið var birt af skákklúbbi í St. Louis í Bandaríkjunum þar sem hermt er að áskorandinn hafi dvalið í æfingabúðum. Þar mátti sjá myndskeið af Caruana við æfingar og í skamma stund mátti sjá mynd af tölvuskjá aðstoðarmanns. Glöggir áhugamenn ráku strax augun í að þar mátti sjá nákvæmt yfirlit af hluta þeirra skákbyrjana sem Caruana ráðgerði að beita gegn Carlsen.

Upphófst talsvert moldviðri meðal skákáhugamanna hvort myndbandið væri raunverulegt eða ekki. Hafði Caruana gert slæm mistök eða var þetta viljandi gert til að rugla Carlsen í ríminu. Caruana vildi ekki tjá sig um málið og svo langt gekk það að stórmeistarinn Ian Rogers sagði upp störfum þegar bandarísk skáksíða neitaði að birta frétt hans um lekann og hversu slæm áhrif hann hafði á Caruana. Að minnsta kosti er ljóst að spennan vex í London. ■



# Helgarkrossgátan



| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð | | pílára | maður | | hrjá | fíklana |
| | | | | | kámugar | | | | | | |
| | | | | | skyggni | 6 | | | eldsneyti | | |
| | | | | | slenið | | | | | | |
| | | | | | skálma | | | | reif | egnda | 7 |
| krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510 | ↓ | megin | mylsnuna | | seiglan / afgangur | | | | | | |
| spjallar | | | | | | ↑ | nuddaða | næring / mjög | | | |
| ella | | | ávallt | | | | | | | | nöldra |
| kvak | | 4 | jólasvein | | | | | amstur / 2 eins | | | |
| slæm | | | krúsin / áreitt | | | | | | | slælega | 2 |
| | ↓ | áttund / una | | | króginn | | | | | | |
| bráðum | | | | | | ↑ | | beitiland | borg / ráp | | |
| veif | | | | | sæg | | 1 | | | | kvendýr |
| þegar | | | hagnað / tæmt | | | | fyrirhöfn / batna | | | | |
| lituð | | | | | bilun / brall í bauk | | | | | elginn | |
| | | þang | 11 | siða / stertur | | | | samtök / álpast | | | passa |
| | ↳ | | | | | ↗ | 3 | | | | |
| tugga | | | | | fiskurinn / 3 eins | | | | | | |
| kvendýr | | | gáska / fuglinn | | | | | | 2 eins / klukku | | |
| söngla | | | | 9 | | traustið / fugl | | | | | |
| | hæna | skítugt | | sprell / öskur | | | tjúlluð | tikka | | rella | |
| hnappur | | | | | uppfyllist | | | | | | |
| borðandi | | | 10 | | árfaðir / strákapör | | | | farvegur | 5 | svifryk |
| fiskurinn | 8 | | | | | | matur | | | | |
| skel | | | | | týndar | | | | | | |

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | | | |

# Sudoku

## Auðveld

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 6 | 5 | | 1 | | | 2 |
| | 4 | | | 2 | 6 | 5 | | |
| | 7 | 5 | 3 | | | | | |
| 9 | 6 | | | | | | 7 | |
| | 5 | 2 | 6 | 7 | | | 9 | 3 |
| | 3 | 8 | | | 5 | 6 | | |
| 8 | | 4 | | | 3 | | 6 | |
| | | | | | 7 | 4 | 8 | |
| | 2 | | 8 | | | | | |

## Erfið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 3 | | | 4 | | | 5 |
| | | 7 | | | 2 | | | 9 |
| 8 | 9 | | | 1 | | | | |
| 1 | | | 7 | 3 | | | | 6 |
| | | 6 | | | 9 | | 5 | |
| | | | | 2 | | 4 | | |
| | | | | | 1 | | | 8 |
| | 6 | 5 | | 4 | | 9 | | 7 |
| 4 | | | | | | | | |

# Verðlaunagáta

**Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.**
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið **krossgata@dv.is**

FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

**María H Þorsteinsdóttir**
**Bræðraborgarstíg 21**
**101 Reykjavík**

Lausnarorðið var **PÁFAGAUKUR**

**María hlýtur að launum bókina Rof**




**Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin Bókin um gleðina – Varanleg hamingja í breytilegum heimi**

Hvernig er hægt að finna gleði og frið þegar þjáningin í heiminum er svona mikil? Vinirnir Dalai Lama og Desmond Tutu, vitrir og lífsreyndir öldungar, friðarverðlaunahafar Nóbels og andlegir leiðtogar milljóna manna um heim allan, hittust til að leita svara við þessari áleitnu spurningu – og miðla af reynslu sinni og boðskap. Þeir hafa báðir þurft að takast á við margvíslega örðugleika, kúgun, útlegð og ofsóknir. Þrátt fyrir það – eða kannski einmitt vegna þess – eru þeir uppfullir af lífsgleði, samhygð og glettni.

Bókin um gleðina er skrásett af Douglas Abrams, vini þeirra beggja og nánum samstarfsmanni Tutus erkibiskups, sem fylgdist með og tók þátt í öllum samskiptum vinanna þá ógleymanlegu daga sem þeir hittust í Dharamsala á Indlandi.

Magnea J. Matthíasdóttir þýddi.
Höfundar: Dalai Lama, Desmond Tutu

# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Bjóðum sérhæfða þjónustu fyrir íbúðir í skammtímaleigu

Þrif ehf

Þrif ehf. | Lækjasmári 86 | 201 Kópavogur | Sími: 8989 566 | www.þrif.is | thrif@centrum.is

SAKAMÁL



**2** menn bandarísku konunnar Juliu Lynn Womack urðu ekki langlífir. Sá fyrri, eiginmaður Juliu, Glenn Turner, lést 3. mars, 1995, og virtist ekkert grunsamlegt við fráfall hans; hann hafði glímt við flensu um skeið áður en hann skildi við. Þegar sá seinni, kærasti Juliu, Randy Thompson að nafni, kvaddi jarðlífið sex árum seinna vakti það athygli hve margt var líkt með fráfalli hans og Glenns. Rannsóknarlögreglan ákvað að kanna málið frekar og í ljós kom að hvorugur þeirra hafði farið yfir móðuna miklu sjálfviljugur. Julia hafði byrlað þeim báðum ólyfjan, nánar tiltekið frostlög. Julia fékk lífstíðardóm og fannst síðar andvana í klefa sínum, 30. ágúst 2010.

# AFDRIFARÍKT Á

## ■ Edith féll fyrir æskuvini sínum ■ Eiginmanninum, Percy, var ofaukið ■ Frederi

**Á**rið er 1922. Staðurinn er höfuðborg Stóra-Bretlands, London. Kynnt er til sögunnar Edith Graydon. Edith fæddist 25. desember, 1893, í Dalston í London, á Norfolk Road númer 97, nánar til tekið. Edith var fyrsta barn foreldra sinna, Williams Eustace og Ethel Jessie. William var skrifstofumaður hjá Imperial Tobacco Company, en ekki fer mörgum sögum af starfa Ethel, en hún var dóttir yfirlögregluþjóns.

### Allt í sóma

Bernska Edith var ágætlega hamingjurík. Hún var hæfileikarík stúlka og var framúrskarandi í dansi og leiklist. Einnig var stúlkan frambærileg í bóklegum fögum og gott betur. Að skólagöngu lokinni fékk Edith starf bókara hjá innflytjanda vefnaðarvöru og gat sér fljótlega gott orð fyrir smekkvísi og gáfur og fékk stöðuhækkun nokkrum sinnum innan fyrirtækisins. Þegar upp var staðið var hún orðin sölustjóri þess og þurfti starfs síns vegna að fara nokkuð reglulega til Parísar.

Árið 1909 kynntist Edith Percy Thompson og að lokum, eftir sex ára trúlofun, gengu þau í hjónaband, árið 1916. Hjónakornin komu sér fyrir í Ilford, nokkuð nýmóðins bæ í Essex, og lífið virtist blasa við þeim.

### Gömul kynni gleymast ei

Maður er nefndur Frederick Bywaters. Þannig var mál með vexti að Frederick og Edith höfðu þekkst fyrrum, níu árum áður höfðu tekist með þeim kynni þegar Frederick og bróðir Edith voru skólabræður og vinir.

Árið 1921 æxluðust mál þannig að Frederick kom aftur inn í líf Edith og fór hann til dæmis með Thompson-hjónunum í frí til Wight-eyju.

Frederick, sem var skipsþjónn, gerðist einnig leigjandi hjónanna um skeið þegar hann beið eftir nýju skipsplássi.

Percy fannst Frederick gerast helst til nærgöngull gagnvart Edith og vísaði honum á endanum á dyr. Edith og Frederick voru reyndar þá þegar farin að stinga saman nefjum og gott betur og hafði það ekki farið fram hjá Percy.

### Köttur í bóli bjarnar

Því miður fyrir Percy var skaðinn skeður. Edith var fallin fyrir Frederick. Hann var myndarlegur og hvatvís og var hafsjór af sögum, enda siglt um öll heimsins höf.



**Elskendurnir** Frederick heillaði Edith upp úr skónum.

> **„Percy fannst Frederick gerast helst til nærgöngull gagnvart Edith og vísaði honum á endanum á dyr**

Percy var ímynd stöðugleika og venjubundinnar tilveru, leiðinlegur kannski. Frederick á hinn bóginn var fjörmikill og ímynd rómantíkur eins og Edith upplifði hana.

Frederick fékk skipspláss og var til sjós frá september 1921 og til september ári síðar. Á þeim tíma skrifaði Edith fjölda bréfa til hans auk þess sem þau hittust með leynd endrum og sinnum þegar tækifæri gafst. Samband þeirra var svo langt gengið að þau fóru að hittast á hótelum undir fölskum nöfnum.

### Árás um miðnæturbil

Sem fyrr segir ku Frederick hafa verið hvatvís maður og segir sagan að hann hafi upp á eigin spýtur ákveðið að koma Percy fyrir kattarnef. Fannst Frederick enda að Percy fyllti líf Edith meira af eymd en einhverju öðru.

Upp úr miðnætti 3. október, 1922, voru Thompson-hjónin á heimleið eftir að hafa séð sýningu í Criterion-leikhúsinu í Piccadilly Circus í London.

Þegar þau áttu skamma leið ófarna stökk karlmaður út úr runnum og réðst fyrirvaralaust á Percy.

### Percy myrtur

Upp hófust mikil átök og var Edith slegin harkalega með þeim afleiðingum að hún féll til jarðar.



**Þegar allt lék í lyndi** Frederick fór með Edith og Percy í frí til Wight-eyju.

Þegar upp var staðið lá Percy á jörðinni, óvígur og andaðist áður en Edith náði að kalla á hjálp. Árásarmaðurinn beið ekki boðanna og lét sig hverfa.

Þegar lögreglan kom á vettvang var Edith vart viðræðuhæf og var enn ein taugahrúga þegar á lögreglustöðina var komið. Edith upplýsti lögregluna þó um að hún þekkti árásarmanninn, hann héti Freddy Bywaters.

Nokkuð ljóst má telja að Edith taldi sig vera vitni í málinu því hún reifaði enn fremur tengingu hennar við Frederick.

### Yfir 60 ástarbréf

Í kjölfar frekari rannsóknar handtók lögreglan Frederick og eftir að hafa fundið í hans fórum yfir 60 ástarbréf frá Edith, handtók lögreglan hana líka. Þegar upp var staðið voru turtildúfurnar báðar ákærðar fyrir morð.

Réttarhöldin hófust 6. desember, 1922, í Od Bailey. Ekkert skorti á að Frederick væri samvinnuþýður og hann fór með lögreglunni á staðinn þar sem hann hafði falið morðvopnið og hélt því að auki statt og stöðugt fram að Edith hefði ekki haft nokkra vitneskju um fyrirætlanir hans. Kannski var það sannleikanum samkvæmt, en innihald ástarbréfanna gaf ákæruvaldinu ástæðu til að ætla annað.

### Glersalli og göróttir drykkir

Í bréfunum lýsti Edith yfir eldheitri ást sinni til Fredericks og talaði um hve heitt hún þráði að losna við Percy. Í einu bréfi segir hún að einu sinni hafi hún sett glersalla í kartöflumúsina hans og í annað skipti borið honum gróttt-an drykk.



**Edith Thompson** Reiknaði aldrei með að hún endaði í gálganum.

Svo virtist sem ekkert biti á Percy. Ekki hafði hann séð sóma sinn í að drepast og ekki einu sinni orðið misdægurt. Edith stóð engan veginn á sama og sárbændi Frederick um að „gera eitthvað í málinu".

### Sviðsljósið lokkar

Þegar þarna var komið sögu hafði Edith ánetjast sviðsljósinu. Verjandi hennar upplýsti hana um að sönnunarbyrðin hvíldi á herðum ákæruvaldsins og það gæti ekkert sannað annað en að Edith hefði verið á vettvangi þegar Percy var myrtur.

Í ljósi þess bað hann Edith lengstra orða að stíga ekki í vitnastúkuna. Edith var áfjáð í að láta ljós sitt skína og gerði hið gagnstæða.

Edith hefði betur látið það ógert og sannaðist þar hið fornkveðna að stundum er betur heima setið en af stað farið.

### Festist í lygavef

Vitnisburður Edith var henni ekki til framdráttar. Hún festist í eigin lygavef, var sitt á hvað daðrandi, full af sjálfsmeðaumkun og dramatísk. Hún vakti hvorki hrifningu hjá dómara né kviðdómi, ekki síst þegar hún komst í mótsögn við sjálfa sig. Aðspurð um merkingu nokkurra kafla úr ástarbréfunum, var hennar eina svar: „Ég hef ekki hugmynd."

Síðar hafði verjandi hennar á orði að hégómi Edith og hroki hefði gert að engu möguleika hennar á sýknu og lagt í rúst það jákvæða sem fólst í vitnisburði nágranna hennar, sem höfðu heyrt angistina í rödd hennar þegar Percy var myrtur. Slíkt hið sama mátti segja um vitnisburð rannsóknarlögreglumanna um hugarástand Edith strax í kjölfar morðsins, sem hafði verið henni vilhallur.

### Tryggur allt til loka

Við réttarhöldin var eftir því tekið hve trúr Frederick var Edith. Aldrei hvikaði hann frá upphaflegum vitnisburði sínum um að ástkona hans væri saklaus og hefði ekkert vitað af áformum hans. Einfaldlega vegna þess að hann hugðist aldrei bana Percy heldur neyða hann til að horfast í augu við og taka á því vandamáli sem þau þrjú stóðu frammi fyrir.

Það var ekki fyrr en Percy brást við eins og hann væri betri eða meiri maður en Frederick að Frederick missti stjórn á sér.

### Frjótt ímyndunarafl Edith

Edith, sagði Frederick ítrekað, hafði aldrei ýjað að því við Frederick að hann banaði Percy. Hvað bréfin varðaði og innihald sumra þeirra þá



**17.** ágúst, 2010, var Bandaríkjamaðurinn Anthony Cantu tekinn af lífi með banvænni sprautu í Texas. Anthony var sennilega ekki vandaður karakter og leiddi meðal annars gengi í Houston sem viðhafði frekar hrottalegar aðfarir við vígslu nýrra meðlima. Slík vígsla átti sér einmitt stað að kvöldi 24. júní, 1993. Það kvöld fékk nýr meðlimur aðild að genginu og var, samkvæmt hefð, gert að slást við hvern og einn meðlim þess. Síðan var dottið í það.
Þetta sama kvöld voru vinkonurnar Elizabeth Pena, 16 ára, og Jennifer Ertman, 14 ára, á heimleið frá vini sínum. Fyrir tilviljun urðu þær á vegi gengis Cantu. Það skipti engum togum að gengið nauðgaði vinkonunum, misþyrmdi þeim á hrottalegan hátt og síðan voru þær kyrktar. Óhætt er að segja að Cantu og félagar hans hafi fengið makleg málagjöld, enda fengu þeir flestir dauðadóm.

# STARSAMBAND

## ck var tryggur allt til loka



**Á milli tveggja karlmanna** Frederick les bók og Percy dagblað. Á milli þeirra er Edith með óráðinn svip.

sagði Frederick að hann hefði aldrei lagt trúnað á frásagnir Edith af tilraunum hennar til að skaða eiginmann hennar. Frederick var þeirrar skoðunar að Edith hefði afar frjótt ímyndunarafl og sæi sjálfa sig sem persónu í einhverjum þeirra skáldsagna sem hún hafði lesið.

Allt kom fyrir ekki og 11. desember, kvað kviðdómur upp úrskurð sinn og Edith og Frederick fengu dauðadóm og skyldu hengjast. Edith brást við með móðursýkiskasti en Frederick tók til máls og sagði hátt og skýrt að Edith væri saklaus.

### Samúð almennings

Ekki var laust við að mikið væri fjallað um Edith og Frederick í fjölmiðlum fyrir réttarhöldin og að þeim loknum. Sýndist sitt hverjum og fór ekki hjá því að raddir andvígar parinu væru háværar.

> **Upp hófust mikil átök og var Edith slegin harkalega með þeim afleiðingum að hún féll til jarðar**

Þegar búið var að kveða upp dauðadóma yfir þeim varð kúvending í hvort tveggja fjölmiðlum og meðal almennings. Tæplega milljón manns settu nafn sitt á undirskriftalista til að mótmæla dauðadómunum.

Frederick uppskar aðdáun fyrir hve hatrammlega hann gekk fram fyrir skjöldu í tryggð sinni gagnvart Edith og hve umhugað honum var að vernda hana.

Edith sjálf var talin kjáni en almenningi hryllti við tilhugsuninni um að kona yrði hengd og þegar þarna var komið sögu hafði engin kona verið hengd á Bretlandi síðan 1907.



**Thompson-hjónin** Til að byrja með virtist lífið leika við Edith og Percy.

> **Frederick uppskar aðdáun fyrir hve hatrammlega hann gekk fram fyrir skjöldu í tryggð sinni gagnvart Edith og hve umhugað honum var að vernda hana**

### Í öðrum heimi

Svo virðist sem Edith hafi hreinlega ekki verið í tengslum við raunveruleikann, því hún fullyrti að hún yrði ekki hengd. Þegar foreldrar hennar heimsóttu hana í Holloway-fangelsið sagði hún við föður sinn að hann skyldi einfaldlega fara með hana heim.

Þegar Edith fékk að vita hvaða dag hún skyldi mæta örlögum sínum missti hún alla sjálfstjórn og síðustu daga lífs síns var hún öskrandi og veinandi í fullkomnu móðursýkiskasti.

Þann 9. janúar, 1923, var Edith Thompson nánast borin að gálganum og þurfti að halda henni uppréttri á meðan lykkjunni var smeygt um háls hennar.

Elskendurnir voru hengdir á sama tíma, klukkan níu að morgni. Aðeins 800 metrar skildu þau að á dauðastundinni. Þau voru grafin innan veggja fangelsa sinna; Frederick í Pentonville og Edith í Holloway.

Þannig fór það. ■

VIÐ SÆKJUM BÆTURNAR
Það kostar ekkert að kanna rétt sinn. Fyrsta viðtalið frítt!
SLYSABÆTUR.IS

# HÁTÍÐARHARMSÖGUR

## Steinn fann enga til að reyna við ■ Fanney var meðvitundarlaus í Ósló

Jólin snúast um gleði, notalegar stundir með okkar nánustu og taumlaust át á lúxusfæði og gotterí. Flestir eru þó sammála um að hátíðinni fylgi einnig streita og og stress og það jafnvel þrátt fyrir að allt gangia samkvæmt áætlun. Ef eitthvað fer úrskeiðis á þessum tíma, eins og ef dekkið springur á leið í jólaboð eða það gleymist að fara með hátíðarfötin í hreinsun, þá getur streitan margfaldast.
DV ákvað að rifja upp nokkrar ólíkar en dramatískar harmsögur þekktra einstaklinga um jólahátíðina.

## Í gifsi yfir áramótin



Örn Árnason leikari hefur margsinnis opinberað dálæti sitt á áramótunum og má segja að hann sé þekktasti „sprengjumaður" landsins. Í viðtali við Morgunblaðið árið 2005 sagði Örn áramótasögu sem þótti frekar sorgleg, en þó ekki nógu sorgleg til að draga úr áhuga hans á flugeldum til frambúðar. Leikarinn var á þeim tíma fjórtán ára gamall og hefst sagan þegar hann útbjó þriggja þrepa rakettu. Að hans sögn var umrædd raketta afar tilkomumikil en gekk illa í flugtakinu, sem leiddi til drungalegs hvells. „Mér brá og hljóp undan henni," segir Örn en hann rann í hálku og braut á sér ristina. „Svo lá ég bara í gifsi yfir áramótin."

## Laug að móður sinni

Fyrrverandi íþróttamaðurinn Logi Geirsson upplifði einu sinni sína útgáfu af jólamyndinni Aleinn heima (e. Home Alone), ef þannig má að orði komast. Í viðtali við Jól.is árið 2009 sagði hann frá afar eftirminnilegri jólaminningu, en á þeim tíma var Logi á sínu fyrsta ári sem atvinnumaður í handbolta. Í ljósi þess að hann var mikið að spila yfir hátíðirnar endaði hann með því að halda einsamall upp á aðfangadag. Það væri ekki frásögur færandi nema vegna þess að Logi átti ekkert til af mat og var hægara sagt en gert að halda út þessa rauðu daga þar sem allt var lokað, honum til mikillar mæðu.

„Ég hélt að þetta væri bara eins og heima á Íslandi að ég gæti bara skroppið út á bensínstöð á miðnætti á aðfangadag. En það var heldur betur ekki raunin. Það var allt lokað á Þorláksmessu, á aðfangadegi og jóladegi," segir hann. „Ég kunni ekki að sjóða mér egg á þessum tíma þannig að ég átti aldrei til neitt í ísskápnum. Það sem hélt mér á lífi þessa tvo eða þrjá daga voru tveir frosnar örbylgjupítsur."



Logi viðurkennir að hann hafi logið að móður sinni á þessum tíma, en þegar hún hringdi til að óska honum gleðilegrar hátíðar svaraði hann símanum og þóttist vera í mikilli jólaveislu hjá þjálfara sínum. „Mamma hringir í mig klukkan sex á aðfangadag. Ég hleyp þá inn í stofu og set músík í græjurnar og spyr hún mig hvernig ég hefði það," segir hann. „Ég vildi ekki skemma fyrir þeim jólastemninguna heima, svo ég fór bara að kroppa í pítsuna. Ég held ég kunni líka að meta jólin enn meira eftir þetta."

## Óhapp aldarinnar



Árið 2014 lenti samfélagsmiðlastjarnan Maggi Mix í óheppilegu atviki á versta tíma fyrir jólahátíðina, nánar til tekið á Þorláksmessu. Sjálfur hefur hann ekki sparað stóru orðin um alvarleika málsins, en þetta átti sér stað þegar hann tók upp innslag fyrir matreiðsluþátt sinn, Gott og gómsætt. Maggi ákvað að deila með áhorfendum uppskrift að pastarétti með tómatsósu, eða „kjeddaranum" eins og hann kallar sjálfur réttinn. Það fór ekki betur en svo að þegar Maggi ætlaði að sýna áhorfendum réttinn beint úr örbylgjuofninum rann pastað af diskinum og beint á fartölvuna.

Fyrstu viðbrögð Magga fólu í sér orðin „Shit. Fokk". Fastlega má reikna með því að fartölvan hafi lifað gjörninginn af í ljósi þess að hann hlóð upp myndbandi með atvikinu undir heitinu „Óhapp aldarinnar".

## Sýruævintýri og roastbeef-samlokur



Tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, komst ekki í tæka tíð í jólamatinn á aðfangadag árið 2007. Hann hafði verið að spila í höfuðborginni og ætlaði að fara heim vestur á firði og hitta konu sína og eldri soninn, en sá yngri var í borginni með föður sínum. Feðgarnir áttu pantað flug vestur til Súðavíkur þegar mikið óveður skall á. Söngvarinn sagði þessa hressilegu sögu í Séð og Heyrt árið 2011.

Útlit var fyrir að ekkert yrði af fluginu. Vélin fór þó í loftið en veðrið var svo slæmt vestur á fjörðum að á endanum þurfti að snúa vélinni við. „Þá fengum við far og ætluðum að keyra vestur, í klikkuðu veðri," segir hann. Feðgarnir neyddust síðan til að stoppa á bensínstöð og kaupa sér óhefðbundna jólamáltíð. „Þegar klukkan var orðin sex, þá var ég á Hólmavík, borðandi roastbeef-samlokur og drekkandi kókómjólk með tveggja ára syni mínum. Við bjuggum bara til eitthvert sýruævintýri úr þessu."

## Missti meðvitund í Ósló



Jólasaga Fanneyjar Guðmundsdóttur, landsliðskonu í skíðaíþróttum, þann 2011 er full af harmi og átakanleg. Þá slasaðist hún alvarlega þegar hún var við æfingar í Geilo í Noregi. Æfingin var á aðfangadegi og fór þannig að hún var á mikilli ferð á skíðunum og lenti á tré með þeim afleiðingum að hún hlaut fjölda beinbrota.

Fanney missti meðvitund og andaði ekki þegar að henni var komið. Sem betur fer báru lífgunartilraunir árangur en þá var hún flutt á Ullevål-sjúkrahúsið í Ósló. Fanney er á góðum stað í dag og varð slysið ekki til þess að hún ætti skíðaiðkuninni. Seinna meir fór hún að hreyfa sig og spreyta sig í fótbolta með Þrótti í Pepsi-deild kvenna. Einnig kláraði hún nám í hagfræði við Háskóla Íslands.


*Afsláttur gildir ekki um harðar gardínulausnir, glös og smávöru í vefnaðarvörudeild

BLACK FRIDAY

30% AFSLÁTTUR*

Rúm - Sængur - Koddar
Sófar - Borð - Vefnaðarvara
og margt fleira

Tilboð gilda fimmtudag, föstudag og laugardag

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Vogue FYRIR HEIMILIÐ

# iPhone viðgerðir




facebook.com/biladursimi

7807459

www.biladursimi.com

# Sinn er *siður* í hverju landi

**Kristján Kristjánsson**
ritstjorn@dv.is



Á flestum heimilum eru ákveðnir jólasiðir og jólavenjur sem eru hafðar í heiðri um jólin. Það sama gildir um ríki heims, að minnsta kosti þar sem jólum er fagnað, þar eru ákveðnir siðir og venjur sem fólki í öðrum ríkjum þykja jafnvel undarlegar. Eflaust finnst mörgum útlendingum í hæsta lagi undarlegt að íslensku jólasveinarnir séu þrettán talsins og komi einn af öðrum til byggða í aðdraganda jólanna og gefi börnunum eitthvað gott í skóinn, nema þeim óþekku sem fá bara kartöflu. Ekki eykur það á undarlegheitin að móðir þeirra er tröllskessa sem borðar fólk. Síðan er það auðvitað jólakötturinn sem gæðir sér á börnum. Það er kannski engin furða að útlendingum þyki þetta eiginlega bara hræðilegt. Síðan er það skötuátið sem tengist jólahátíðinni þrátt fyrir að það fari fram á Þorláksmessu. Það er auðvitað vel skiljanlegt að útlendinga hrylli við því, sérstaklega ef þeir hafa orðið þeirrar ógæfu aðnjótandi að finna óþefinn sem leggur upp úr pottum landsmanna á Þorláksmessu.

Í **Noregi** tengjast nornir og galdrar jólum en þetta er ævaforn siður og trú. Enn er sá siður hafður í heiðri á mörgum heimilum að fela alla kústa því eins og kunnugt er geta nornir flogið á slíkum heimilistækjum og því betra að fela þá.



**Úkraínsk hefð**
Kónguló falin í jólatré.

Í **Danmörku** er það nánast siður á hverju heimili að dansað er í kringum jólatré á aðfangadagskvöld. Danir bjóða síðan eldhættunni heim því stór hluti þjóðarinnar kýs að nota kerti, ekki jólaseríu, til að lýsa jólatrén upp inni í stofu. Danskar stórfjölskyldur safnast oft saman á aðfangadagskvöld og ekki er óalgengt að tengdafjölskyldur fylgi með. Það dregur þó úr hátíðleika jólanna að margra mati að áfengisneysla Dana er oft og tíðum mikil um hátíðarnar og jólin geta því eflaust verið erfið fyrir mörg börn.

Í **Svíþjóð** tíðkast víða að vera með hlaðborð á aðfangadag og inniheldur það oft jólaskinku, svínapylsur, egg, síld, heimagerða lifrarkæfu, kartöflur og auðvitað hinn víðfræga lútfisk en það er þurrkaður ufsi, langa eða þorskur sem er látinn liggja í lút áður en hann er soðinn. Það er þó aðeins mismunandi á milli landshluta hvaða matur er á boðstólum á aðfangadag. Svo má auðvitað ekki gleyma IKEA-jólageitinni sem setur sannarlega svip sinn á landið í aðdraganda jólanna, svo lengi sem skemmdarvörgum tekst ekki að kveikja í henni.



**Frelsisstyttan** Jólagjöf frá Frökkum.



**KFC** Jólahefð að borða djúpsteiktan kjúkling í Japan.



**Sauna**
Ómissandi hluti af eistnesku jólunum.

> **„Eistar vilja gjarnan eyða aðfangadagskvöldi í gufubaði**

Í **Japan** er það KFC sem er aðalnúmerið á aðfangadagskvöld. Í þessu heimalandi sushi og Kobenautakjöts er það djúpsteiktur kjúklingur frá KFC sem heillar marga á aðfangadagskvöld. Þessi siður er ekki ýkja gamall en hann ruddi sér til rúms á áttunda áratug síðustu aldar. Boðið er upp á sérstakar jólamáltíðir á KFC sem nefnast Kentucky fyrir jólin og eru þær mjög vel úti látnar og fylgir jólakaka og kampavín með.

**Eistar** vilja gjarnan eyða aðfangadagskvöldi í gufubaði en mörgum þykir jólin ekki vera góð nema þeir geti setið naktir í gufubaði með ættingjum og vinum, svolgrað í sig vodka, slakað á og notið samvista við ættingja og vini. Eflaust er þetta eitthvað sem margir undrast en þetta er gamall siður þar í landi en þar er mikil gufubaðsmenning.

Í **Úkraínu** tíðkast að fela kónguló, jólakónguló, í jólatrénu. Hún er falin vel og vandlega í greinum þess og það er síðan mikið kapp hjá fólki að finna hana en það þykir boða mikla gæfu fyrir viðkomandi.

Um jólin 2010 gripu yfirvöld í **Kólumbíu** til þess ráðs að skreyta tré í frumskógum landsins með jólaseríum. Það kviknaði á þeim þegar skæruliðar, hryðjuverkamenn, gengu framhjá þeim og um leið kviknaði á áróðursskiltum þar sem þeir voru hvattir til að gefast upp. Þetta bar árangur því 331 skæruliði gaf sig fram og gerðist nýtur þjóðfélagsþegn.

Til að byrja með átti jólasveinninn ekki sleða, það er að segja útlenski jólasveinninn, þeir íslensku hafa enga þörf fyrir slík tæki, en 1819 kom jólasveinn fljúgandi í sleða fram á sjónarsviðið.

Frá sautjándu öld og fram á þá nítjándu var meðalhitinn í heiminum töluvert lægri en venjulega en þá stóð „lítil ísöld“ yfir. Hinn heimsþekkti rithöfundur Charles Dickens ólst upp á meðan þessi litla ísöld réð ríkjum og fyrstu átta jólin hans voru hvít. Þetta hafði áhrif á skrif hans síðar á lífsleiðinni og vilja margir meina að hann hafi skapað væntingar fólks um að fá hvít jól.

Elsta gervijólatréð sem vitað er um kom fram á síðari hluta nítjándu aldar. Það var Addis Brush Company sem framleiddi það í vélum sem framleiddu klósettbursta. Markmiðið var að búa til tré sem var ekki eins eldfimt og þyldi þyngri skreytingar en lifandi jólatré. Fyrir þá umhverfisvænu er rétt að taka fram að það þarf að nota gervijólatré, stundum nefnd fjölær jólatré, tuttugu sinnum til að þau séu orðin umhverfisvænni en þau vistspor sem notkun á 20 grenitrjám skilja eftir sig.

Í upphafi voru jólatré skreytt með ávöxtum, aðallega eplum, en síðar meir fór fólk að nota kerti og síðan jólaseríur.

Leikföng eru vinsælar jólagjafir og líklegast eru LEGO-kubbar einna vinsælastir. Í aðdraganda jólanna seljast að jafnaði 28 LEGO-kassar á sekúndu hverri.

Samkvæmt **breskum** lögum er refsivert að fara ekki í kirkju á jóladag. Einnig kveða þau á um að ekki megi fara akandi til kirkju á þessum degi. Það þarf varla að taka fram að þessum lögum er ekki framfylgt.

Stærsta jólagjöfin sem **Bandaríkin** hafa fengið er líklegast Frelsisstyttan en hana fengu Bandaríkin að gjöf frá Frökkum á jóladag 1886. Hún vegur 225 tonn og því er líklegast leitun að jafn stórri og þungri jólagjöf. ■






## LEITIN AÐ JÓLAKETTINUM

Eftir sögustund hjá ömmu Siggu ákveður Sara að halda af stað upp á Esju til þess að fanga jólaköttinn. Hún leggur af stað með tveimur bestu vinum sínum.

Höfundurinn, Ólíver Þorsteinsson, vinnur á leikskólanum Kópahvoll í Kópavogi.

## JÓLAGJAFIR SEM ÖLL BÖRN MUNU ELSKA







## DAGBÓK KIDDA KLAUFA LEYNIKOFINN

10. bókin í þessum gríðarlega vinsæla bókaflokki um Kidda klaufa

## LEYNDARMÁL LINDU

Fimmta bókin um Leyndarmál Lindu.

Tindur
Bókaútgáfa

Þú getur fylgst með okkur á facebook: Tindur-bókaútgáfa

# Sálarkapphlaup fyrir jól

Hver skráning skiptir minnstu trúfélögin miklu máli

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Ef þú vilt skipta um trúfélag þá þarf að gera það fyrir 1. desember næstkomandi, annars renna sóknargjöld til núverandi trúfélags allt næsta ár. Þjóðskrá heldur utan um trúfélagaskráningu allra Íslendinga, það gildir um alla, einstaklingur sem er ekki skráður í trúfélag er þá skráður utan trúfélaga og rennur sóknargjaldið þá beint í ríkissjóð. Fjöldi einstaklinga þann 1. desember á hverju ári er notaður til að reikna út framlög ríkisins, eða sóknargjöld, til félaganna. Hver einstaklingur getur lögum samkvæmt einungis verið skráður í eitt skráð trú- eða lífsskoðunarfélag í Þjóðskrá á sama tíma.

Um er að ræða umtalsverða fjármuni, tæplega 12 þúsund krónur á hvern einstakling 16 ára og eldri. Ríkið innheimtir ekki sóknargjöld fyrir einstaka trúfélög heldur er framlagið einfaldlega greitt úr ríkissjóði.

Upphæðirnar skipta trúfélög miklu máli og hafa mörg hver auglýst eftir trúfélagaskráningum á samfélagsmiðlum. Miðað við athugasemdir á færslum félaga þá virðist það hafa borið einhvern árangur. Samkvæmt tölum Fjársýslu ríkisins voru 2,5 milljarðar króna í sóknargjaldapottinum fyrir árið 2017. Þjóðkirkjan fær langhæstu upphæðina sem stærsta trúfélagið, fengu söfnuðirnir rúma tvo milljarða. Aðrir söfnuðir fengu alls 435 milljónir. Þjóðkirkjan fær ofan á þessa tvo milljarða rúmar 400 milljónir úr jöfnunarsjóði sókna og tæplega 300 milljónir úr Kirkjumálasjóði. Þetta eru ekki einu tekjur Þjóðkirkjunnar sem greiddar eru úr ríkissjóði, í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2019 er gert ráð 75,9 milljónum úr Kristnisjóði og 1,8 milljörðum til Biskupsstofu vegna kirkjujarðasamkomulagsins, einnig er gert ráð fyrir nokkurri hækkun á tekjum úr Kirkjumálasjóði og Jöfnunarsjóði sókna.



**Dan Sommer** Myndi aldrei reyna að breyta löggjöf um fóstureyðingar.

Samkvæmt vef Þjóðskrár eru næstum tveir af hverjum þremur landsmönnum sem búsettir eru hér á landi, eða 65,6 prósent, skráðir í Þjóðkirkjuna þann 1. október síðastliðinn eða rösklega 233 þúsund manns. Frá 1. desember 2017 hefur þeim fækkað um 2.029 manns eða 0,9%. Á sama tíma eru meira en 24 þúsund einstaklingar skráðir utan trú- og lífsskoðunarfélaga og fjölgaði þeim um 1.959 frá 1. desember eða um um 8,7%.

### Hafa ekkert á móti jólunum

*Hvað er Bahá'í?*

„Bahá'í-trúin er upprunnin í Persíu hinni fornu árið 1844 þar sem nú er Íran í dag. Bahá'í-trúin er heimstrúarbrögð en ekki söfnuður. Opinberandi trúarinnar heitir Bahá'u'lláh. Fjöldi bahá'ía í heiminum telur á milli 7 til 8 milljónir manna," segir Davíð Ólafsson, forsvarsmaður Bahá'ía-samfélagsins á Íslandi.

„Bahá'íar trúa því að öll trúarbrögð komi frá einum og sama Guði og hafi verið klæðskerasniðin að menningu, umhverfi, og aðstæðum hverju sinni. Segja má að bahá'í-trúin sé sniðin að veröld þar sem þjóðirnar eru nátengdar hver annarri.

Bahá'íar hafa 11 helgidaga og þar af eru 9 þar sem bahá'íar eru hvattir til að taka sér frí frá vinnu og koma saman. Að auki hittast bahá'íar oft þess á milli, meðal annars á svokölluðum 19 daga hátíðum, en það er samkoma þar sem bahá'íar koma saman á 19 daga fresti. Oftast er komið saman í bahá'í-miðstöðinni sem inniheldur einnig þjóðarskrifstofu okkar. Enn sem komið er ekkert guðshús til staðar en bahá'íar eiga musterisland á Kistufelli við Esjurætur sem er fyrirhugað undir framtíðarmusteri."

> „Við teljum að ríki og kirkja eiga að vera aðskilin

*Halda bahá'íar jólin?*

„Bahá'íar halda ekki upp á jólin því við höfum okkar eigin helgidaga. Að því sögðu hafa bahá'íar ekkert á móti jólunum sem slíkum og vandasamt er að finna ekki þá eftirvæntingu og anda sem fylgir þeim tíma. Að öðru leyti er það ákaflega mikilvægt í lífi bahá'ía að viðhalda einingu og þá ekki síður einingu fjölskyldna, og segjum til dæmis að einhver einstaklingur sem gerst hafi bahá'íi og hafi tilheyrt fjölskyldu sem alltaf hafi haldið jólin hátíðleg. Ef hann er sá eini í fjölskyldunni sem er bahá'í-trúar, þá leitast hann við að rjúfa ekki einingu fjölskyldu sinnar og sýnir viðleitni að halda gleðileg jól með henni."

### Lítil kirkja en svipuð öðrum

Dan Sommer er safnaðarprestur hjá Postulakirkjunni en hún telur einungis um 25 manns hér á landi. Hann segir:

„Postulakirkjan er opið kristið trúfélag sem byggir á orði Jesú og trú frumkirkjunnar. Við leyfum ekki „guðfræði" að koma upp á milli okkar. Ef einhver ágreiningur er þá er það orð Jesú sem við fylgjum."

Að öðru leyti er Postulakirkjan hefðbundin kristin kirkja með svipaðar athafnir og aðrar.

„Við hlutumst ekki til um pólitík eða lífsskoðanir félaga. Við stundum ekki trúboð óboðin og höfum enga löngun til að segja öðrum fyrir verkum. Við teljum að ríki og kirkja eiga að vera aðskilin. Sem forstöðumaður trúfélags mæli ég ekki með fóstureyðingu og er persónulega andvígur þeim nema í mjög sérstökum tilfellum, en ég mundi aldrei reyna að hafa áhrif á lagasetningu. Ég hef enga trúarlega skoðun á samkynhneigð, enda vék Jesú ekki að því eina orði, né heldur postularnir 12. Við myndum sjálfsagt framkvæma hjónavígslu fyrir samkynhneigt par ef þess yrði óskað."

Dan segir jólin hjá Postulakirkjunni svipuð og hjá Íslendingum almennt.

„Jólin sem við þekkjum frá íslenskum siðum er blanda af „Yule"-hátíð ljóssins og guðspjallasögur um fæðingu Jesú."

### Fundir og umræður um þjóðfélagsmál

Vésteinn Valgarðsson er forsvarsmaður trúfélagsins Díamat sem telur á bilinu 70 til 80 félaga. Hann segir þetta ekki vera trúarbrögð sem slík heldur trúlausa lífsskoðun sem nefnist díalektísk efnishyggja.

„Þetta er samstæð hugmynd um eðli efnisheimsins og samfélagsins, sérstaklega um eðli þróunar og breytinga. Þetta eru ekki framandi hugmyndir. Við trúum ekki á yfirnáttúru. Heilastarfsemi og félagsleg tengsl eru forsenda hugmynda, vilja, siðferðis og alls sem er kallað sálarlíf. Vísindaleg aðferð er haldbesta leið okkar til að öðlast vitneskju. Mönnunum vegnar best þegar þeir hjálpast að við sameiginleg viðfangsefni, frekar en að keppa hver við annan eða nota hver annan."

Vésteinn og félagar halda mánaðarlega fundi með framsögu og umræðum. Þar eru lítil formlegheit og ýmis þjóðfélagsmál rædd svo sem réttlætismál, geðheilsa, uppeldi og fleira. Jólahald er ekki mjög frumlegt að mati Vésteins.

„Á mínu heimili reynum við að leggja sem mest upp úr því að hafa það notalegt saman. Og gera hreint fyrst. Fyrir utan að ég er í Díamat er konan mín í Ásatrúarfélaginu, þannig að það er engin eftirspurn eftir jesúbörnum heima hjá mér. Hins vegar eru jólasveinarnir vinsælir. Þeir eru ekki bara skemmtilegir, heldur líka gagnleg kennsla fyrir börn í því að sjá í gegnum ævintýri." ■



**Davíð Ólafsson** Bahá'íar eiga land við Esjurætur.





JÓLAGJÖF VEIÐIMANNSINS
SKILDI ÞAÐ VERA
HJÓLAJÓL
TIL JÓLA
ENGINN
SENDINGARKOSTNAÐUR
TIL JÓLA
FAVO
SETJUM SAMAN FLOTT FLUGUBOX
- falleg flugubox eru góð gjöf
UMPQUA
UMPQUA eru með þeim fremstu í heiminum í hönnun og framleiðslu á töskum og hirslum fyrir fluguveiði
VERÐ FRÁ
KR 6.390,-
Vöðlur, jakkar, úlpur, peysur, og margt fleira frá Wychwood og Guideline.
Flott tilboð í gangi - allt að 50% afsláttur!
KR 32.280,-
PAKKATILBOÐ KR 49.990,-
Fluguhjólin frá ALFA eru augnakonfekt, troðfull af orku, og eru góð gjöf.
Mikið úrval af fluguhjólum frá ALFA, Guideline, og Wychwood.
VERÐ FRÁ
KR 11.790,-
GUIDELINE LAXÁ
TILBÚNIR TVÍHENDU- OG SWITCHPAKKAR
Glæsilegir tilbúnir pakkar á verði sem á sér enga hliðstæðu. Stöng, hjól, lína, taumur, og flottur hólkur!
VERÐ FRÁ
KR 43.850,-
Korkers
KORKERS
BARA ÞAÐ BESTA!
Níðsterkir og glæsilegir vöðluskór með útskiptanlegum botnum
ÚTSKIPTANLEGIR BOTNAR
VERÐ FRÁ
KR 27.290,-
GEGGJUÐ SETT
CERTIFIED
GEGGJUÐ SETT
MUNUM GJAFABRÉFIN GÓÐU
Ávísun á vandaðar og flottar vörur
GUIDELINE
It´s all about the experience
FULLINGMILL
RAISING THE GAME
Wychwood
Korkers
UMPQUA
ALFA
HLÍÐASMÁRI 13
201 KÓPAVOGUR
SÍMAR: 833 6440 / 833 6441
- Almennur opnunartími -
Opið virka daga frá 16:00 til 20:00
Laugardaga opið frá 11:00 til 16:00
info@flugubullan.is
http://www.flugubullan.is
facebook.com/flugubullan/
FLUGU
Búllan

# Skuggalega ríku krakkarnir í Skuggahverfinu



Birgitta Líf
Kann vel við sig í Skuggahverfinu.

Baldvin Þorsteinsson
Samherjafeðgarnir keyptu heila hæð í Skuggahverfinu.

## Erfingjar auðæfa hafa komið sér vel fyrir í Skuggahverfinu

Undanfarin ár hefur verið gríðarleg uppbygging í Skuggahverfinu svokallaða, sem samkvæmt gamalli skilgreiningu er svæðið austan Ingólfsstrætis og allt inn að Vitastíg, norðan Laugavegar. Þar hefur risið mikil byggð lúxusíbúða og þar hafa fjölmargir efnaðir Íslendingar, sem og útlendingar, komið sér fyrir. Í þeim hópi eru ungir erfingjar auðæfa sem una hag sínum vel á þessum draumastað.



Ásgeir Mogensen



Brynja Dagmar Jakobsdóttir

Í mars greindi DV frá því að **Birgitta Líf Björnsdóttir**, dóttir Björns Leifssonar og Hafdísar Jónsdóttur, sem gjarnan eru kennd við World Class, hefði staðgreitt 63 milljóna króna íbúð í fjölbýlishúsi við Vatnsstíg 20–22. Íbúðin er 104 fermetrar að stærð og tók Birgitta Líf rækilega til hendinni við að hanna rýmið eftir sínu höfði.

Nágranni Birgittu Lífar í sama húsi er **Brynja Dagmar Jakobsdóttir**, sem er dóttir útgerðarhjónanna og fjárfestanna Jakobs Valgeirs Flosasonar og Bjargar Hildar Daðadóttur. Brynja Dagmar býr í einni af þremur íbúðum í húsinu sem eru í eigu foreldra hennar, ásamt unnusta sínum og syni.

Á Vatnsstíg 21 býr Samherjaprinsinn **Baldvin Þorsteinsson** ásamt konu sinni og dóttur. Baldvin fjárfesti í íbúðinni árið 2011 en nokkrum árum áður hafði faðir hans, Þorsteinn Már Baldvinsson, keypt hina íbúðina á hæðinni. Samherjafeðgarnar una því hag sínum vel í Skuggahverfinu.

Rapparinn **Gísli Pálmi Sigurðsson** hefur látið lítið fyrir sér fara á tónlistarsviðinu undanfarin misseri. Gísli Pálmi býr í glæsiíbúð í fjölbýlishúsi við Vatnsstíg 16–18 sem er í eigu föður hans, Sigurðar Gísla Pálmasonar. Þar fer sennilega afar vel um hann.

Í eldra fjölbýlishúsi í hverfinu, nánar tiltekið Skúlagötu 32–34, hefur ungur fjárfestir látið til sín taka. Það er **Ásgeir Mogensen**, sonur eins ríkasta manns landsins, Skúla Mogensen. Í samstarfi við viðskiptafélaga sinn, Baldur Þór Sigurðarson, hefur Ásgeir, sem er aðeins 25 ára gamall, fjárfest í þremur lúxusíbúðum í húsinu. Kaupin gengu í gegn í byrjun síðasta árs og var heildarkaupverðið um 114 milljónir króna. Félagarnir þekkja fasteignamarkaðinn vel en saman hafa þeir rekið félagið Leigulausnir sem meðal annars aðstoðar fólk við útleigu Airbnb-íbúða.



Ásgeir Mogensen











Trésmiðjan Stígandi tekur að sér allt sem við kemur byggingum og mannvirkjagerð. Á tæknivæddu verkstæði smíðum við nánast hvað sem er, allt eftir þínum óskum. Við leggjum áherslu á vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu.





**TRÉSMIÐJAN STÍGANDI**

FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

**TRÉSMIÐJAN STÍGANDI / SÍMI: 452 4123 / WWW.STIGANDIHF.IS**

# Jólin hafa áhrif á dýrin

## ■ Kettir sáttir ■ Hundar ráðvilltir

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Jólin eru hátíð manna, sköpuð af mönnum og fyrir menn. Dýrin verða þó mörg hver vör við þetta rask á almanaksárinu og kemur það misvel við þau. Sumar tegundir kunna afar vel við sig á jólunum og geta jólin jafnvel bjargað lífi þeirra. Önnur verða kvíðin, hrædd og óörugg. DV tók saman áhrif jólanna á nokkur algeng dýr.



**„Enginn veit hvað kýrnar hugsa á jólunum**

**Hundar í helvíti**
Jólin eru sálfræðileg áskorun fyrir hunda sem eru einhver vanaföstustu dýr sem til eru. Skyndilega hefur enginn tíma til að fara út í göngutúr. Allt er fullt af gestum allir að farast úr stressi. Þar að auki er föst steikarlykt í loftinu alla hátíðina. Það er algjörlega undir mannúð eigandans komið hvort voffi fái eitthvað af afgöngunum. Sumir verða að láta sér nægja þurrfóðrið. Þegar jólin eru loksins búin og smá rútína að komast á lífið aftur þá skella áramótin á með sprengjum og meiri steik.



**Vanþakklátir kettir**
Kettir „liffa og njódda“ á jólunum, sérstaklega ungir og fjörugir kettir. Nóg framboð er af dinglandi skrauti sem þeir geta eyðilagt og sígilt er að að rústa jólatrénu sjálfu. Þrátt fyrir að gera þennan óskunda fá þeir einhverra hluta vegna jólagjafir, nammi eða nýja mús. Þeir sýna samt ekkert þakklæti enda fyrir neðan þeirra virðingu að sýna mannfólki slíkt. Það eina sem köttum mislíkar við hátíðina er þegar eigendurnir klæða þá í búning og taka jólakattarmynd til að setja á Facebook.



**Lífsbjörg gullfiskanna**
Gullfiskar eru frekar óáhugaverð kvikindi. Svo óáhugaverð að eigendurnir gleyma gjarnan að skipta um vatn hjá þeim og hreinsa búrið. Er líklegt að það sé ein helsta dánarorsök gullfiska og er tilverunni í kjölfarið sturtað niður í klósettið með lítilli viðhöfn. Fyrir jólin er hver krókur og kimi heimilsins þrifinn, þar á meðal fiskabúrið. Jólaþrifin geta því verið lífsbjörg gullfiskanna.



**Fyllerí í kringum hesta**
Hestar eru snobbdýr og því oft mikið tilstand í kringum þá. Hesthúsin eru gjarnan skreytt og hestamennirnir sjálfir halda gjarnan glögg þar. Eins og allir vita kunna Íslendingar ekki að halda glögg. Verða þeir ofurölvi og spýja rauðu í allar áttir. Þetta getur valdið töluverðu ónæði fyrir grey hrossin sem kjósa helst ró og næði. Jólin eru þó ólíkt skárri fyrir hestana en áramótin þegar þeir geta hreinlega tryllst af hræðslu við sprengingarnar.



**Smáfuglar fá athygli**
„Gleymum ekki smáfuglunum um jólin“ er mottó sem margir halda í heiðri. Er þá jafnvel rokið út í gæludýraverslun til þess að kaupa korn handa þessum krúttbollum sem eiga svo bágt í kuldanum. Veturnir eru erfiðir fyrir þessi litlu grey sem nenna ekki að fljúga yfir hafið á haustin. Jólin geta því verið lífsbjörg fyrir fugl sem hefur gengið erfiðlega að redda sér í gogginn um haustið. Eftir jólin er öllum hins vegar sama um smáfuglana, jafnvel þó að þá hefjist köldustu mánuðir ársins.



**Pressa á hænum**
Aldrei eru egg eins mikilvæg fyrir menn og í jólabakstrinum. Er því mikil pressa á hænunum að verpa en bændur reyna að dreifa álaginu. Sjálfsagt eru jólin sjálf frekar tilbreytingarlítil fyrir þessa litlu vinnuþjarka, að minnsta kosti varphænsnin. Líklegra er að landnámshænur fái nokkur auka korn eins og mörg önnur húsdýr.



**„Krípí“ kusur**
Enginn veit hvað kýrnar hugsa á jólunum. Sjálfsagt eru þær að plotta eitthvað og best að vera var um sig. Sagan segir að kýrnar tali saman á mannamáli á jólunum. Það gera þær svo aftur bæði á nýársnótt og þrettándanum. Af hverju er ómögulegt að segja, kannski bara til að grilla í okkur mönnunum sem grillum þær á sumrin.

**Graðar kindur**
Jólin eru besti tíminn á árinu fyrir sauðfé. Nema það sauðfé sem endar sem hangikjöt á diskum manna á jóladag. Jólin eru nefnilega fengitíminn og hátíðin því eins og eitt allsherjar rómverskt kynsvall. Í sveitum landsins eru frygðarstunur hrúta og kinda ómissandi hluti af jólunum. Rétt eins og að heyra kirkjuklukkurnar hringja klukkan sex á aðfangadagskvöldi á gufunni.



Gerið gæða- og verðsamanburð
Hjá okkur eru alltaf
RÚMADAGAR
Mikið úrval af heilsurúmum á frábæru verði
Öll verð eru með botni og fótum
Svefn & heilsa
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00




SAGA / FREYJA
Hágæða 7 svæðaskiptar heisludýnur
Verð frá 94.900 kr.
VALHÖLL
5 Svæðaskipt heilsudýna
Verð frá 67.900 kr.
MEMORY Deluxe
Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann
Verð frá 94.900 kr.
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

# Svíf þú inn í svefninn
## ...í rúmi frá okkur!

RB
RÚM





**Rúm, springdýnur, sængurver, púðar, rúmteppi & gjafavara!**

…við erum með þetta allt og meira til!



My/Senso

Við vorum að taka upp nýja sendingu af ilmstrám og ilmkertum frá Mysenso.




Íslensk hönnun

**RB rúm** | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á **facebook**

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað

# Taugasjúkdómur og heilaæxli höfðu mótandi áhrif

## ■ Lay Low vinnur að nýjum lögum ■ Feimin og óörugg sem unglingur

**Guðni Einarsson**
gudnieinarsson@dv.is



Hún var skírð Louise Elizabeth Ganeshalingam og endurnefnd Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir þegar hún var átta ára. Flestir Íslendingar þekkja hana einfaldlega undir listamannsnafninu Lay Low síðan árið 2006. Þá heillaði hún þjóðina upp úr skónum með einlægum og innilegum söng og hefur allar götur síðan fengist við tónlist. DV ræddi við Lay Low um ferilinn, veikindin, framtíðina og fleira.

> „Eini ferðafélagi sem ég hefði viljað sleppa var Nóró-veiki sem kom eitt sinn með í hljómsveitarrútu á tónleikaferð um Evrópu. Það var ekki gott.



MYND HANNA

### Kirkjustarfið kveikti áhugann

Lay Low er fædd árið 1982 í suðurhluta Lundúna þar sem foreldrar hennar kynntust. Þriggja ára flutti hún til Íslands með móður sinni sem kynntist öðrum manni. Settust þau að í Laugarneshverfinu og eignaðist Lay Low systkini, bæði í Reykjavík og Lundúnum. Hún segir:

„Ég var hress krakki en í kringum unglingsárin byrjaði eitthvert óöryggi og feimni að læðast að mér, sem margir kannast sjálfsagt við. Á þessum árum byrjaði ég í kirkjustarfi þar sem ég eignaðist frábæran vinahóp sem passaði upp á litla unglinginn. Þar var spilað í hljómsveit og brallað margt skemmtilegt og þá vaknaði þessi mikli tónlistaráhugi hjá mér. Ég lærði á píanó sem barn en út frá kirkjustarfinu fór ég að spila á bassa og spilaði aðallega á hann þar til að Lay Low-ferilinn byrjaði árið 2006.“

Lay Low gekk í Menntaskólann í Hamrahlíð og um tíma nam hún geislafræði í Háskóla Íslands. Á þeim tíma leit hún á tónlistina sem áhugamál frekar en framtíðarstarfsvettvang. Loks ákvað hún að hella sér út í tónlist af fullum krafti. Hún fór í Listaháskólann og lærði tónsmíðar og hóf að semja eigin verk. Hún lauk ekki námi en Lay Low og hljómsveitin Benny Crespo's Gang urðu til.

„Við spiluðum alveg gríðarlega mikið fyrstu árin. Vorum nálægt því að vera vikulega með gigg sem er ansi gott fyrir rokkband sem spilar aðeins á Íslandi. Þá fór ég að fá greitt fyrir gigg stundum, var boðuð í viðtöl eða myndatökur og sumir fóru að þekkja mig sem Lovísu úr Benny Crespo's Gang.“

### Berskjölduð og væmin á íslensku

Fyrsta plata Lay Low kom út árið 2006 og bar heitið Please Don't Hate Me. Lay Low segist þykja vænt um þá plötu þótt hún sé hrá og óritskoðuð. Allt fékk að flakka. Önnur platan, Farewell Good Night's Sleep var tekin upp í Lundúnum árið 2008. Sú þriðja, Brostinn strengur, var öll sungin á íslensku sem reyndist Lay Low nokkuð erfitt.

„Ég verð að viðurkenna að ég hef átt svolítið erfitt með að semja á íslensku. Ég veit ekki af hverju það er. Kannski finnst mér ég verða of berskjölduð og væmin á íslensku þar sem ég hef oft verið að skrifa frekar persónulega texta. Þá hefur verið fínt að fela sig á bak við enskuna. Á þessari plötu notaði ég mest ljóð frá öðrum konum og samdi lög við þau. Ég tengdi mikið við þessi ljóð og fann sjálfa mig í þeim.“

Síðasta stúdíóplatan kom út árið 2013, Talking About the Weather, en Lay Low hefur einnig gefið út tvær tónleikaplötur.

*Hvað hefur þú verið að bralla síðan þá?*

„Ég tók nokkrar tónleikaferðir erlendis til að fylgja þeirri plötu eftir. Árið 2015 kom einn lítill strákur í heiminn sem hefur verið aðaláhugamálið mitt undanfarin ár og kannski ein helsta ástæðan fyrir rólegheitunum hjá mér varðandi útgáfu og ferðalög. Við keyptum líka gamalt hús sem hefur þurft mikið viðhald. Þannig að það hefur farið dágóður tími í framkvæmdir í húsinu, að planta plöntum og njóta sveitasælunnar. Það hefur líka farið góður tími í að klára aðra breiðskífu frá Benny Crespo's Gang sem kom út fyrir nokkrum vikum og heitir Minor Mistakes.“

*Ertu að vinna að nýju efni?*

„Já, ég er núna að vinna í nýjum lögum og skoða ýmsa möguleika í hvert ég vilji fara með þau. Ég er mjög spennt að fara að taka þetta upp og leyfa fólki að heyra.“

### Taugasjúkdómurinn hafði áhrif

Lay Low glímdi við mjög erfið veikindi í kringum tvítugsaldurinn. Hún segir að sú reynsla hafi mótað hennar tónlistarferil hvað mest.

„Ég greindist með sjaldgæfan taugasjúkdóm í höfði. Eftir miklar vangaveltur um hvað væri að hrjá mig fannst einnig æxli í heila. Ég varð alveg afskaplega veik og hélt á tímapunkti að ég gæti ekki meira. Til allrar hamingju náði ég fullum bata eftir aðgerð þar sem æxlið var fjarlægt. Ég fékk annað tækifæri. Eftir það hef ég reglulega minnt mig á hvað hlutir eins og almenn heilsa eru ekki svo sjálfsagðir.“

Hún segir að vinsældirnar sem hún uppskar strax í byrjun ferilsins hafi komið henni virkilega á óvart. Hún hafði sjálf efasemdir um sönghæfileika sína og tónlistin var á jaðrinum.

„Ég var að vinna í Skífunni við Laugaveg þegar platan kom út. Ég sá það gerast fyrir framan mig að platan mjakaðist hægt og rólega upp metsölulistann og allt í einu voru sölutölurnar komnar svo langt langt fram úr þessum 100 eintökum sem ég var að vonast til að selja. Ég held að hún hafi verið fljót að detta í platínumsölu sem var um 10 þúsund eintök. Ég skil þetta ekki enn þá!“

*Hvað er erfiðast við að vera tónlistarmaður?*

„Ég var lengi vel að glíma við mikinn sviðsskrekk þegar ég var að byrja. Það var mjög erfitt og gat alveg skemmt fyrir mér heilu tónleikana og heilu tónleikaferðirnar. En með árunum og aldrinum hef ég náð tökum á þessu. Auðvitað kemur upp stress og óöryggi enn þá, en ég næ yfirleitt að kippa mér úr því ástandi og komast á betri stað. Ég get nú notið þess að spila fyrir aðra og vera til staðar.“

### Góðir og slæmir samferðamenn

Lay Low hefur fengist við ýmislegt annað á ferlinum. Samið tónlist fyrir leikrit, þætti og bíómyndir, sungið og spilað inn á verk annarra og í leikhúsi. Hún hefur unnið með fjölda tónlistarmanna svo sem Emilíönu Torrini og Pétri Ben og söng eftirminnilegan dúett með Ragga Bjarna.

„Ég er þakklát að hafa fengið að kynnast Ragga betur í gegnum þetta lag og hef sungið þetta með honum annað slagið í gegnum árin. Ég væri svo sannarlega til í að gera eitthvað meira með honum, hiklaust. Hann er einn af mínum uppáhalds.“

Varðandi samferðafólk bætir Lay Low við:

„Eini ferðafélagi sem ég hefði viljað sleppa var Nóró-veiki sem kom eitt sinn með í hljómsveitarrútu á tónleikaferð um Evrópu. Það var ekki gott.“

Lay Low heldur tónleika í Bæjarbíói þann 1. desember og Græna hattinum á Akureyri tæpri viku síðar. Tilefnið er að Brostinn strengur datt nýlega í gullplötu og var ákveðið að endurútgefa hana á vínyl.

„Þá gat ég ekki annað en nýtt tækifærið og hóað saman í band til að spila plötuna í heild sinni. Þetta er ein af mínum uppáhaldsplötum en ég hef ekki mikið spilað af henni nema þegar ég er með fullskipað band. Við tökum að sjálfsögðu þetta „gamla góða“ líka.“ ■






„EKKI HAFA ÞAÐ ÞURRT, HELDUR VEL SMURT“

ERT ÞÚ AÐ NOTA RÉTTA OLÍU Á BÍLINN ÞINN?

MANNOL FRAMLEIÐIR HÁGÆÐA OLÍUR Á ALLAR TEGUNDIR BÍLA EFTIR STÖÐLUM BÍLAFRAMLEIÐENDA.

automatic ... gengur vel

AUTOMATIC EHF | SMIÐJUVEGI 11, 200 KÓPAVOGI | SÍMI: 512 3030 | WWW.AUTOMATIC.IS | PANTANIR@AUTOMATIC.IS

## ER KOMINN TÍMI Á AÐ SKIPTA UM RAFGEYMI?

VELDU ÞÁ HÁGÆÐA RAFGEYMANA FRÁ INTACT ÞÝSKALANDI

intAct Battery-Power

MARGVERÐLAUNAÐIR RAFGEYMAR




Auto ZEITUNG

INTACT STARTGEYMARNIR VORU VALDIR BESTIR Í KÖNNUN ÞÝSKA BÍLATÍMARITSINS AUTO ZEITUNG



NÚ GETUR ÞÚ FYGLST MEÐ STÖÐUNNI Á RAFGEYMINUM Í SÍMANUM ÞÍNUM MEÐ BATTERY-GUARD FRÁ INTACT !

**ÞÚ FÆRÐ INTACT VÖRURNAR HJÁ:**

MÓTORSTILLING • BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS • BÍLMENN • BÍLVÍK • MÚLATINDUR SHELLSKÁLINN HVERAGERÐI • PARTS4U.IS • VOLVOVARAHLUTIR.IS • BÍLATORGIÐ AKUREYRI BAULAN • VÉLAVIT • EÐALBÍLAR • BIFREIÐAÞJÓNUSTA HARÐAR • BFO.IS • VÉLSMIÐJA ÍSAFJARÐAR

automatic ... gengur vel

AUTOMATIC EHF | SMIÐJUVEGI 11, 200 KÓPAVOGI | SÍMI: 512 3030 | WWW.AUTOMATIC.IS | PANTANIR@AUTOMATIC.IS

**STARFSMENN AUTOMATIC EHF ÓSKA LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á KOMANDI ÁRI. VIÐ ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA.**



automatic ... gengur vel

# Þegar íslenskt tónlistarfólk stal *jólalögunum*

## Ástin á Ítalíu, Sorgin er hvíldin frá gleðinni, Hverjir stálu jólalögunum?

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Hvað væru jólin án jólatónlistarinnar? Sumir myndu eflaust segja að heimurinn væri betur settur, ekki síður þegar mörg þeirra fara í spilun fyrr en margir kæra sig um. Því verður aftur á móti ekki neitað að jólaslagarar tilheyra mikilvægum þætti stemningarinnar.

Það vekur að vísu athygli hversu óvenju mörg vinsæl íslensk jólalög reynast vera endurvinnsla á ítölskum poppslögurum sem upprunalega hafa lítið eða ekkert með jólin að gera. Flestir íslensku textarnir eru eftir Jónas Friðrik Guðnason eða Þorstein Eggertsson.

Kíkjum á sex skrautleg dæmi um stolin jólalög og hvað upprunalegi texti slagaranna fjallar um.



### Úr stormi svartsýninnar í tilhlökkun

„Ég hlakka svo til“ er endurgerð á ítalska laginu „Dopo La Tempesta“ með Marcellu Bella. Svala Björgvinsdóttir flutti lagið í undankeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva á Ítalíu árið 1988 en komst ekki alla leið. Hins vegar er ekkert jólalegt né sérstaklega rómantískt við upprunalegu þýðingu lagsins sem á frummálinu heitir „Lognið á eftir storminum“. Lagið byggir á frægu ljóði eftir Giacomo Leopardi og fjallar í hnotskurn um sársaukann í allri sinni dýrð. Samkvæmt textanum er sorgin aðeins pásan frá gleðinni, frekar en öfugt. Ekki alveg eitthvað sem kallar eftir hátíðarskapi, en að minnsta kosti er melódían í lagi.



### Ef ég ræni?

Það er öruggt að fullyrða að Helgi Björns er í sínum betri gír þegar kemur að jólalaginu „Ef ég nenni“. Textinn er þýðing Jónasar Friðriks og fjallar um mann sem hefur ekki efni á neinu en vill gefa ástinni sinni allt. Að mati flestra er um að ræða hátíðlegt og notalegt lag sem fær öfluga útvarpsspilun á hverju ári. Hins vegar á lagið rætur sínar að rekja til rómantískrar ástarballöðu með ítalska rokksöngvaranum Zucchero. Lagið nefnist „Cosi celeste“ sem mætti beinþýða sem „Hinn himneski“. Lögin eiga því ýmislegt sameiginlegt í texta og komu meira að segja bæði út árið 1995.



### Svona er ástin

Talandi um Sanremo-tónlistarhátíðina, þá var lagið „Quanto ti amo“ framlag poppsveitarinnar I Collage árið 1984. Í íslenskri þýðingu Þorsteins Eggertssonar gengur það undir heitinu „Svona eru jólin“. Við Íslendingar tengjum textann við úttekt á hefðum og skemmtilegheitum þessara þrettán jóladaga, en á ítölsku er ástin í forgrunni, eins og gengur oft á gerist hjá þeirri þjóð. Quanto ti amo spyr ýmissa spurninga eins og hvernig sé best hægt að tjá ást sína, sem og um mikilvægi ástarkvalarinnar og mismunandi leiðir til þess að tjá þessa funheitu tilfinningu. Það er nú eitthvað jólalegt við það.



### Það sem ég vil ert þú

Það er erfitt að syngja ekki viðlagið í huganum þegar „Þú komst með jólin til mín“ er komið á fóninn. Hins vegar kremur það eflaust hjörtu einhverra að lagið kemur upphaflega frá (en ekki hvað?) Ítalíu. Lagið tilheyrir þeirri merku hefð að snúast um ástina og allt sem flytjendur eru reiðubúnir til þess að leggja á sig fyrir hana. Að vísu er örlítill jólabragur á frumlaginu sem samsvarar skemmtilega textanum „ég vil eyða jólum með þér, með þér.“ Heitið á ítalska laginu „Chi voglio sei tu“ má gróflega þýða sem „Það sem ég vil, ert þú.“ Þess vegna er kjörið að taka einsöng fyrir ástina á hátíðartímum og notast við frumtextann. Það verður erfitt að toppa þá rómantík.



### Þú, ég og fólk eins og við

Ljóst er að árið 1995 var gott ár til þess að hnupla jólalegum melódíum. Á því ári gaf ítalska söngkonan Ivana Spagna út lagið „Gente Come noi“ eða „Fólk eins og við“, en Íslendingar kannast við það undir heitinu „Þú og ég og jól“. Upprunalega lagið á rætur sínar að rekja til Spánar. Lagið einblínir á fordóma en þó laumast vonin inn í gegnum hjartnæman texta. Gente Come noi var framlag söngkonunnar á Sanremo-tónlistarhátíðinni árið 1995.



### Sjóaðir á jólum

Poppsveitin Ricchi e Poveri sendi frá sér lagið „Gente di Mare“ árið 1987 við góðar undirtektir. Félagarnir Umberto Tozzi og Raf skipuðu sveitina og tóku þátt í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva og enduðu í þriðja sæti. Lagið er ballaða í blússtíl og lýsa söngvararnir fólki á sjó og kostum þess að vera þar. Á frummálinu er talað um fólk á sléttu sem „fanga borgarbyggðar“ og táknar sjórinn það frelsi sem fólk finnur fyrir þegar það snýr baki við þéttbýli. Í íslenskri dægurmenningu er að sjálfsögðu ekkert verið að flækja hlutina og þekkjum við þetta lag sem einfaldlega „Komdu um jólin.“




SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN
Gefðu áskrift í jólagjöf
Hjónin Auður I. Ottesen og Páll Jökull Pétursson fagna útgáfu hundraðasta tölublaðs Sumarhússins og garðsins. Þeim er efst í huga þakklæti til þeirra sem hafa komið að útgáfunni í þau 25 ár sem þau hafa gefið út blaðið, samstarfsfólki, viðskiptavinum og fjölmennum hópi lesenda. Í hverri viku bætast við nýjir áskrifendur og eru þeir hjartanlega velkomnir í hópinn.
SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN
Fæst á öllum helstu blaðsölustöðum um land allt
Áskriftarsími 578 4800 · www.rit.is

DV 23. nóvember 2018
45. tölublað | 108. árgangur | Leiðbeinandi verð 995 kr.
dv.is/frettaskot | askrift@dv.is | Sími 512 7000
5 690710 111124



# Lítt þekkt ættartengsl

## Athafnamaðurinn og sjónvarpsstjórinn

Í vikunni bárust fregnir af því að veitingastaðurinn Þrastalundur í Grímsnesi væri til leigu eins og hann leggur sig. Veitingamaðurinn Sverrir Einar Eiríksson hefur átt og rekið staðinn síðastliðin ár og hefur Þrastalundur sérstaklega vakið athygli fyrir vel úti látinn bröns og sveiflukennt verð á ýmsum vörum. Sverrir Einar hefur komið víða við en hann hefur meðal annars selt gull, Herbalife og pítsur auk þess að koma með frumlegar lausnir á húsnæðisvanda fjölda fólks. Faðir Sverris Einars er Eiríkur Sigurbjörnsson, sjónvarpsstjóri Omega, sem hefur básúnað kristilegan boðskap yfir Íslendinga um árabil.



# Hart barist um hlaupbangsa Sólveigar

Listakonan Sólveig Einarsdóttir gegndi lykilhlutverki í nýjasta þætti í bresku útgáfunni af The Apprentice, sem sýndur var í Bretlandi síðasta miðvikudagskvöld. Í þættinum kepptust tvö lið um að selja eins mikið af listaverkum og þau gátu í höfuðborg Skotlands, Glasgow.

Liðin gátu valið á milli þriggja listamanna til að selja list fyrir og var einn af þeim hin íslenska Sólveig Einarsdóttir. Það má með sanni segja að skúlptúrar Sólveigar séu einstakir en meðal verka sem hún vildi að keppendur seldu fyrir sig var verk úr gúmmíböngsum þar sem hún var búin að skrifa Home Sweet Home, eða Heima er best, úr hlaupinu.

Svo fór að eitt liðið tók að sér að selja verk Sólveigar, en hart var barist um fyrrnefnt gúmmílistaverk. Vakti það svo mikla athygli að tveir kaupendur vildu verkið. Íslendingurinn færði liðinu þó ekki sykursæta heppni því svo fór að það tapaði.




# Inga Sæland heldur nokkra hunda þrátt fyrir strangt bann

Inga Sæland, alþingiskona og formaður Flokk fólksins, heldur að minnsta kosti þrjá hunda í íbúð sem hún leigir af Brynju – hússjóði Öryrkjabandalagsins. Margítrekað er á heimasíðu sjóðsins að stranglega bannað sé að halda gæludýr í íbúðunum og einnig er tekið fram að heimsóknir gæludýra séu með öllu bannaðar. Inga hefur leigt íbúðina síðan árið 2011 en árið 2015 ítrekaði framkvæmdastjóri Brynju í bréfi til allra leigjenda að gæludýraeign væri með öllu óheimil. Hart er tekið á sumum leigjendum vegna bannsins en fyrir síðustu jól greindi Fréttablaðið frá því að öryrkja sem hélt hund í íbúð í Hátúni hefði verið sagt upp leigusamningi sínum og gert að yfirgefa íbúðina.

Gæludýrahald Ingu er aðeins ein af mörgum reglum og skilyrðum fyrir leigu hjá Brynju sem alþingiskonan uppfyllir ekki. Árstekjur einstaklinga sem leigja hjá hússjóðnum verða að vera undir 5,1 milljón króna en tekjur Ingu eru ríflega 20 milljónir króna á sama tímabili. Þá geta fasteignaeigendur ekki leigt íbúðir hjá hússjóðnum en í vikunni greindi DV frá því að Inga hefði fjárfest í einbýlishúsi á Ólafsfirði. Gríðarlegt eftirspurn er eftir íbúðum hjá Brynju og geta öryrkjar gert ráð fyrir því að bíða í meira en fjögur ár eftir að fá úthlutað íbúð. Yfir sex hundruð manns eru á biðlista eftir húsaskjóli og hefur hússjóðurinn brugðið á það ráð að loka fyrir umsóknir um eignir. Inga hefur réttlætt veru sína í íbúðinni með því að benda á að atvinna hennar sé ótrygg og hefur kallað fréttaflutning af stöðu hennar „viðbjóð“. ■


Hundurinn Lopi er einn af hundum Ingu




Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is
dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018
dk hugbúnaður